**MARGRÉT STEFÁNSDÓTTIR**

*Heldur upp á sveins-stykki móðurafa síns*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HÍBÝLI OG VIÐHALD**

*Feng shui, húsráð og öðruvísi hönnun*

Sérblað um híbýli og viðhald

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**



**PÁLL FINNSSON**

*Stórt nafn í áströlskum fótbolta í mörg ár*

Varð nýverið Frakklandsmeistari

**FÓLK 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. nóvember 2009 — 259. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Kanónur

Umfjöllun um Svörtuloft Arnalds og Fjölskylduna í Borgarleikhúsinu.

MENNING 21

### Enduruppgötvaði Szymanowski á Youtube

Alina Dubik óperusöngkona flytur verk eftir pólsk tónskáld á tónleikum í kvöld.

TÍMAMÓT 16

### Sæddu belju

Sveppi og Auddi fengu að kynnast lífinu í sveitinni.

FÓLK 30



### Hasar í körfunni í gær



Njarðvík og Stjarnan áfram á sigurbraut í Iceland Express-deild karla í körfubolta.

ÍÞRÓTTIR 24

### VEÐRIÐ Í DAG




**Bjart norðaustan til** Í dag verða suðaustan 10-15 m/s suðvestanlands en hægari austlægari áttir annars staðar. Rigning sunnanlands og rigning eða slydda vestan til er líður á daginn.

VEÐUR 4

# Evrópska lánið til Orkuveitunnar klárt

**Evrópski fjárfestingarbankinn hefur samþykkt lánveitingu til Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið þarf að samþykkja skilyrði. Líklega skrifað undir í vikunni. Í kjölfarið er búist við að fjármögnun Hverahlíðarvirkjunar verði tryggð.**

**VIÐSKIPTI** Evrópski fjárfestingarbankinn hefur samþykkt 30 milljarða króna lán til Orkuveitu Reykjavíkur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Samningar bárust fyrirtækinu á föstudag og verið er að fara yfir skilmála sem settir eru fyrir lánveitingunni. Sætti fyrirtækið sig við þá verður væntanlega skrifað undir samninga í vikunni, samkvæmt heimildum blaðsins.

Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, vildi ekki staðfesta þetta við Fréttablaðið. Hann sagði lykilatriði fyrir frekari fjármögnun að fá lánið hjá Evrópska fjárfestingarbankanum. Sá banki væri með góða áhættustýringu og lán þaðan væri gæðastimpill sem myndi liðka fyrir öðrum lánum.

Um 30 milljarða lán er að ræða og Guðlaugur segir helming þess verða notaðan til að ljúka framkvæmdum við Hellisheiðarvirkjun. Þróunarbanki Evrópu hefur einnig samþykkt lánveitingu til þeirrar framkvæmdar. Helmingur lánsins verður nýttur í Hverahlíðarvirkjun. Guðlaugur segir að þegar lánið fáist í gegn reikni hann með að Þróunarbankinn láni það sem vantar upp á til að hægt verði að ljúka þeirri framkvæmd.

Orkuveitan hefur staðið í framkvæmdum fyrir 16 milljarða króna á þessu ári; við Hellisheiðarvirkjun og veitukerfi á Akranesi. Þær hafa að hluta til verið fjármagnaðar með skammtímalánum og Guðlaugur segir að nái lánin í gegn verði skammtímalánin greidd upp. Þótt fyrirtækið verði orðið nokkuð skuldsett batni staða þess þar sem langtímalánin séu mun hagstæðari.

Eigið fé Orkuveitunnar er á milli 15 og 16 prósent og hefur hríðfallið; úr 109 milljörðum árið 2007 í tæpa 40 milljarða 2009.

**- kóp** / **Sjá síðu 8**



**HAUSTÆFINGAR Á NESINU** Þótt komin sé nóvember eru kylfingar enn að leika golf víða um land. Á Nesvellinum var það stutta spilið sem var æft af kappi enda ekki nóg að slá bara langt ef ná á árangri í þessari fallegu íþrótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skrifað verður undir samkomulag um fjármögnun Landspítala á miðvikudag:

# Lífeyrissjóðir semja um nýbyggingar

**EFNAHAGSMÁL** Fulltrúar lífeyrissjóða, Landspítalans og heilbrigðis- og fjármálaráðuneyta munu á miðvikudag skrifa undir samning um fjármögnun nýbygginga Landspítalans við Hringbraut. Reiknað er með að heildarkostnaður verkefnisins verði um 30 milljarðar króna. Fjármögnun verksins verður boðin út. Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að hönnun og teiknivinna hefjist á næsta ári og framkvæmdir árið 2011. Um er að ræða langstærsta einstaka verkefnið sem reiknað er með að sjóðirnir komi að.

Þá hefur verið unnið að stofnun fjárfestingarsjóðs lífeyrissjóðanna. Stofnfundardagur verður eftir 20. nóvember og sjóðurinn hefur fengið vinnuheitið Framtakssjóður Íslands. Óljóst er hve hátt stofnfé verður, en Arnar segir að á næstu fjórum árum leggi lífeyrissjóðirnir samanlagt um 100 milljarða í verkefni og sé Framtakssjóðurinn þar inn í. **- kóp**



**BARACK OBAMA** Forseti Bandaríkjanna hefur tilkynnt að fólk með HIV megi koma til landsins á ný.

Forsetinn aflettir banni:

# Fólk með HIV til Bandaríkja

**BANDARÍKIN** Bandaríkjastjórn hyggst leyfa fólki með HIV-veiruna að koma inn í landið á ný. Síðustu 22 árin hefur HIV-smituðum einstaklingum ekki verið leyft að ferðast til Bandaríkjanna.

Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynnti um þetta um leið og hann kynnti aukna fjárveitingu til heilbrigðismála tengdum HIV og alnæmi. Hann sagði Bandaríkin vera leiðandi í baráttunni gegn alnæmi og þyrftu að haga sér í samræmi við það.

Bandaríkin eru meðal örfárra ríkja þar sem bann við HIV-smituðum einstaklingum er í gildi. **- þeb**

Sex lík fundust í húsi:

# Nauðgari líka fjöldamorðingi

**BANDARÍKIN, AP** **Lík sex kvenna hafa fundist í húsi dæmds nauðgara í Cleveland í Bandaríkjunum.**

**Maðurinn var handtekinn í síðustu viku fyrir nauðgun. Hann hefur áður verið dæmdur fyrir nauðgun og var fimmtán ár í fangelsi, fram til ársins 2005. Líkin fundust við húsleit eftir handtökuna. Þau eru illa farin og misgömul. Unnið er nú að því að bera kennsl á konurnar, meðal annars með því að fara í gegnum skrár um allar konur sem horfið hafa frá því maðurinn kom úr fangelsi. Komið hefur í ljós að fjórar þeirra voru kyrktar, en ekki hefur verið hægt að greina hvernig hinar tvær létust.** **- þeb**





Fréttablaðið er með 106% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.






**SPURNING DAGSINS**



*Gylfi, var þetta lán í óláni?*

„Já, þetta var lán í óláni. Þú botnaðir þetta fyrir mig.“

Gylfi Ægisson segir frá 5.000 króna láni sem hann fékk frá Kristjáni Eldjárn, fyrrverandi forseta, í væntanlegri ævisögu. Gylfi greiddi lánið til baka þegar hann var orðinn edrú nokkrum árum síðar og gaf forsetanum og hans frú tvö málverk.

Aldrei fleiri með svínaflensu á Landspítalanum:

# Flensan gæti enn átt eftir að versna

**HEILBRIGÐISMÁL** Aldrei hafa fleiri sjúklingar legið á Landspítalnum með svínaflensu. Þar liggja nú 45 sjúklingar með flesuna, þar af ellefu á gjörgæsludeild. Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir að hann eigi von á því að í vikunni komi í ljós hvort flensan eigi enn eftir að versna eða hvort nú muni loks fara draga úr henni. Svo gæti farið að um 100 manns til viðbótar þyrftu að leggjast inn. Þar með gætu sjúklingar á gjörgæsludeild orðið allt að þrjátíu talsins en að jafnaði hefur fólk, þungt haldið af svínaflensu, þurft að dvelja þar í þrjá til fjórar vikur. Spítalann segir hann þó geta annað slíku álagi.



BJÖRN ZOËGA

Spurður um hvort einhver sjúklinganna sé í lífshættu svarar hann að erfitt sé að segja til um slíkt en ástand sjúklingana á gjörgæslu sé vissulega alvarlegt. Spítalinn verður áfram hafður á virkjunarstigi.

Telja má að aðeins eitt prósent þeirra sem smitast af flensunni leiti sér aðstoðar á heilbrigðisstofnun og má því ætla að fjöldi þeirra sem fengið hafa flensuna sé miklu meiri en staðfestar tölur segja til um.

Svínaflensan virðist leggjast þyngra á Íslendinga en nágrannaþjóðirnar en Björn segir skýringuna á því ef til vill vera þá að flensan hér hafi verið fyrr á ferðinni. **- kdk**



**BÓLUSETTIR HEILBRIGÐISSTARFSMENN** Útlit fyrir að almenn bólusetning við inflúensunni geti hafist í síðari hluta nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hrekkjavaka í Skotlandi:

## Kveikt í manni í kindarbúningi

**BRETLAND 24 ára gamall maður í Skotlandi brenndist illa á höndum og fótum eftir að kveikt var í honum í lest á laugardag.**

**Maðurinn var á leið heim af knattspyrnuleik þegar atvikið varð. Hann er stuðningsmaður Aberdeen og þónokkur fjöldi stuðningsmannanna klæddist kindabúningum á laugardag. Í lestinni var kveikt í búningnum og maðurinn hljóp alelda um lestina. Aðrir farþegar helltu bjór á hann til að slökkva eldinn. Lestin var svo stöðvuð til að hægt væri að huga að manninum. 23 ára gamall maður hefur verið handtekinn grunaður um íkveikjuna. - þeb**

Hluti úr kletti féll á strönd:

## Tveir látnir á Tenerife

**SPÁNN, AP** Tvær konur létu lífið þegar skriða féll á eyjuna Tenerife á Kanaríeyjum í gærdag. Óttast er að tveir til viðbótar hafi grafist undir henni.

Stór hluti úr kletti brotnaði og féll á litla strönd á vesturhluta eyjunnar. Ströndin heitir Playa de los Gigantes og er vinsæll áfangastaður ferðamanna frá Norður-Evrópu. Gott veður var í gær og fjölmenni var á ströndinni. Um 150 björgunarmenn vinna nú á staðnum. Tvö lík hafa fundist, annars vegar af konu sem talin er vera heimamaður, og hins vegar af breskri konu sem var í fríi með fjölskyldu sinni. **þeb**

**GUANTANAMO**

### Fangar bólusettir

Meintum hryðjuverkamönnum sem dúsa í Guantanamo Bay-fangelsinu býðst að verða bólusettir gegn svínaflensu á næstunni. Verður það gert þrátt fyrir gagnrýnisraddir í Bandaríkjunum.

# Leita læknis eftir neyslu orkudrykkja

**Nýr orkudrykkur í litlum umbúðum með miklum styrk örvandi efna frá Vífilfelli þykir varasamur. Dæmi eru um að fólk, sérstaklega ungmenni, hafi þurft á læknisaðstoð að halda eftir að hafa drukkið of mikið magn af honum í gáleysi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Töluvert er um að fólk leiti sér læknisaðstoðar eftir að hafa drukkið svokallaða orkudrykki. Þetta segir Ófeigur T. Þorgeirsson, yfirlæknir á slysa- og bráðasviði. Hann segir nauðsynlegt að fólk lesi innihaldslýsingar og virði ráðlagðan hámarksskammt. „Þetta eru mjög varasamir drykkir í of miklu og of hröðu magni,“ segir Ófeigur um orkudrykki almennt.

Ákveðið var fyrir skömmu að banna neyslu orkudrykkja í félagsmiðstöðvum Kópavogs eftir að ungmenni höfðu gert sér að leik að fá sér marga í einu.

Segir Arna Margrét Erlingsdóttir, verkefnisstjóri tómstundamála í Kópavogi, að sérstaklega séu lítil skot sem nýlega komu á markað varasöm. Þau er auðvelt að innbyrða hratt og í miklum mæli og geta afleiðingarnar orðið alvarlegar eftir því. Orkudrykkurinn sem rætt er um er svonefnt Burn orkuskot en í innihaldslýsingu frá Vífilfelli segir: „Getur innihaldið snefil af hnetum og jarðhnetum. Eitt skot (50 ml) á dag. Neysla má ekki fara yfir dagskammtinn. Geymist þar sem börn ná ekki til. Þessi vara er ekki fyrir börn undir 14 ára aldri, barnshafandi konur og persónur sem eru viðkvæmar fyrir koffeini. Notið ekki sem valkost á móti fjölbreyttu fæði. Blandið ekki saman við áfengi.“

Arna segir að komið hafi fyrir að krakkarnir hafi jafnvel drukkið þrjú svona glös á skömmum tíma. Ungmenni átti sig oft ekki á mikilvægi þess að kanna innihald og ráðlagðan dagskammt og haldi að þau verði uppfull af orku við að drekka mikið magn. Þau komist þó oft síðar að því að mikil vanlíðan er fylgifiskur ofskömmtunar.

Meðal einkenna sem fólk kvartar yfir þegar það leitar sér aðstoðar hjá lækni vegna orkudrykkja segir Ófeigur vera: Hraður hjartsláttur, almenn vanlíðan, sviti, höfuðverkur og svo hár blóðþrýstingur, þótt fólk finni oftast ekki fyrir síðastnefnda einkenninu þá sé hár blóðþrýstingur óneitanlega algengur fylgikvilli orkudrykkjaþambs.

Arna hefur sent bréf til allra foreldra 13 til 16 ára ungmenna vegna málsins og hvetur starfsmenn félagsmiðstöðva og foreldra alla til að hafa vakandi auga með þessu og ræða við unglingana um afleiðingar af ofneyslu þessara drykkja. **karen@frettabladid.is**




**LÍTIL, HANDHÆG OG VARASÖM** Litlu orkuskotin af Burn er auðvelt að innbyrða en styrkur örvandi efna í þeim er mikill og því varasamt að drekka of mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þetta eru mjög varasamir drykkir í of miklu magni og of hröðu magni.



**ÓFEIGUR T. ÞORGEIRSSON**
YFIRLÆKNIR Á SLYSA- OG BRÁÐASVIÐI



**VILL HÓTEL** Þyrping hefur sótt um leyfi til að breyta hæsta turninum við Skúlagötu í hótel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þyrping sækir um leyfi:

## Vill breyta turni í hótel

**REYKJAVÍK** Þyrping hefur sótt um leyfi til að fá að breyta einum íbúðaturni í Skuggahverfi í hótel. Það mundi rúma allt að 160 herbergi. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Þar var rætt við forstjóra Þyrpingar, Odd Víðisson, sem segir hótelrekanda mjög áhugasaman um að koma upp hóteli í hæsta turninum við Skúlagötu. Þyrping hefur sótt um leyfi til breytinganna hjá skipulagsyfirvöldum í Reykjavík, en engin svör fengið. Oddur vísar til þess að í nágrenninu sé verið að undirbúa 400 herbergja hótel tengt Austurhafnarverkefninu, en ríkisvaldið og Reykjavíkurborg standa að því. Þyrping vilji leyfi til sama reksturs. **- kóp**

Stimpingar á Selfossi:

## Henti glasi í höfuð lögreglu

**LÖGREGLUFRÉTTIR Stúlka kastaði glasi í höfuð lögreglumanns á Selfossi í fyrrinótt. Lögreglumaðurinn var við störf fyrir utan 800 Bar á Selfossi og var árásin með öllu tilefnislaus.**

**Lögregluþjónninn fékk kúlu á höfuðið og mar en stúlkan var látin sofa úr sér í fangageymslu.**

**Sömu nótt velti maður bíl sínum í bænum og lítur út fyrir að tildrög þess hafi verið að bílstjórinn hafi verið að leika sér að því að spóla í hringi. - kdk**



FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.
**Tryggðu þér eintak í tíma.**

CRYMOGEA
–fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea

Jón Þórðarson, landeigandi við Tálkna, er ósáttur við aðfarir smalamanna:

# Smalar í Tálkna hugsanlega kærðir

**LANDBÚNAÐUR** Jón Þórðarson, landeigandi að Suðureyri í Tálknafirði, hefur afturkallað leyfi til smölunar á villifé í fjallinu Tálkna. Segir hann að leyfið hafi hann gefið með þeim fyrirvara að féð yrði ekki rekið fram af björgum eða í sjó fram líkt og hafi gerst við smölun í kringum árið 2004 og tekið fram að annars myndi hann kæra aðfarirnar yrði slíkt endurtekið. „Ég tók það fram að ef sama framferði yrði sýnt yrðu menn kærðir, bæði þeir sem stæðu að málinu og þeir sem framkvæmdu.“

Jón segir að hann geti ekki séð að staðið hafi verið við samninginn eftir að hafa skoðað upptökur RÚV frá smöluninni. Hann ætlar að kalla eftir skýrslu um málið og útskýringum á því hvar leiðigirðingar hafi verið settar upp.

„Það hefur oft verið grisjað úr þessum stofni en misjafnar aðferðir hafðar á við það,“ segir Jón og nefnir að á seinni part níunda áratugarins hafi Landhelgisgæslan og víkingasveitin skotið á féð úr þyrlu. Skotin hafi orðið til þess að féð fældist og hljóp fram af björgum og út í sjó. Árið 2000 hafi svo verið grisjað úr stofninum af skynsemi og með vel úthugsuðum leiðigirðingum sem notaðar eru til að beina fénu á réttar brautir. Reyndar hafi ástæðan fyrir því að ráðist var í smölun verið sú að talið var að riða væri í fénu, síðar hafi komið í ljós að svo var ekki. Riða hafi aldrei mælst í þessum fjárstofni. **- kdk**



**SAUÐFÉ Á BEIT** Leyfi til smölunar á Tálkna hefur verið afturkallað.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Þú getur lækkað höfuðstólinn á verðtryggðu húsnæðisláni




## Við færum höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána niður um 10%

**Með skilmálabreytingu hjá Íslandsbanka býðst viðskiptavinum að lækka höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána og breyta þeim í óverðtryggð lán í íslenskum krónum.**

**Hvernig lækkar höfuðstóllinn og hversu mikið?**
Lækkunin verður um það bil 10% á stöðu höfuðstóls 1. nóvember næstkomandi. Sjá dæmi á mynd A.

**Hvað verður um lánið mitt?**
Lánið breytist í óverðtryggt húsnæðislán með 25 eða 40 ára lánstíma.

**Hverjir verða vextirnir?**
Hægt verður að velja á milli breytilegra og fastra vaxta. Breytilegir vextir í dag skv. vaxtatöflu eru 9,5%. Boðið verður upp á stiglækkandi afslátt frá þeim. Miðað við óbreytt vaxtastig þá yrðu vextir fyrsta árið 7,5% sem er vaxtaafsláttur upp á 2 prósentustig. Einnig er boðið upp á fasta vexti til þriggja ára sem í dag eru 9,0% að teknu tilliti til afsláttar.

**Get ég lækkað greiðslubyrðina á láninu mínu?**
Já, hægt er að sækja um greiðslujöfnun á óverðtryggða láninu í þrjú ár, sem í flestum tilfellum lækkar greiðslubyrði lánsins umtalsvert. Að þremur árum liðnum hefur viðskiptavinur val um hvort haldið sé áfram í greiðslujöfnun eða ekki. Dæmi um lækkun á greiðslubyrði má sjá á mynd B.

**Hversu mikið lengist lánið í greiðslujöfnun?**
Það er óvíst en greiðslujöfnun ofan á höfuðstólsleiðréttingu hefur ekki þak á lengingu lánstíma.

**Hvenær get ég sótt um höfuðstólsleiðréttingu?**
Byrjað verður að taka á móti umsóknum 6. nóvember 2009 og verður hægt að sækja um til og með 18. desember 2009.

**Hverjir geta sótt um?**
Allir viðskiptavinir Íslandsbanka með verðtryggð húsnæðislán sem voru tekin fyrir 15. október 2008. Lánið þarf að vera í skilum.

**Hentar þessi lausn öllum?**
Nei, hver og einn þarf að vega og meta kosti og galla þess að breyta láni sínu með þessum hætti. Þessi lausn hentar sumum betur en öðrum en einna helst þeim sem hyggjast selja eign sína eða greiða upp húsnæðislán sitt á næstu misserum.

**Mun þetta kosta viðskiptavini eitthvað?**
Skilmálabreyting kostar kr. 5.500 auk þinglýsingargjalds en lántöku- og stimpilkostnaður er enginn.

**Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér þá kosti sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.**

**Reiknivél, dæmi og ítarlegri upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is**







* m.v. 20.000.000 kr. lán til 40 ára

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## GENGIÐ 30.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,01 | 124,61 |
| Sterlingspund | 205,02 | 206,02 |
| Evra | 184,03 | 185,05 |
| Dönsk króna | 24,722 | 24,866 |
| Norsk króna | 22,015 | 22,145 |
| Sænsk króna | 17,737 | 17,841 |
| Japanskt jen | 1,3633 | 1,3713 |
| SDR | 197,35 | 198,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,0451

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingflokksformaður ekki hissa og býst við farsælum lyktum á Alþingi:

# Lilja mun ekki styðja Icesave

**EFNAHAGSMÁL** Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna, mun ekki styðja frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave. Hún lýsti því yfir í Silfri Egils í gær. Hún hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hún situr hjá eða greiðir atkvæði gegn málinu.

Lilja segist draga í efa að Íslendingar geti staðið undir þeim skuldbindingum sem á þá eru settar, til dæmis með Icesave-samningunum. Hún sé ekki andsnúin samningum um málið, en telji núverandi samninga Íslendingum ekki nógu hagstæða. Þeir hafi þó batnað til muna með þeim fyrirvörum sem Alþingi setti í sumar.



**ÓSÁTT** Lilja óttast að landið standi ekki undir skuldbindingum og vill betri samninga um Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lilja gagnrýnir mjög að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi ekki birt skuldaþolsútreikninga sína. Sérkennilegt sé að í nóvember í fyrra hafi sjóðurinn sagt að skuldahlutfall yfir 240 prósent af vergri landsframleiðslu væri óbærilegt. Nú segði sjóðurinn landið standa undir 310 prósent hlutfalli, en birti ekki útreikninga þar um.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, segir afstöðu Lilju ekki koma sér á óvart. Sjálf sé hún bjartsýn á farsæla lausn málsins. „Nú er komið að þeim tímapunkti að við erum búin að tefla úr mjög þröngri stöðu og eigum að ljúka málinu. Ef á að leysa málið á að gera það núna.“ - kóp

Hagsmunasamtökin:

# Borgarafundur í Iðnó í kvöld

**FÓLK Hagsmunasamtök heimilanna efna til borgarafundar í Iðnó klukkan átta í kvöld. Yfirskrift fundarins er: Aðgerðir stjórnvalda, bjargráð eða bjarnargreiði?**

**Framsöguerindi flytja þeir Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra, Marinó G. Njálsson, stjórnarmaður í samtökunum, Jóhann G. Jóhannsson og Theódór Norðkvist. Að loknum framsögum verða pallborðsumræður með þátttöku þingmanna úr öllum flokkum, auk framsögumanna. Öllum ráðherrum og þingmönnum hefur verið sérstaklega boðið á fundinn, en fundarstjóri verður Vilhjálmur Árnason.** - kóp



**SEÐLABANKASTJÓRI** Seðlabankinn hefur stigið fyrsta skref í afnámi gjaldeyrishafta. Már Guðmundsson er seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákvörðun Seðlabankans:

# Fyrsta skref í afnámi hafta

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn hefur heimilað innstreymi erlends gjaldeyris til nýfjárfestinga og útstreymi gjaldeyris sem af því kann að leiða í framtíðinni. Með þessu er fyrsta skrefið stigið í afnámi gjaldeyrishafta, að því er segir á heimasíðu bankans.

Gjaldeyrisinnstreymi verður breytt í krónur undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Skrá verður nýfjárfestinguna hjá Seðlabankanum til að heimilt verði að flytja fjármunina aftur úr landi. Þá hefur bankinn breytt gjaldeyrisreglum með það að markmiði að draga úr misræmi og loka glufum sem notaðar hafa verið til að fara í kringum höftin. - kóp

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sóttur af þyrlu eftir bílveltu

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti í gær slasaðan ökumann sem hafði velt bíl sínum á Holtavörðuheiði. Ökumaðurinn er mikið slasaður. Hann var einn í bílnum.

# Fluke Finance greiðir 528 milljónir í skatt

**Fluke Finance er verðbréfafyrirtæki í eigu Bandaríkjamanna, skráð á Íslandi og greiðir áttundu hæstu skatta allra lögaðila á landinu í ár.**

**SKATTAR.** Fluke Finance Co ehf., verðbréfafyrirtæki í eigu Bandaríkjamanna, greiðir 528 milljónir í opinber gjöld til íslenska ríkisins á þessu ári. Félagið greiðir áttundu hæstu opinber gjöld allra lögaðila á Íslandi í ár og er þriðji hæsti gjaldandi tekjuskatta og fjármagnstekjuskatta í Reykjavík.

Stjórnarmenn og prókúruhafar Fluke Finance eru Bandaríkjamenn, það hefur engan skráðan framkvæmdastjóra, er með tæplega 70 milljarða króna hlutafé, er ekki skráð fyrir síma og er með lögheimili en engar skrifstofur á Stórhöfða 23. Þar var ráðgjafar- og endurskoðunarfyrirtækið Deloitte til húsa þegar fyrirtækið, sem nú heitir Fluke Finance, var stofnað undir nafninu Rauðagil.

„Eins og hjá öðrum endurskoðunar- og lögmannsstofum tíðkaðist þar að eiga nokkur félög á lager,“ segir Björgvin Narfi Ásgeirsson, skráður stofnandi Fluke Finance. Hann starfaði hjá Deloitte á árinu 2006 og segist ekkert þekkja til þeirra aðila sem síðar keyptu félagið af Deloitte.

Í desember 2006, tæpum mánuði eftir stofnun, tóku sæti í stjórn Fluke Finance þeir Frank Talbot Mc Faden, stjórnarmaður og James Howard Ditkoff, varastjórnarmaður. Hvorugur þeirra hefur haft lögheimili á Íslandi, fremur en prókúruhafinn, Christopher Alan Hayes.

Fluke Finance hefur ekki skilað ársreikningum fyrir árin 2007 og 2008. Samkvæmt hlutafélagaskrá er skráð hlutafé fyrirtækisins 375.414.415 evrur, eða um það bil 70 milljarðar króna.

Skráður tilgangur félagsins er: „Kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.“

Fluke Finance er að öllu leyti í eigu bandaríska fyrirtækisins Fluke International Corporation, samkvæmt ársreikningi frá 2006, sem er sá eini sem skilað hefur verið til yfirvalda.

Deloitte er skráður endurskoðandi Fluke Finance Co ehf. í hlutafélagaskrá. Þar fengust engar upplýsingar um fyrirtækið og var sagt að Deloitte væri bundið trúnaði um málefni viðskiptavina sinna. Sama svar fékkst hjá Margréti Pétursdóttur hjá Ernst&Young, en hún gerði ársreikning Fluke Finance fyrir árið 2006. Þá hafði fyrirtækið engar tekjur og engar skuldir og átti ekki aðrar eignir en 500.000 króna hlutafé.

peturg@frettabladid.is



**HÖFUÐSTÖÐVAR** Fluke Finance er skráð með lögheimili á Stórhöfða 23. Þar er það hvorki með póstkassa né skrifstofu en endurskoðunarfyrirtækið Deloitte var þar til húsa þegar starfsmaður þess stofnaði Fluke Finance.

### GJALDHÆSTU LÖGAÐILAR

| | |
|---|---|
| 1. Ríkissjóður Íslands | 6.113 |
| 2. Exista Trading ehf. | 1.524 |
| 3. Reykjavíkurborg | 1.512 |
| 4. Alcan á Íslandi hf. | 985 |
| 5. Vátryggingafélag Íslands hf. | 747 |
| 6. Norðurál ehf. | 745 |
| 7. Impregilo SpA Ísland | 638 |
| 8. Fluke Finance Co ehf. | 529 |
| 9. Icelandair ehf. | 456 |
| 10. Exista Invest ehf. | 435 |

Tölur eru í milljónum króna

## ÓÞEKKTIR SKATTAKÓNGAR

Fluke Finance er ekki eina óþekkta fyrirtækið sem leggur mikið af mörkum til sameiginlegra sjóða landsmanna þetta árið.

Á lista yfir 10 hæstu greiðendur tekjuskatts og fjármagnstekjuskatts í Reykjavík eru eftirtalin fyrirtæki í sætum 8-10.

| | |
|---|---|
| 8. DMG Holdings á Íslandi ehf. | 162 |
| 9. Hochtief Construction AG. | 150 |
| 10. Ingersoll-Rand Finance Ísl. slf. | 150 |

Tölur eru í milljónum króna

**DMG Holdings á Íslandi ehf.** er skráð til heimilis í Skógarhlíð 12, þar sem endurskoðunarfyrirtækið PWC hefur höfuðstöðvar. Markmið þess er að stunda fjármálastarfsemi tengda starfsemi skyldra félaga. Það er í eigu Daily Mail and General Trust, eins stærsta fjölmiðlafyrirtækis Evrópu. Michael Richard Flint, Adrian Perry og John Peter Williams eru skráðir í stjórn en enginn framkvæmdastjóri er skráður.

**Hochtief Construction AG,** útibú á Íslandi, var stofnað af Hochtief Construction AG, til að taka þátt í sameignarfélaginu Fosskraft sf., sem tók þátt í framkvæmdum við Kárahnjúka, samkvæmt ársreikningi 2004. Það er með lögheimili á Stórhöfða 23, á sama stað og Fluke Finance, í húsi þar sem Deloitte var áður til húsa.

**Ingersoll-Rand** er samkvæmt hlutafélagaskrá ekki með skráða stjórnarmenn né framkvæmdastjóra og hlutafé þess er 0 kr. Samkvæmt ársreikningi 2007 er það í eigu Ingersoll-Rand á Barbados og með útibú í Sviss. Ársreikninginn undirrita stjórnarmennirnir Ásgeir Thoroddsen, Garðar Valdimarsson, Bernhard Petersen, Lawrence Kurland og Neil Hewlett. Það er skráð til heimilis að Stórhöfða 21. Tilgangur félagsins er að stunda fjármálastarfsemi, einkum tengda Ingersoll-Rand-samsteypunni.






## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**SVALT Í VEÐRI**
Næstu daga verður heldur svalt í veðri, næturfrost um allt land og hiti um frostmark norðaustan til á daginn. Í dag verða SA- og A-áttir en í nótt snýst vindur í norðaustlægar áttir og þá léttir til sunnanlands en þykknar upp norðan til.




Á MORGUN
5-13 m/s

MIÐVIKUDAGUR
10-15 m/s NV-til , annars hægari.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 10° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 9° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 11° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 13° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 3° |
| París | 12° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Þú getur lækkað höfuðstólinn á erlendu húsnæðisláni




## Við færum höfuðstól erlendra húsnæðislána aftur til loka september 2008

**Með skilmálabreytingu hjá Íslandsbanka býðst viðskiptavinum að lækka höfuðstól erlendra húsnæðislána og breyta þeim í óverðtryggð lán í íslenskum krónum.**

**Hvernig lækkar höfuðstóllinn og hversu mikið?**
Miðað er við leiðréttingu á höfuðstól þannig að hann sé svipaður og hann var 29. september 2008. Lækkun erlendra húsnæðislána verður um 25% að meðaltali miðað við stöðu gengis 26. okt. 2009. Sjá dæmi á mynd A.

**Hvað verður um lánið mitt?**
Lánið breytist í óverðtryggt húsnæðislán með 25 eða 40 ára lánstíma.

**Hverjir verða vextirnir?**
Hægt verður að velja á milli breytilegra og fastra vaxta. Breytilegir vextir í dag skv. vaxtatöflu eru 9,5%. Boðið verður upp á stiglækkandi afslátt frá þeim. Miðað við óbreytt vaxtastig þá yrðu vextir fyrsta árið 7,5% sem er vaxtaafsláttur upp á 2 prósentustig. Einnig er boðið upp á fasta vexti til þriggja ára sem í dag eru 9,0% að teknu tilliti til afsláttar.

**Get ég lækkað greiðslubyrðina á láninu mínu?**
Já, hægt er að sækja um greiðslujöfnun á óverðtryggða láninu í þrjú ár, sem í flestum tilfellum lækkar greiðslubyrði lánsins umtalsvert. Að þremur árum liðnum hefur viðskiptavinur val um hvort haldið sé áfram í greiðslujöfnun eða ekki. Dæmi um lækkun á greiðslubyrði má sjá á mynd B.

**Hversu mikið lengist lánið í greiðslujöfnun?**
Það er óvíst en greiðslujöfnun ofan á höfuðstólsleiðréttingu hefur ekki þak á lengingu lánstíma.

**Hvenær get ég sótt um höfuðstólsleiðréttingu?**
Byrjað verður að taka á móti umsóknum 6. nóvember 2009 og verður hægt að sækja um til og með 18. desember 2009.

**Hverjir geta sótt um?**
Allir viðskiptavinir Íslandsbanka með erlend húsnæðislán sem voru tekin fyrir 15. október 2008. Lánið þarf að vera í skilum.

**Hentar þessi lausn öllum?**
Nei, hver og einn þarf að vega og meta kosti og galla þess að breyta láni sínu með þessum hætti. Þessi lausn hentar sumum betur en öðrum en einna helst þeim sem hyggjast selja eign sína eða greiða upp húsnæðislán sitt á næstu misserum.

**Mun þetta kosta viðskiptavini eitthvað?**
Skilmálabreyting kostar kr. 5.500 auk þinglýsingargjalds en lántöku- og stimpilkostnaður er enginn.

**Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér þá kosti sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.**

**Reiknivél, dæmi og ítarlegri upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is**







* m.v. 20.000.000 kr. lán til 40 ára í hefðbundinni myntkörfu

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið á McDonald´s í vikunni í tilefni af brotthvarfi staðanna af landinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 10,5% |
| Nei | 89,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú byrjuð/byrjaður að huga að jólunum?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

vísir

Skorsteinar stærsta skemmtiferðaskips heims lækkaðir vegna Stórabeltisbrúar:

# Sigldi á fullu stími undir brúna

**DANMÖRK** Litlu munaði að illa færi þegar stærsta skemmtiferðaskip heims sigldi undir Stórabeltisbrúna í gærkvöldi. Skipið er sjö metrum of hátt til að fara undir brúna en það rétt slapp eftir að skorsteinar þess voru lækkaðir.

Oasis of the Seas er stærsta skemmtiferðaskip í heimi en það var smíðað í Finnlandi. Til að komast til heimahafnar í Flóríða þarf skipið að fara um Stórabeltisbrúna sem tengir saman Fjón og Sjáland.

Vandamálið er bara að skipið er sjö metrum hærra en brúin. Þegar skorsteinar skipsins höfðu hins vegar verið lækkaðir munaði hálfum metra á brúnni og skipinu. Þótt það stæði tæpt var ákveðið að láta vaða á fullri ferð. Ástæðan er sú að á fullri ferð leggst skipið dýpra í sjóinn og þannig slapp skipið undir brúna.

Sem fyrr segir er skipið engin smásmíði, það er 225 þúsund brúttótonn sem gerir það fimm sinnum stærra en Titanic og 15 sinnum stærra en Dettifoss og Goðafoss sem eru stærstu fraktskip íslenska skipaflotans.



**SIGLT UNDIR BRÚNA** Skemmtiferðaskipið Oasis of the Seas smeygir sér undir Stórabeltisbrúna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áframhaldandi ofbeldi í Írak:

# Tíu létust í sprengingum

**ÍRAK, AP Að minnsta kosti tíu manns létu lífið í sprengjuárásum í Írak í gær.**

**Fimm manns létu lífið þegar sprengja sprakk á reiðhjóli í suðurhluta Íraks í gær. Tæplega fjörutíu manns til viðbótar særðust.**

**Tveir létust þegar bílasprengjur sprungu í Ramadi í vesturhluta landsins. Þá féllu þrír þegar sprengja sprakk í strætisvagni í suðurhluta landsins.**

**Aðeins er vika liðin frá því að sprengjuárásir urðu 155 manns að bana í mannskæðustu árásum í landinu í rúm tvö ár.**

- þeb



**BRONS** Styttan stendur við Clinton-stræti í Pristína.

Albanar hylla fyrrum forseta:

# Bronsstytta af Bill Clinton

**KOSOVO** Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, var í gær viðstaddur þegar afhjúpuð var þriggja og hálfs metra há stytta af honum í miðborg Pristína, höfuðborg Kosovo.

Þúsundir Albana buðu Clinton velkominn, en hann er þjóðhetja í Kosovo eftir að hann fyrirskipaði loftárás á hersveitir Serba árið 1999. Styttan er úr bronsi og stendur á Clinton-stræti en gatan var í þakklætisskyni nefnd eftir forsetanum. Í ræðu sinni sagðist Clinton aldrei hafa búist við því að svo stór og tignarleg stytta yrði reist sér til heiðurs.

- afb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið á hross

Eitt hross drapst þegar ekið var inn í hrossahóp í umdæmi Sauðárkrókslögreglu í gærkvöldi. Ökumaður bílsins slapp með skrámur en bíllinn er líklega ónýtur.

# Telur verðfall á fiskmörkuðum kalla á rannsókn

**Verð á fiskmörkuðum og útflutningsverð þróaðist ekki í takt við gengisfall krónunnar framan af ári. „Það hefur eitthvað gerst á mörkuðunum," segir framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.**

**FISKVEIÐAR** Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir að leita þurfi skýringa á því hvers vegna verð á fiskmörkuðum hér á landi og útflutningsverð þróaðist ekki í takt við gengisfall krónunnar framan af ári.

„Það hefur eitthvað gerst á mörkuðunum," segir Örn. „Ég velti því fyrir mér hvaða hlekkur hafi brostið, þar sem framboð var svipað milli ára. Verðfallið er með þvílíkum ólíkindum að það kallar á opinbera rannsókn."

Meðalverð á þorski á fiskmörkuðum hér á landi lækkaði um 21 prósent í krónum fyrsta þriðjung ársins. Á sama tíma jókst útflutningsverðmæti ferskra þorskflaka um 10 prósent í krónum talið en gengi krónunnar féll um 47 prósent gagnvart evru og 38 prósent gagnvart sterlingspundi.

Örn gerði þessi mál að umtalsefni í ræðu á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda um miðjan október. Þar staðhæfði hann að þótt það væri viðtekin skoðun í þjóðfélaginu að fall krónunnar hefði komið útflutningsgreinunum til góða hefði smábátaútgerðin staðið styrkari fótum með sterka krónu en veika.

„Það er til dæmis sárgrætilegt að bera saman verð á óslægðum þorski á fyrsta þriðjungi yfirstandandi árs og í fyrra. Þrátt fyrir tuga prósenta veikingu krónunnar gagnvart evrum og pundum svo dæmi sé tekið, dugar það ekki til. Allir mánuðirnir skiluðu lægra verði í krónum talið fyrir þorsk en 2008," segir Örn. „Upphæðir sem hér um ræðir eru gríðarlegar, í stað tugaprósenta hækkunar var niðurstaðan 17 prósenta lægra verð en í fyrra."

Á fiskmörkuðum var meðalverðið á óslægðum þorski 213 krónur fyrsta þriðjung ársins en 258 krónur í fyrra. „Það vantaði 21 prósent til að ná sama verði, þrátt fyrir 47 prósenta hrun krónunnar gagnvart evru og 38 prósenta gagnvart pundi," segir Örn. Hann segir að verðlækkanir á erlendum mörkuðum nægi engan veginn til að skýra málið.

Svo virðist sem breyting hafi orðið á þessari þróun frá því í sumar. Verð á innlendum fiskmörkuðum hefur farið hækkandi. Meðalverðið hefur verið á bilinu 300-400 krónur fyrir óslægðan þorsk frá því í sumar og hefur ekki verið hærra en nú undanfarin ár. Um fjórðungur þorskaflans hefur verið seldur á fiskmarkaði í ár. Upplýsingar um þróun útflutningsverðs liggja hins vegar ekki fyrir.

peturg@frettabladid.is



**FISKVERÐ** Meðalverð á fyrsta þriðjungi ársins 2008 jafngilti 2,37 evrum en fyrsta þriðjung þessa árs var meðalverðið aðeins 1,25 evrur. Verðlækkanir erlendis skýra þetta ekki, segir framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.






Endurskipulagning á eignarhaldi Haga:

# Kaupþing gæti eignast 40 prósent

**VIÐSKIPTI** Allt stefnir í að Nýja Kaupþing eignist 40 prósenta hlut í Högum og Jón Ásgeir Jóhannesson og aðrir fjárfestar haldi 60 prósenta hlut í félaginu með því að leggja fram sjö milljarða. Með þessu yrði núverandi móðurfélag Haga skuldlaust og úr sögunni. Erlendir kröfuhafar bera að mestu leyti tugmilljarða króna tjónið sem fylgir þessu. Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá þessu í gær.

Hagar, sem reka meðal annars verslanirnar Hagkaup, Bónus og 10-11, eru eina eign eignarhaldsfélagsins 1998. Það félag er í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu. Árið 2008 fékk félagið rúmar 260 milljónir evra að láni hjá Kaupþingi til að kaupa Haga út úr Baugi. Miðað við núverandi gengi krónunnar nemur sú skuld ríflega 48 milljörðum króna. Líkt og gildir um aðrar innlendar eignir bankans var skuld 1998 við Kaupþing flutt yfir í nýja bankann við bankahrunið.

Endurskipulagning á eignarhaldi Haga stendur yfir þessa dagana en tveir fulltrúar frá Nýja Kaupþingi hafa þegar tekið sæti í stjórn 1998.

Samkomulag þetta sem nú er á teikniborðinu felur einnig í sér að núverandi móðurfélag Haga, 1998, verði skuldlaust og úr sögunni.

Fimmtíu milljarða skuld 1998 hjá Kaupþingi var flutt yfir í nýja bankann með afföllum. Í raun bera erlendir kröfuhafar því tjónið.

Hins vegar er ljóst ef þetta gengur eftir að Kaupþing er að afskrifa tugi milljarða króna.



**VERSLUNIN 10-11** Hagar reka meðal annars verslanirnar Hagkaup, Bónus og 10-11.



**HANDTEKINN** Carmine Russo og bróðir hans, Pasquale, stjórnuðu mafíunni í Napolí.

Fimmtán ár á flótta:

# Mafíósar handteknir í Napolí

**ÍTALÍA** Lögreglan í Napolí á Ítalíu handtók í gær tvo mafíósa degi eftir að bróðir þeirra var handtekinn en sá hafði verið á flótta í fimmtán ár.

Bræðurnir Pasquale og Carmine Russo eru grunaðir um morð og aðra mafíustarfsemi. Pasquale er á lista yfir 30 hættulegustu flóttamenn Ítalíu og hefur verið á flótta frá árinu 1995. Salvatore Russo, bróðir þeirra, er einnig á listanum, en hann var handtekinn á sveitabæ á laugardag.

Yfirvöld segja að Pasquale hafi stýrt mafíunni í Napolí en hún er talin ein áhrifamestu og hættulegustu glæpaklíka Ítalíu.

- afb

# Ódýrt að versla!






FRANSKAR KARTÖFLUR, 1kg

**399** kr/pk.



SUMARBLANDA, 1kg

**259** kr/pk.



HVÍTLAUKSBRAUÐ, 2 stk.

**199** kr/pk.

Tilboðin gilda 2. - 9. nóvember eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

**nettó**

*Ódýrt fyrir heimilið!*

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margir hafa orðið uppvísir að því að svíkja út atvinnuleysisbætur undanfarið?
2. Hversu háar fjárhæðir telur Evrópusambandið að þurfi í aðgerðir vegna loftslagsbreytinga?
3. Í hvaða lið var knattspyrnumaðurinn Atli Jóhannsson að ganga?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

McDonald´s flýr land en húsgagnaverslunin Habitat snýr aftur:

# „Við erum rosalega bjartsýn og vongóð“

**VERSLUN** „Þetta er örugglega létt geggjun. En við erum rosalega bjartsýn og vongóð,“ segir Telma Birgisdóttir, einn eigenda Tekk ehf., sem hefur tekið við rekstri Habitat.

Habitat opnaði fyrst á Íslandi árið 1983, en verslunarkeðjan er frá Bretlandi. Versluninni var lokað í febrúar í fyrra, en Telma og félagar opnuðu á ný á laugardag í Holtagörðum. „Verslunin fór rosalega vel af stað. Það er greinilega mikið til af Habitat-unnendum,“ segir Telma. „Það var brjálað að gera alla helgina.“

Óhagstætt gengi krónunnar hrakti hamborgaratrúðinn Ronald McDonald og félaga úr landi í síðustu viku, en Telma segir að rekstur með innfluttum vörum sé mögulegur. „Þetta er hægt með bjartsýni og smá hjálp,“ segir hún, en stjórnendur Habitat hjálpuðu til við að koma keðjunni aftur til Íslands. Verslunin var á sínum tíma sú fyrsta sem var opnuð utan Bretlands.

Annríkasti tími ársins í verslun er að fara í hönd og Telma játar að verslunin sé opnuð á besta tíma. „Fólk var mikið að kaupa smávöru og jólagjafir um helgina,“ segir hún. „Það kom okkur líka á óvart að það var mikil eftirspurn eftir húsgögnunum.“

- afb



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**NÓG AÐ GERA** Kaupglaðir Íslendingar lögðu leið sína í nýja verslun Habitat um helgina.

Hillary Clinton:

## Friðarviðræður hefjist sem fyrst

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur hvatt Ísraela og Palestínumenn til þess að hefja friðarviðræður á nýjan leik eins fljótt og hægt er.



HILLARY CLINTON

Clinton fundaði með Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, hvorn í sínu lagi á laugardag. Hún ræddi við blaðamenn eftir fundinn með Netanyahu. Hann tók undir orð Clinton og kvaðst vilja hefja viðræður sem fyrst. Bandaríkjastjórn hefur sett aukna áherslu á að stuðla að friðarviðræðum og er ferð utanríkisráðherrans til Mið-Austurlanda liður í því.

- þeb

Herflugvél brotlenti í Síberíu:

## Ellefu Rússar létust í flugslysi

**SÍBERÍA Ellefu manna áhöfn fórst í Síberíu í gær þegar rússnesk herflugvél brotlenti í flugtaki.**

**Þetta er annað slysið á skömmum tíma þar sem flugvél af gerðinni Il-76 á í hlut, en vélarnar hafa verið burðarás í flota rússneska flughersins frá því á áttunda áratug síðustu aldar. Slysin hafa vakið spurningar í sambandi við ástand rússneska flotans.**

**Flugvélin sprakk þegar hún brotlenti við gamla námu. Aðstæður á svæðinu voru góðar, það var heiðskírt, smá gola og frost. Slysið átti sér stað um tvo kílómetra frá flugbrautinni, en enginn slasaðist á landi.**

- afb

# Fjármögnun virkjana Orkuveitunnar á lokastigi

**Evrópski seðlabankinn hefur samþykkt lán til Orkuveitu Reykjavíkur. Í kjölfarið fylgir lán frá Þróunarbanka Evrópu. Þar með er búið að tryggja fjármögnun Hellisheiðar- og Hverahlíðarvirkjana að fullu.**

**VIÐSKIPTI** Evrópski fjárfestingarbankinn hefur samþykkt að lána Orkuveitu Reykjavíkur 30 milljarða króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins barst samningur þess efnis til fyrirtækisins á föstudag, þar sem skilyrði bankans fyrir lánveitingu eru tíunduð. Það er fyrirtækisins að ákveða hvort það samþykkir þau skilyrði og þar með lánið. Verði það gert verður skrifað undir í vikunni, samkvæmt heimildum blaðsins.

Lánveitingin hefur tafist um ár vegna efnahagshrunsins. Það á að nota til að ljúka framkvæmdum við Hellisheiðarvirkjun og 15 milljarðar fara í Hverahlíðarvirkjun, verði hún byggð. Guðlaugur G. Sverrisson stjórnarformaður segir að þegar lánið gangi í gegn sé búist við því að Þróunarbanki Evrópu láni það sem vantar upp á til að ljúka síðarnefndu framkvæmdinni. Lánveiting Evrópska seðlabankans sé heilbrigðisvottorð sem liðki fyrir annarri lánveitingu.

Á stjórnarfundi á föstudag voru nýjar áætlanir vegna Hverahlíðarvirkjunar lagðar fram, en þar kemur fram að gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði dýrari en ætlað var. Guðlaugur segir viðræður í gangi við Norðurál um kaup á orkunni þaðan. Orka úr Hellisheiði fari til Norðuráls óháð álveri í Helguvík.

„Nú erum við í viðræðum við Norðurál um Hverahlíðarvirkjun. Túrbínur hafa hækkað í verði og innlendur kostnaður lækkað. Við þurfum að hækka allar tölur að okkar mati. Ef Norðurál tekur þátt í kostnaði vegna seinkunar hefur það áhrif á samningana.“

> Við höfum haldið uppi atvinnustigi og framkvæmt fyrir 16 milljarða á árinu.



**GUÐLAUGUR G. SVERRISSON**
STJÓRNARFORMAÐUR ORKUVEITUNNAR

Eigið fé Orkuveitunnar hefur minnkað mjög undanfarið; úr 109 milljörðum króna árið 2007 í tæpa 40 og er það nú á milli 15 og 16 prósent. Guðlaugur segir að gengisþróun hafi gríðarleg áhrif á stöðuna. Batnaði gengi krónunnar um 10 prósent myndi eigið fé fyrirtækisins aukast um 20 milljarða.

Hann hefur ekki áhyggjur af því að fyrirtækið sé að verða of skuldsett. Það hafi staðið í miklum framkvæmdum undanfarið. „Við höfum haldið uppi atvinnustigi og framkvæmt fyrir 16 milljarða á árinu 2009, en nefna má að ríkið hefur framkvæmt fyrir 17 milljarða á sama tíma. Þetta höfum við fjármagnað að hluta til með skammtímalánum sem þessi lántaka hreinsar upp.“ Guðlaugur segir Orkuveituna búa við gott vaxtastig; meðaltalsvextir sem fyrirtækið greiðir séu 1,25 prósent. Það muni þó hækka eilítið við nýju lántökuna.

Spurður hvort Icesave og endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi áhrif á tímasetningu samninganna segir Guðlaugur svo ekki vera.

kolbeinn@frettabladid.is



**STRÓKAR FRÁ HELLISHEIÐARVIRKJUN** Fjármögnun er nú á lokastigi fyrir Hellisheiðarvirkjun og Hverahlíðarvirkjun. Líklega verður skrifað undir samninga um lán frá Evrópska seðlabankanum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





ENNEMM / SIA / NM39420

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

| | | |
|---|---|---|
| 5. nóvember | Ísafjörður | Fjármál heimilisins |
| 12. nóvember | Akranes | Fjármál heimilisins |
| 19. nóvember | Hamraborg | Fjármál heimilisins |

**Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn





# Ekki missa af frábærum sýningum!

## Síðustu sýningar á tveimur rómuðum verkum. Tryggðu þér miða strax!

### Djúpið

**„...feikilega vel flutt og áhrifamikið“**
PBB, Fréttablaðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 6/11 | kl. 20 | Ný aukasýning | Sun 15/11 | kl. 20 | Örfá sæti |
| Lau 7/11 | kl. 20 | Ný aukasýning | Þri 24/11 | kl. 20 | Örfá sæti |
| Fös 13/11 | kl. 20 | Ný aukasýning | Mið 25/11 | kl. 19 | |
| Lau 14/11 | kl. 20 | Ný aukasýning | Mið 25/11 | kl. 21 | |

★★★★★
PBB, Fréttablaðið

★★★★★
JVJ, DV

SNARPUR SÝNINGARTÍMI

### Dauðasyndirnar

**„... sýningin er dýrleg leikhúsreynsla ...“**
Silja Aðalsteinsdóttir - Tímarit Máls og menningar (tmm.is)

**„Sýningin er bráðfyndin og skemmtileg en með háalvarlegum tóni.“**
Ingibjörg Þórisdóttir, Morgunblaðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 6/11 | kl. 20 | UPPSELT | Sun 22/11 | kl. 14 | Örfá sæti |
| Sun 8/11 | kl. 14 | Örfá sæti | Mið 2/12 | kl. 20 | Örfá sæti |
| Fim 12/11 | kl. 20 | UPPSELT | Fim 3/12 | kl. 20 | Örfá sæti |
| Lau 14/11 | kl. 15 | Örfá sæti | | | |

**Miðasala:**
568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3

Borgarleikhúsið



**MARAÞON** New York-maraþonið fór fram í gær og hlupu þátttakendur yfir Verrazano Narrows-brúna í upphafi hlaupsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fatahönnuður tapar máli sem smiður stálgrindar utan um fiskabúr höfðaði:

# Hriplekt fiskabúr fyrir dómstóla

**DÓMSMÁL** Fatahönnuðurinn Guðmundur Hallgrímsson hefur verið dæmdur til að greiða verktaka ríflega 300 þúsund króna skuld.



**GUÐMUNDUR HALLGRÍMSSON**

Deilan snerist um smíði fiskabúrs sem notað var á tískusýningu á Nasa.

Verktakinn sem krafðist launanna smíðaði stálgrind utan um glerið í búrinu. Þegar upp var staðið lak vatn úr búrinu og um allan staðinn og þurfti að lokum að kalla til slökkvilið til að dæla úr búrinu og hreinsa af gólfinu.

Guðmundur hélt því fram að hann hefði samið um að smíði stálgrindarinnar myndi kosta 60 þúsund krónur. Hann vildi auk þess fá greiðslu frá grindarsmiðnum fyrir kostnaðinum sem varð vegna lekans.

Verktakinn sagðist hins vegar aldrei hafa gert samning um 60 þúsund króna greiðslu – verkið hefði þvert á móti kostað ríflega 300 þúsund krónur. Svo háa upphæð neitaði Guðmundur að borga.

Héraðsdómur féllst á rök verktakans úr því að ekkert skriflegt samkomulag lá fyrir um lægri greiðsluna. Dómurinn taldi einnig að verktakinn hefði enga sök átt á lekanum mikla úr búrinu. - sh



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FISKABÚR** Það voru aldrei neinir fiskar komnir í búrið leka á Nasa, þegar þurfti að taka það í sundur með því að brjóta glerið.


## ÁRÍÐANDI TILKYNNING

## SAMSUNG RS 21 TVÖFALDIR KÆLISKÁPAR

Samsung Electronics á Íslandi hefur opnað heimsóknar– og viðgerðarþjónustu fyrir tvöfalda kæliskápa af gerðinni RS21. Þjónustan tengist viðgerð á hugsanlegum galla sem gert hefur vart við sig í einstökum kæliskápum, framleiddum á tímabilinu mars 2005 fram í júní 2006. Framleiðslu á þessari gerð kæliskápa hefur verið hætt.



Samsung Electronics ákvað að bjóða þessa þjónustu um leið og ljóst var, að framleiðslugalli gæti hugsanlega valdið bilun í afþýðingarkerfi viðkomandi kæliskápa.

Í undantekningartilvikum geta neistar myndast innan afþýðingarkerfisins og hugsanlega valdið eldhættu og jafnvel slysahættu eða varanlegum skemmdum á kæliskápnum.

Þó að afar litlar líkur séu á því að gallinn sé til staðar, hefur Samsung ákveðið að bjóða eigendum viðkomandi kæliskápa ókeypis heimsóknar- og viðgerðarþjónustu. Viðgerðarfólk okkar kemur í heimsókn, yfirfer kæliskápinn og gerir við hann á staðnum ef þess reynist þörf. Í öryggisskyni mun þjónustan einnig ná til þeirra tvöföldu kæliskápa sem eru með sambærilegt afþýðingarkerfi. Þær gerðir sem um ræðir eru taldar upp hér að neðan.

Ef þú ert eigandi að tvöföldum Samsung kæliskáp, hringdu í síma **530 2800** eða **461 5000** og fáðu nánari upplýsingar um kæliskápinn þinn. Þú getur einnig sent okkur fyrirspurn í tölvupósti á netföngin **oskarh@ormson.is** eða **bjarni@radionaust.is**. Ókeypis heimasóknar- og viðgerðarþjónusta Samsung hefst 2. nóvember n.k.

Vörugæði, neytendavernd og ánægja viðskiptavina eru forgangsmál hjá Samsung. Við kunnum viðskiptavinum okkar bestu þakkir og biðjumst velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta mál kann að valda.

**Eftirfarandi gerðir falla undir ókeypis heimsóknar- og viðgerðarþjónustuna okkar: RS21, RS23, RS55, RS56, RS60, RSH1, RSH3, RSE8, RSJ1, SN62, SN67**

SAMSUNG

**Hringdu í síma**

**512 50 60**

**ef blaðið berst ekki**





# Forseti Afganistans einn í framboði

**Abdullah Abdullah dró framboð sitt til forseta Afganistans til baka í gær eftir að viðræðum um samsteypustjórn var hætt. Hann segir að kosningarnar hefðu ekki getað orðið heiðarlegar. Kosningarnar munu fara fram þrátt fyrir þetta.**

**AFGANISTAN, AP** Seinni umferð forsetakosninga mun fara fram í Afganistan um næstu helgi þrátt fyrir að forsetinn, Hamid Karzai, sé einn í framboði. Keppinautur hans, Abdullah Abdullah, dró framboð sitt formlega til baka í gær.

Abdullah segir að kosningarnar verði ekki heiðarlegar. Kröfum hans um aðgerðir til að koma í veg fyrir kosningasvindl hafi ekki verið mætt, en hann hafði krafist þess að forsetinn skipti út fulltrúum í kosningastjórn en það var ekki gert. Eftir fyrri umferð kosninganna var þriðjungur atkvæða Karzai ógildur af kosningaeftirlitsmönnum vegna svindls. Abdullah segir það hag þjóðarinnar að hann dragi framboðið til baka. Hann sagðist í samtali við fréttamenn ekki ætla að hvetja fólk til að sniðganga kosningarnar, stuðningsmenn hans ættu að gera það upp við sig sjálfir hvort þeir kjósi eða ekki. Hann hvatti fólk þó til þess að mótmæla ekki.

Sendiherra Bandaríkjanna í landinu hafði fundað stíft með forsetaframbjóðendunum tveimur langt fram á nótt á laugardag með það í huga að mynda samsteypustjórn þar sem þeir myndu deila völdum. Þar krafðist Abdullah þess að þrír meðlimir kosningastjórnarinnar yrðu látnir fara ásamt þremur ráðherrum. Þá vildi hann að breytingar yrðu gerðar á stjórnarskránni svo hann hefði áhrif á val á ráðherrum og aðrar stórar ákvarðanir, samkvæmt heimildum AP-fréttastofunnar. Karzai hafnaði þessu öllu snemma á sunnudagsmorgun. Það að Abdullah hafi ekki hvatt fólk til að sniðganga kosningarnar er talið benda til þess að hann sé tilbúinn til frekari viðræðna, sé forsetinn tilbúinn til þess.



**Á FUNDINUM** Abdullah tilkynnti um ákvörðun sína á fundi með fréttamönnum í gærmorgun. Hann hélt tilfinningaþrungna ræðu þar sem hann ræddi kosningasvik og sagði ákvörðunina hafa verið mjög erfiða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## KOSNINGARNAR

Fyrri umferð forsetakosninganna fór fram hinn 20. ágúst en endanleg niðurstaða fékkst í október. Tvö þúsund kvartanir um kosningasvindl voru tilkynntar og þær 600 alvarlegustu voru sérstaklega skoðaðar.

Um þriðjungur þeirra atkvæða sem forsetinn Hamid Karzai fékk var dæmdur ógildur. Karzai fékk á endanum 49,7 prósent atkvæða en hefði þurft 50 prósent til þess að verða kjörinn í embættið. Abdullah Abdullah fékk 30,6 prósent atkvæðanna.

Hamid Karzai var kjörinn forseti landsins árið 2004, en hafði stjórnað því frá því í desember 2001. Abdullah var utanríkisráðherra í stjórn Karzai en var rekinn árið 2006.

Málið hefur komið sér illa fyrir Bandaríkjastjórn, sem reynir að ákveða hvort senda skuli tugi þúsunda hermanna til viðbótar til Afganistans. Hún telur að samsteypustjórn og samvinna sé besta leiðin til þess að ná árangri í stríðinu gegn talibönum. Ágreiningur um kosningarnar hafi sundrað þjóðinni, sem ætti að standa saman. Átökin hafa harðnað og í októbermánuði létust að minnsta kosti 57 bandarískir hermenn. Stjórnin hafði ætlað að bíða eftir úrslitum kosninganna til að tilkynna ákvörðun sína. thorunn@frettabladid.is

Michael Bloomberg borgarstjóri í New York heyr dýra kosningabaráttu:

# Eyðir 35.000 dollurum á tímann

**BANDARÍKIN, AP** Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York og milljarðamæringur, eyðir 35 þúsund dollurum á klukkustund í kosningabaráttu um þessar mundir. Peningarnir koma allir frá honum sjálfum og stefnir baráttan í að kosta hann rúmar 100 milljónir dollara í allt. Baráttan er nú þegar orðin sú langdýrasta sinnar tegundar. Hann býður sig nú fram þriðja kjörtímabilið í röð.

Bloomberg hefur frá byrjun haft forskot á William Thompson, keppinaut sinn, og mælist nú með 15 til 18 prósenta meira fylgi. Hann hefur kaffært auglýsingaherferðir Thompsons frá því í apríl. Thompson hefur gagnrýnt Bloomberg mikið fyrir að hafa fengið í gegn breytingar sem gerðu honum kleift að bjóða sig fram í þriðja skipti. Lög höfðu kveðið á um að borgarstjóri gæti aðeins setið tvö samfelld kjörtímabil og Bloomberg hafði verið fylgjandi því allt þar til í fyrra. Hann sannfærði borgarráðið um að borgin þyrfti á fjármálaþekkingu hans að halda til þess að komast upp úr kreppunni. Borgarráðið samþykkti það og því er Bloomberg í framboði á ný. - þeb



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BLOOMBERG** Borgarstjórinn er 67 ára gamall og býður sig nú fram í þriðja sinn.

Breski olíurisinn BP:

# Há sekt vegna sprengingar

**BANDARÍKIN Breska olíufélagið BP hefur verið sektað um 87 milljónir dala vegna sprengingar sem varð í Texas árið 2005. 15 létu lífið og 180 særðust í sprengingunni. Bandarísk stofnun, sem sér um öryggismál á vinnustöðum, kvað upp úr um sektina.**

**BP var talið bera ábyrgð á 270 brotum á öryggisreglum sem leiddu til sprengingarinnar. Fyrirtækið greiddi 21,3 milljónir dollara í sekt árið 2005 vegna sprengingarinnar, 50 milljónir dollara árið 2007 og hefur greitt meira en 2 milljarða dollara í einkamálum eftirlifenda og fjölskyldna fórnarlamba.** - kóp

Vöruskiptajöfnuður 108 milljörðum hagstæðari en á sama tíma í fyrra:

# Sjávarafurðir vega þyngst í útflutningi

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskiptajöfnuðurinn fyrstu níu mánuði ársins var 108,7 milljörðum króna hagstæðari en á sama tíma í fyrra. Í septembermánuði voru fluttar út vörur fyrir 43,7 milljarða króna og inn fyrir tæpa 40,6 milljarða króna. Vöruskiptin í september voru því hagstæð um 3,1 milljarð króna. Í september 2008 voru vöruskiptin hagstæð um 9,7 milljarða króna á sama gengi.

Þetta kemur fram á vefsíðu Hagstofunnar. Þar segir að fyrstu níu mánuðina 2009 voru fluttar út vörur fyrir 341,2 milljarða króna en inn fyrir 297,5 milljarða króna. Afgangur var því á vöruskiptunum við útlönd sem nam 43,8 milljörðum en á sama tíma árið áður voru þau óhagstæð um 64,9 milljarða á sama gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 108,7 milljörðum króna hagstæðari en á sama tíma árið áður.

Fyrstu níu mánuði ársins 2009 var verðmæti vöruútflutnings 128,7 milljörðum eða 27,4 prósent minna á föstu gengi en á sama tíma árið áður. Sjávarafurðir voru 44,7 prósent alls útflutnings og var verðmæti þeirra 9,5 prósent minna en á sama tíma árið áður.

Útfluttar iðnaðarvörur voru 49,6 prósent alls útflutnings og var verðmæti þeirra 29,5 prósent minna en á sama tíma árið áður. Mestur samdráttur varð í verðmæti útflutnings iðnaðarvara, aðallega áls, en einnig var samdráttur í útflutningi á skipum og flugvélum og sjávarafurðum. Fyrstu níu mánuði ársins var verðmæti vöruinnflutnings 237,4 milljörðum eða 44,4 prósent minna á föstu gengi en á sama tíma árið áður. Samdráttur varð í innflutningi nær allra liða innflutnings, mest í hrá- og rekstrarvöru, flutningatækjum og fjárfestingavöru.



**TIL ÚTFLUTNINGS** Sjávarafurðir námu rúmum 44 prósentum af öllum útflutningi. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Nýr forstjóri yfir Atorku Group:

# Situr fram á gamlárskvöld

**VIÐSKIPTI** Stjórn Atorku hefur ráðið Benedikt Olgeirsson tímabundið í starf forstjóra Atorku Group. Ráðning hans stendur til áramóta á meðan unnið er að því að ljúka nauðasamningum félagsins, að því er segir í tilkynningu Kauphallarinnar.



**MAGNÚS JÓNSSON**

Héraðsdómur Reykjaness féllst á beiðni Atorku Group um heimild til að leita nauðasamninga við lánardrottna fyrir viku.

Benedikt var áður framkvæmdastjóri hjá Atorku. Hann tekur við af Magnúsi Jónssyni sem lét af störfum í enda september í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. - jab



**JARÐHITI Í HVERAGERÐI** Auka á dagskrá á hverasvæðum í Hveragerði.

Styrkur frá Brunabótafélaginu:

# Hálf milljón gefin í fótabað

**SVEITARSTJÓRNIR Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands hefur styrkt Hveragerðisbæ um fimm hundruð þúsund krónur til að gera fótabað. „Verkefnið er hluti af endurbótum og uppbyggingu svæðisins með það að markmiði að auka aðsókn ferðamanna á Hverasvæðið,“ segir um málið í fundargerð mannvirkjanefndar Hveragerðis. „Hverasvæðið er eitt af fáum svæðum þar sem hægt er að sjá fjölbreytta nýtingu jarðhita á Íslandi með ræktun í gróðurhúsum, fótabaði í hveravatni, borholum, suðu á eggjum, rúgbrauðsbakstur auk goshvera, leirhvera og hveralækja.“** - gar

## SKÁK

### Aserar Evrópumeistarar

Aserbaídsjan varð efst á Evrópumeistaramóti landsliða í skák sem fram fór í Novi Sad í Serbíu. Rússland varð í öðru sæti og Úkraína í því þriðja. Ísland lenti í 34. sæti af 38 liðum en íslenska liðið var án stórmeistara.

## SELTJARNARNES

### Bæjarstjórnin í beinni

Senda á bæjarstjórnarfundi á Seltjarnarnesi beint út á netinu. Bæjarstjórn samþykkti tillögu um þetta á miðvikudag. „Verkefnið hefur verið í skoðun um nokkurn tíma en kostnaður vegna þess hefur þótt of hár til þess að unnt væri að ráðast í það. Nú er önnur staða uppi og því er lagt til að verkefninu verði hrundið í framkvæmd“, segir í tillögunni.




*„DV er bara besta blaðið í dag. Langbesta blaðið. Það þorir að segja hlutina og tala um þá eins og þeir eru. Mér finnst þeir vera komnir með ansi þéttan hóp af blaðamönnum. Á meðan eitt blaðið er í hers höndum og annað þorir voða litlu og hefur nú aldrei gert því það á svo mikið undir af auglýsingum. DV er mest afgerandi blaðið. Almennt séð finnst mér mest púður í DV.“*

-Egill Helgason í morgunspjalli á Rás 2 30. október 2009

***Þorir meðan aðrir þegja***



**SIGRINUM FAGNAÐ** Choi Na-yeon sigraði á golfmóti í Suður-Kóreu í gær, klædd hefðbundnum kóreskum klæðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bretar og Evrópusamband:

## Vonir Blair um forsæti ESB fara dvínandi

**BRETLAND Vonir Tonys Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, um að verða fyrsti forseti ráðherraráðs Evrópusambandsins fara nú dvínandi. Leiðtogar sambandsins hittust fyrir helgi og á fundinum tókst stuðningsmönnum Blairs ekki að tryggja nægilegan stuðning við hugmyndina.**

**Evrópskir sósíalistar munu ekki vera ýkja hrifnir af því að tilnefna Blair í embættið. Leiðtogarnir urðu hins vegar ásáttir um að skipa þriggja manna nefnd um málið en í henni sitja meðal annarra austurríski kanslarinn Werner Faymann, sem þegar hefur lýst yfir efasemdum sínum um að Blair sé rétti maðurinn í starfið.**

# Engar upplýsingar um sparnað vegna opins hugbúnaðar

**Ríkisendurskoðun hefur ekki sérstaka bókhaldslykla um greiðslu leyfa fyrir notkun á hugbúnaði. Ekki er vitað hvað kostar að skipta séreignahugbúnaði út fyrir opinn. Þjóðleikhúsið sparaði mikið við umskiptin.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkið hefur ekki heildarupplýsingar um kostnað stofnana hins opinbera vegna leigu á leyfum á séreignahugbúnaði. Ekki liggja því fyrir upplýsingar um hugsanlegan sparnað ríkisins af innleiðingu opins hugbúnaðar.

Þetta kom fram í máli Höllu Bjargar Baldursdóttur, verkefnastjóra í rafrænni stjórnsýslu hjá forsætisráðuneytinu, á hádegisfundi Skýrslutæknifélags Íslands í vikunni.

Nokkrar stofnanir hafa aukið vægi og notkun opins hugbúnaðar en menntamálaráðuneytið hvatti til þess í ágúst að menntastofnanir tækju upp notkun á opnum og frjálsum hugbúnaði í meira mæli en áður. Dæmi eru um að framhaldsskóli greiði erlendum hugbúnaðarfyrirtækjum 1,5 milljónir króna í leyfisgjöld á ári fyrir notkun á séreignahugbúnaði.

Á fundinum benti Sigurður Ólafsson, skipulagsstjóri Þjóðleikhússins, á að við breytingu á tölvukerfi leikhússins í vor hafi verið leitað tilboða bæði frá fyrirtækjum sem bjóða séreignahugbúnað, svo sem frá Microsoft, og frjálsum búnaði.

Niðurstaðan hafi verið opna hugbúnaðinum í vil og var í kjölfarið Ubuntu-stýrikerfið innleitt hjá Þjóðleikhúsinu. Stýrikerfið er ókeypis og fylgir með því skrifstofuvöndull og póstforrit ásamt öðru sem ekki þarf að greiða fyrir. Þrátt fyrir þjónustusamning við innlenda kerfisþjónustu er kostnaðurinn 75 prósentum lægri fyrsta árið en ef hin leiðin hefði verið farin.

Fram kom í máli Halldórs Jörgenssonar, framkvæmdastjóra Microsoft á Íslandi, að sparnaður vegna innleiðingar á opnum og ókeypis hugbúnaði kunni að vera ofmetinn. Þótt kostnaðurinn kunni að vera lágur í upphafi verði hann sambærilegur að þremur árum liðnum og ef séreignahugbúnaður væri keyptur.

jonab@frettabladid.is



**AF FUNDINUM** Kostir og gallar opins hugbúnaðar ræddir í þaula. Þar kom fram að mikil fjárútlát megi spara með innleiðingu á nýjum stýrikerfum og ókeypis hugbúnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## NÝ UPPFÆRSLA AF UBUNTU

Ný uppfærsla af Ubuntu-stýrikerfinu, Karmic Koala, kom út í gær. Hún varð aðgengileg á vefsíðunni ubuntu.com.

Ubuntu-stýrikerfið er fullbúið, ókeypis og byggir á Linux-stýrikerfiskjarnanum. Því má hala niður af íslenskum vefþjóni og setja upp með lítilli fyrirhöfn.

Með stýrikerfinu fylgir Mozilla Firefox-vafri, tölvupóstforritið Evolution og skrifstofuvöndullinn OpenOffice.org. Þá má hlaða utan á kerfið öðrum hugbúnaði sem finna má á netinu.

Þetta ku vera eitt vinsælasta stýrikerfið sem byggir á Linux-kóðanum. Ekki liggur nákvæmlega fyrir um fjölda notenda stýrikerfa sem byggja á Linux-kóðanum en hlutfallið er talið á bilinu eitt til tólf prósent allra tölvunotenda. Talið er að um þrjátíu prósent þeirra noti Ubuntu-stýrikerfið.

Fyrsta útgáfa Ubuntu-stýrikerfisins kom út í október árið 2004 og hefur verið uppfært á hálfs árs fresti síðan þá, ætíð í apríl og október.

Fyrir viku kom út ný útgáfa af Windows-stýrikerfinu frá Microsoft, Windows 7. Bæði stýrikerfin má setja upp í einni og sömu tölvunni og geta notendur þeirra valið hvort stýrikerfanna þeir vilja nota þegar tölvan er ræst.



**Aðgerðir stjórnvalda**

# Bjargráð eða bjarnargreiði?

Borgarafundur í Iðnó, **mánudaginn 2. nóvember 2009 kl. 20.00.**

**Fundur fyrir alla íslendinga sem hafa verðtryggð- eða gengistryggð íbúðarlán.**

Hvaða afleiðingar hefur greiðslujöfnunarleið á eignamyndun og höfuðstól skulda?

Hvað þýðir það fyrir heimilin að samþykkja greiðslujöfnunarleið stjórnvalda?

Hvaða afleiðingar hefur greiðslujöfnunarleið á afborganir lána, nú og síðar?



## Dagskrá fundar:

**Leiðrétt greiðslubyrði og aðlögun skulda**
*Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra*

**Ef vér slítum í sundur lögin slítum vér og í sundur friðinn**
*Marinó G. Njálsson, stjórnarmaður í Hagsmunasamtökum heimilanna*

**Almenn afskrift íbúðalána, tillaga að lausn**
*Jóhann G. Jóhannsson & Sigurjón Örn Þórsson*

**Frá greiðsluverkfallsstjórn Hagsmunasamtökum heimilanna**
*Theódór Norðkvist*

**Pallborðsumræður og fyrispurnir úr sal**
*Í pallborði verða framsögumenn og þingmenn úr öllum flokkum*

**Fundarstjóri er Vilhjálmur Árnason**

**Hagsmunasamtök Heimilanna**
Tökum stöðu með heimilum í landinu.

**www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Bjartsýni – svartsýni:

# Er endurreisnin hafin?

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR

Um þessar mundir eru 13 mánuðir frá hruninu og fátt hefur gerst á þeim tíma sem fyllt hefur þjóðina bjartsýni. Mánuð eftir mánuð hefur hver hörmungarfréttin rekið aðra og hefur hrunið sífellt undið upp á sig – fátt jákvætt hefur verið í fréttum og þjóðin hefur sokkið dýpra í nöldri, neikvæðni og svartsýni.

Síðasta vika var því mikið fagnaðarefni fyrir þá Íslendinga sem vilja horfa með jákvæðni og bjartsýni til framtíðar í þeirri vissu að þjóðin komist í gegnum þessa kreppu. Fyrir þá Íslendinga markaði síðasta vika þá von að botninum væri náð og endurreisnin hafin. Jákvæðar fréttir bárust um miðja vikuna þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn endurskoðaði loks efnahagsáætlun Íslendinga og í framhaldi voru lánafyrirgreiðslur Norðurlandanna og Póllands í höfn. Vinnufriður á vinnumarkaði var á sama tíma tryggður. Á laugardaginn tilkynnti svo Seðlabankinn að hafin væri aflétting gjaldeyrishafta.

*Og það er einnig rangt að einstaklingar sem vakna á morgnana fullir tilhlökkunar til að takast á við verkefni komandi dags átti sig ekki á alvarlegri stöðu þjóðarbúsins.*

Nýhafin vika gefur einnig tilefni til bjartsýni. Reikna má með því að Seðlabankinn lækki stýrivexti í vikunni. Óskandi er að aðilum vinnumarkaðarins öðlist í samvinnu við ríkisstjórnina að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem enn í vegi fyrir því að hjól atvinnulífsins fari að snúast fyrir alvöru með framkvæmdum bæði erlendra og innlendra aðila. Ef þetta gengur eftir er langt síðan þjóðin hefur fengið jafnmargar jákvæðar fréttir á jafnstuttum tíma.

En þrátt fyrir að loksins hafi birt til verða enn nógu margir til að draga kjark úr þjóðinni með neikvæðni og svartsýni. Sumir virðast telja það sjálfskipað hlutverk sitt að draga upp enn dekkri mynd af stöðunni en hún raunverulega er. Það er hins vegar verkefni þeirra sem telja að endurreisnin sé loks hafin að láta þessa aðila ekki hafa of mikil áhrif á sig.

Því það er rangt að bjartsýni við þessar aðstæður sé það sama og óraunsæi. Það er rangt að til þess að þykjast skilja alvarleika stöðunnar þurfi að vera með hangandi haus og gagnrýna allt og alla. Og það er einnig rangt að einstaklingar sem vakna á morgnana fullir tilhlökkunar til að takast á við verkefni komandi dags átti sig ekki á alvarlegri stöðu þjóðarbúsins eða hafi minna til málanna að leggja en aðrir.

Bjartsýni við þessar aðstæður er nefnilega nauðsynleg og veitir mikilvægan kraft til að takast á við erfið viðfangsefni. Bjartsýni jafnt sem svartsýni smitar út frá sér og þjóðin þarf á fleiri einstaklingum að halda sem smita jákvæðni út í þjóðfélagið – af fýlupúkum er víst nóg. Fýlupúkarnir eru ekkert merkilegri en bjartsýna fólkið og hafa ekkert merkilegri boðskap fram að færa – þeir eru einfaldlega leiðinlegri.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hræðist samanburðinn?

Forsætisráðuneytið hafnaði ósk Fréttablaðsins um að birta lista yfir þá sem komið hafa á fund Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Tilefni fyrirspurnar blaðsins var ákvörðun Obama Bandaríkjaforseta um að birta gestalista Hvíta hússins. Nú hefur sá fyrsti verið birtur. Bill Gates, Brad Pitt, George Clooney, Serena Williams, Denzel Washington og Paul Krugman nóbelsverðlaunahafa er að finna á listanum. Kannski óttast Jóhanna einfaldlega samanburðinn; því trauðla er listi hennar jafn spennandi.



### Vika eineltis

Síðasta vika var vika eineltis og fórnarlömb eineltis og aðstandendur þeirra sögðu ýmsar skelfilegar sögur um þetta samfélagsmein. Ótrúlegt er að heyra hvernig líf sumra er gert hreint helvíti á jörð fyrir engar sakir. Einhverjar augabrúnir lyftust því þegar Jón Magnússon, fyrrum alþingismaður, sakaði Egil Helgason um að leggja son sinn í einelti. Sonurinn, Jónas Fr. Jónsson, var eitt sinn forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Spurning hversu smekkleg samlíkingin var í ljósi sumra reynslusagnanna.



### Surtla hin síðari?

Margir hafa orðið til að gráta smölun villifjárins í Tálkna. Líkt og löngum hefur verið landans siður hafa víða hrotið vísur af munnum fram, órækur vottur þess að ljóðið lifir þrátt fyrir hrakspár Fræbbblanna og fleiri. Einhverjir hafa orðið til að rifja upp frægustu kind Íslandssögunnar, sjálfa Herdísarvíkur-Surtlu. Hún forðaðist smala um miðja síðustu öld og var að lokum felld. Til þess þurfti ekki færri en þrjú riffilsskot. Nú er að sjá hvort í Tálkna finnist jafnoki hennar.

**kolbeinn@frettabladid.is**

# „Voitation“



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Pósturinn

Snemma í október var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla í Frakklandi og snerist hún um mjög svo umdeildar breytingar sem nú er í bígerð að gera á póstþjónustunni. Reyndar var hún svo óvenjuleg í alla staði, að óvíst er að hægt sé að kalla hana þessu nafni. Fyrir nokkru var stjórnarskránni að vísu breytt í þá veru að efna skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu, ef ákveðinn hluti kjósenda krefðist þess, og þótti mörgum rétt að láta nú reyna á þessa nýbreytni og bera breytingarnar á póstinum undir atkvæði almennings. En þá kom í ljós að enn vantaði lögin um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, stjórnarskrárparagrafinn um hana var ekki annað en dauður bókstafur að svo stöddu; því var þessi hugmynd úr sögunni.

En þeir sem vildu að almenningur fengi að segja álit sitt á þessu máli voru ekki af baki dottnir, og því tóku einir sextíu aðilar sig saman, stéttarfélög, önnur samtök af margvíslegu tagi, ýmsir stjórnmálaflokkar svo sem sósíalistaflokkurinn og kommúnistaflokkurinn o.fl. og efndu til „þjóðaratkvæðagreiðslu“ um allt landið upp á eigin spýtur. Til að undirstrika að hér væri á ferðinni nokkuð sérstætt fyrirbæri og nýlunda var ekki notað venjulega franska heitið yfir slíka atkvæðagreiðslu, heldur orðið „votation“ sem er sömu merkingar en einungis notað í frönskumælandi Sviss, þar sem slíkar atkvæðagreiðslur eru algengur viðburður. Framkvæmdin var líka með óvenjulegum hætti, líkari undirskriftasöfnun en venjulegri atkvæðagreiðslu, og lágu listarnir fáeina daga frammi á margvíslegum stöðum, pósthúsum, markaðstorgum, háskólum, söfnum og þar fram eftir götunum.

Spurningin sem var borin undir atkvæði hljóðaði á þessa leið: „Ríkisstjórnin vill breyta fyrirkomulagi póstþjónustunnar með það fyrir augum að einkavæða hana. Eruð þér fylgjandi því?“ Mikill áróður var nú rekinn fyrir því, í vinstri sinnuðum fjölmiðlum og mjög víða annars staðar, að menn segðu hljómmikið „nei“, en enginn áróður var rekinn fyrir „jái“. Þeir sem voru hlynntir þeim breytingum sem fyrirhugað er að gera vefengdu nefnilega spurninguna sjálfa. Það eitt er á dagskrá, sögðu þeir, að breyta eilítið stöðu póstþjónustunnar, gera opinbera þjónustu að hlutafélagi, en það á alls ekki á neinn hátt að einkavæða hana, síður en svo, hún á eftir sem áður að vera í eigu ríkisins, ekki er um neitt annað að ræða en smávegis hagræðingu til að mæta nýjum tímum. „Ef ég ímyndaði mér að þetta leiddi til að póstþjónustan yrði einkavædd, væri ég á móti þessari breytingu“, sagði einn leiðtogi stjórnarsinna.

En gallinn var sá að enginn tók þessa menn trúanlega, og alls staðar var spurt: til hvers í ósköpunum á að breyta skipulaginu ef ekki er verið að stefna að einkavæðingu, að öðrum kosti er breytingin út í hött? Og menn bentu á fordæmin: í hvert skipti sem opinber þjónusta hefur verið einkavædd hefur það verið gert með sama hætti, fyrst er henni breytt í e.k. hlutafélag með háværum yfirlýsingum um að það yrði að sjálfsögðu alfarið í eigu ríkisins, og svo eftir smátíma hefur verið byrjað á hægfara einkavæðingu. Þannig fór með gasveituna og þannig fór með franska símann, sem mjög er nú fjallað um í fjölmiðlum. Þrýstingurinn er mikill: erkiklerkar markaðsvæðingarinnar beita nú öllum tiltækum ráðum til að einkavæða alla þjónustu, þeir hafa sterkan bakhjarl sem eru kommissarar í Brussel, og þaðan er tilskipunin um einkavæðingu póstþjónustunnar upphaflega komin.

En eins og skoðanakannanir hafa leitt í ljós er mikill meirihluti Frakka gersamlega andvígur þessum breytingum á póstþjónustunni, sem leikur stórt hlutverk í þjóðlífinu, sennilega mun stærra en pósturinn á Íslandi, enda á hún rætur sínar að rekja allt til stjórnartíma Lúðvíks ellefta á 15. öld. Víða í smáþorpum úti á landi er pósthúsið mikilvæg miðstöð, það er líka útibú sparisjóðs o.fl. Við þetta bætist að reynslan af einkavæðingu þjónustustarfsemi að undanförnu er harla slæm, svo höfleg sé til orða tekið. Hún hefur æfinlega leitt til mun lakari þjónustu, verðhækkana sem oft eru faldar með alls kyns blekkingum, auglýsingaskrums sem dynur á mönnum, mikilla uppsagna starfsfólks og ömurlegrar meðferðar á þeim starfsmönnum sem eru eftir.

Tvær milljónir manna tóku þátt í „þjóðaratkvæðagreiðslunni“, mun fleiri en nokkur hafði búist við, og níutíu af hundraði svöruðu „nei“. En ljóst er að stjórnvöld ætla að láta sér þetta sem vind um eyru þjóta; þau hafa farið hinum háðulegustu orðum um þetta fyrirtæki. Það verður haldið áfram að dansa eftir lúðurhljómnum frá Brussel.

# Hverra er ávinningurinn?

**UMRÆÐAN**

Björn Valur Gíslason skrifar um stóriðju



BJÖRN VALUR GÍSLASON

Stóriðjufyrirtækin á Íslandi vilja leggja sitt af mörkum til að hjálpa íslensku samfélagi á miklum erfiðleikatímum. Þessu lýsir upplýsingafulltrúi Rio Tinto á Íslandi yfir í grein í Fréttablaðinu sl. fimmtudag. Annað í greininni er til að réttlæta að þau þurfi ekki að leggja meira af mörkum en þau gera nú.

Upplýsingafulltrúinn segir að árlegar tekkjuskattsgreiðslur fyrirtækisins séu 1,3 ma.kr. Hann getur þess einnig að í upphaflegum fjárfestingasamningi fyrirtækisins við íslensk stjórnvöld hafi verið gert ráð fyrir að fyrirtækið greiddi 33% tekjuskatt en hann hefur nú lækkað niður í 15%. Án þessarar lækkunar má því ætla að fyrirtækið greiddi tæpa 2,9 ma.kr. árlega í tekjuskatt eða 1,6 ma.kr. meira en það gerir nú.

Upplýsingafulltrúinn rekur einnig hvernig áformuð umhverfis-, orku- og auðlindagjöld muni leggjast á fyrirtæki sitt. Hann segir 30 aura orkugjald á hverja kílówattsstund af rafmagni kosta fyrirtækið 900 m.kr. og gjald upp á 14 evrur á hvert losað tonn af koltvíoxíði 700 m.kr. eða samtals 1,6 ma.kr. Þessi gjöld myndu líklega lækka tekjuskatta fyrirtækisins um 2-300 m.kr. svo hækkun skatta yrði minni en sú skattalækkun sem því féll í skaut á liðinni blómatíð og skattaleg staða þess betri en þegar það ákvað fjárfestingar sínar. Upplýsingafulltrúinn segir það álver sem hann er talsmaður fyrir nota 18% af þeirri raforku sem seld er á Íslandi. Með einföldum reikningi sést að öll raforkan dygði rúmlega 5 álverum. Samanlagt myndu þau greiða 6,5 milljarða króna í tekjuskatt. Það eru 0,4-0,5% af vergri landsframleiðslu. Þessar skattgreiðslur eru meginhluti þess arðs sem Ísland hefur af þeim orkuauðlindum sem notaðar eru til raforkuframleiðslu.

Telur fyrirtækið, upplýsingafulltrúinn og aðrir talsmenn þessa kerfis að þessir 6,5 milljarðar séu hæfileg renta Íslendinga af þessum náttúruauðlindum sínum? Telja þeir það réttláta skiptingu að í hlut alennings kom 6,5 milljarðar á móti 43 milljörðum í hagnað álfyrirtækjanna eftir skatta? Finnst almenningi auðlindunum vel varið með þessum hætti?

*Höfundur er alþingismaður Vinstri grænna.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# WHIRLPOOL VIKUTILBOÐ



GAMLA TÆKIÐ Á 20.000kr. UPPÍTÖKU VERÐ

# TÖKUM GAMALT UPPÍ NÝTT

**Vikuna 2. – 7. nóv. tökum við gamla tækið upp í nýtt Whirlpool fyrir 20.000 kr.**

Tilboðið gildir á öllum **Whirlpool** þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum, kæliskápum, frystiskápum og frystikistum. Eina skilyrðið er að gamla tækið sé í lagi.

*NOKKUR VERÐDÆMI*



**Whirlpool AFG610MB**
105 lítra FRYSTIKISTA

GAMLA TÆKIÐ Á 20.000kr. UPPÍTÖKU VERÐ

TILBOÐ **49.995**

FULLT VERÐ 69.995



**Whirlpool ARC2343**
144sm KÆLISKÁPUR m/frysti

GAMLA TÆKIÐ Á 20.000kr. UPPÍTÖKU VERÐ

TILBOÐ **79.995**

FULLT VERÐ 99.995



**Whirlpool ADP4451**
12 manna UPPÞVOTTAVÉL

GAMLA TÆKIÐ Á 20.000kr. UPPÍTÖKU VERÐ

TILBOÐ **89.995**

FULLT VERÐ 109.995




**Whirlpool AWOD6715**
1400sn og 6kg ÞVOTTAVÉL

GAMLA TÆKIÐ Á 20.000kr. UPPÍTÖKU VERÐ

TILBOÐ **94.995**

FULLT VERÐ 114.995

**2. - 7. nóvember**

***Uppfærðu heimilistækin og hámarkaðu virði þeirra gömlu***

**Heimilistæki**
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

**MARIE ANTOINETTE (1755 – 1793) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Í ógæfunni þekkir maður sjálfan sig.“*

***Fædd sem hertogaynja Austurríkis, varð síðar drottning Frakklands og Navarra. Hún var gift Loðvík XVI., Frakklandskonungi og var móðir „týnda“ ríkisarfans Loðvíks XVII. Hún var hálshöggvin í frönsku byltingunni eftir að hafa verið dæmd fyrir landráð og fleiri glæpi.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. NÓVEMBER 1906

## *Íslendingar fá kvikmyndahús*

Þennan dag árið 1906 hóf fyrsta kvikmyndahús á Íslandi göngu sína í Fjalakettinum við Aðalstræti í Reykjavík og nefndist Reykjavíkur Biograftheater og varð seinna Gamla bíó.

Þegar Fjalakötturinn var rifinn 1985 í borgarstjórnartíð Davíðs Oddssonar var bíósalurinn talinn einn sá elsti uppistandandi í heiminum. Ákvörðunin um niðurrif hússins var mjög umdeild og um hana stóð töluverður styr og er um hann getið í bókinni Ljósin slökkt og filman rúllar eftir Björn Inga Hrafnsson.

Fjalakötturinn var teiknaður af Valgarð Ö. Breiðfjörð og oft kallað Breiðfjörðshús. Árið 2005 var opnaður veitingastaður með nafninu Fjalakötturinn í nýju hóteli Hotel Reykjavik Centrum en það var teiknað með það fyrir augum að það liti út eins og þau þrjú hús sem áður stóðu við Aðalstræti, og sá hluti byggingarinnar sem veitingastaðurinn er í er teiknaður eftir Fjalakettinum.

Fjalakötturinn var ekki lengi eina kvikmyndahúsið á Íslandi því árið 1912 tók Nýja bíó til starfa. Við það varð Reykjavíkur Biograftheater að Gamla bíói í hugum bæjarbúa þótt það hefði vart slitið barnsskónum. Gamla bíó flutti svo á þriðja áratugnum upp á Ingólfsstræti þar sem kvikmyndasýningum var áfram haldið þar til á níunda áratugnum. Nú er þar Íslenska óperan.

**Heimild: Wikipedia.org.**



**FJALAKÖTTURINN AÐALSTRÆTI** Nú stendur hús Tryggingamiðstöðvarinnar á sömu lóð við hlið Morgunblaðshöllinni.

## MERKISATBURÐIR

- **1912** Skátafélag Reykjavíkur er stofnað í Fjósinu, bakhúsi Menntaskólans í Reykjavík.
- **1913** Morgunblaðið hefur göngu sína. Stofnandi og fyrsti ritstjóri þess er Vilhjálmur Finsen.
- **1914** Lög um notkun bifreiða ganga í gildi. Réttur til að stjórna bifreið er bundinn við 21 árs aldur. Hámarksökuhraði er 15 km/klst í þéttbýli en 35 km/klst utan þess.
- **1941** Mesta flugslys á Íslandi fram til þessa verður er bandarísk flugvél ferst á Langahrygg á Reykjanesi og með henni 11 menn.
- **1946** Íslendingar taka við yfirstjórn flugumferðar yfir Norður-Atlantshafi, allt frá Hjaltlandseyjum til Grænlands og á norðurpól.

## AFMÆLI



**ÓFEIGUR SIGURÐSSON** skáld er 34 ára.



**KJARTAN ÓLAFSSON** stjórnmálamaður er 56 ára.

---

†



*Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður, bróður, mágs, afa og langafa,*

**Þorsteins Kristinssonar**

Hörgshlíð 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaklega góða umönnun og viðmót.

**Frida Petersen**
**Kristinn Már Þorsteinsson**
**María Þorsteinsdóttir** — **Karl Sigurðsson**
**Ingibjörg Þorsteinsdóttir** — **Hans Jakob Beck**
**Ester Þorsteinsdóttir** — **Þröstur Jensson**
**Eyðstein Wardum** — **Súsanna S. Wardum**
**Alf Wardum** — **Unnur Sigurjónsdóttir**
**Hallur Wardum** — **Marjun F. Wardum**
**Klara Kristinsdóttir** — **Vignir Daníel Lúðvíksson**
**afabörn og langafabörn.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, bróðir, stjúpi og afi,*

**Þorlákur Gestur Jensen**

Skúlagötu 64, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans Kópavogi fimmtudaginn 22. október, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 3. nóvember kl. 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði. Blóm og kransar afbeðin. Þeim sem vilja minnast hans láti Krabbameinsfélög njóta þess. Sérstakar þakkir til Sigurðar Björnssonar læknis og Kristjönu hjúkrunarfræðings ásamt öllu starfsfólki líknardeildar í Kópavogi fyrir alla ástúð og hlýju er þið sýnuð honum og okkur. Guð blessi ykkur öll.

**Hólmfríður Jónsdóttir**
**Hálfdán Ingi Jensen** — **Soffía Sveinbjörnsdóttir**
**Hulda Margrét Þorláksdóttir** — **Davíð Ingvason**
**Guðni Óskar Jensen** — **Kristbjörg Sveinsdóttir**
**Jón Múli Franklínsson**
**börn og barnabörn.**

---

**ALINA DUBIK:** HEIÐRUÐ AF NEMENDUM SÍNUM Á TÓNLEIKUM Í KVÖLD

# Endurnýjar kynni sín við pólsk tónskáld á Íslandi



**FJÖLHÆF LISTAKONA** Söngkonan Alina ætlaði sér aðeins að stoppa í fáeina mánuði þegar hún kom fyrst hingað til lands árið 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um 20 ár eru liðin frá því að Alina Dubik kom hingað til lands frá Póllandi ásamt lítilli dóttur sinni og eiginmanni sem þá ætlaði að spila um stutta hríð í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Dvöl fjölskyldunnar ílengdist mjög og Alina hefur getið sér afar gott orð sem óperusöngkona hér á landi auk þess að vera eftirsóttur söngkennari. Nokkrir af nemendum hennar ætla að halda henni til heiðurs söngveislu í kvöld í tilefni þess að nú eru um 20 ár frá komu hennar hingað til lands.

„Mér finnst þetta mjög fallegt og hlakka mikið til,“ segir Alina um uppátæki nemenda sinna. Að henni meðtalinni koma fram á tónleikunum sjö söngkonur. Flutt verða sönglög, aríur og dúettar eftir Tsjækovski, Saint-Saens, Caccini, Jón Ásgeirsson, Fauré, Vivaldi, Ponchielli, Poulenc, Puccini, Mussorgsky, Catalani og Bizet. Tónleikarnir fara fram í Salnum í Kópavogi og hefjast klukkan átta. Með á píanó leikur Ástríður Alda Sigurðardóttir

Ferill Alinu spannar langan tíma. Í stuttu máli sagt útskrifaðist hún frá Tónlistarskólanum í Gdansk í Póllandi árið 1985 eftir að hafa stundað nám hjá prófessor Barböru Iglikowsku. Samhliða námi söng hún með Óperunni í Kraká í heimalandi sínu. Hún hefur komið fram sem einsöngvari í Þýskalandi, Lúxemborg, Ítalíu, Sviss og hér á landi meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands til óperuuppfærslunni á Óþelló eftir Verdi.

Alina og eiginmaður hennar eiga þrjú börn sem öll hafa látið til sín taka í tónlistinni. Elst þeirra er Magdalena Dubik fiðluleikari, en hún var kjörin fegurðardrottning Reykjavíkur fyrir skömmu.

Alina segist alla tíð hafa notið þess mjög að starfa við kennslu, jafnvel þótt það hafi orðið til þess að hún hafi haft minni orku til að syngja á tónleikum. „Ég hef mikla ánægju af því að vinna með fólki,“ segir hún.

Undanfarið segist Alina hafa verið að endurnýja tengsl sín við pólska tónlistarstrauma. Hún kenni meðal annars nokkrum nemendum sínum að syngja á pólsku áður en þeir halda til keppni í Varsjá. Auk þess hefur hún sungið allar aríur Fryderyks Chopin inn á disk en Jónas Ingimundarson sér um upptökuna. En þar fyrir utan segist hún hafa verið að endurnýja kynni sín á pólska tónskáldinu Karol Szymanowski. „Þegar ég var yngri þótti mér skemmtilegra að syngja á rússnesku, frönsku eða þýsku heldur en pólsku en nú er ég að enduruppgötva Szymanowski í gegnum Youtube,“ segir Alina glettnislega og bætir við að þótt hann sé ekki jafn þekktur og margir aðrir tónsnillingar sé tónlist hans afar fögur.

**karen@frettabladid.is**

---

†



*Eiginkona mín,*

**Helga Ingólfsdóttir**

semballeikari,

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju í dag, 2. nóvember, kl. 15 en tónlistarstund hefst kl. 14.30. Þeim sem vilja minnast Helgu er bent á Sumartónleika í Skálholtskirkju, kt. 700485-0809, reikningur 0334-13-554431.

**Þorkell Helgason.**

---

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður H. Beck**

Breiðuvík 18, Reykjavík,

sem andaðist 24. október, verður jarðsungin frá Langholtskirkju þriðjudaginn 3. nóvember kl. 13.00.

**Jón Gunnar Júlíusson**
**Hallfríður Jónsdóttir**
**Kristín G. Jónsdóttir** — **Guðmundur B. Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar og amma,*

**Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir**

frá Vestmannaeyjum,
Borgarholtsbraut 20, Kópavogi,

lést á Landspítalanum, Landakoti, sunnudaginn 25. október. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**Ríkharður H. Friðriksson**
**Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir**
**Kristín Helga Ríkharðsdóttir.**

**SÝNINGIN ÍSLENSK HÖNNUN 2009** stendur yfir í Ketilhúsinu á Akureyri til 7. nóvember. Þar gefur að líta húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr. Sýnd eru verk frá um 30 hönnuðum á sýningunni sem er ætlað að vera spegill þess sem telja má á einn eða annan hátt gæði í íslenskri hönnun undanfarin ár. www.honnunarmidstod.is
















FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta er uppáhaldshægindið mitt á heimilinu,“ segir Margrét.

# Varð að sitja á sveinsstykkinu milli landa

**Þegar Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, talar í símann heima hjá sér situr hún oft úti við stofugluggann í stól sem afi hennar smíðaði í Danmörku og á sér merka sögu.**

„Þessi stóll er meira en sextíu ára gamall. Afi minn í móðurætt smíðaði hann og átti. Hann hét Gunnar Magnús Theódórsson og er látinn en hann lærði húsgagnabólstrun og innanhússarkitektúr í Danmörku á stríðsárunum og þessi stóll er sveinsstykkið hans.“ Þannig byrjar Margrét frásögn sína um leið og hún strýkur létt yfir nettan hægindastól á heimili sínu. Heldur svo áfram: „Þegar stríðinu lauk og afi hafði lokið námi þá sigldi hann til Íslands með Gullfossi en skipið var svo fullt af fólki að hann fékk ekki nokkurt sæti þar. Þá kom sér vel fyrir hann að hafa stól í farteskinu sem hann gat tekið fram. Þarna sat hann á sveinsstykkinu á margra daga siglingu heim yfir hafið og þóttist heppinn, því annars hefði trúlega farið heldur illa um hann.“

Eftir lát afa síns árið 2002 segir Margrét móður hennar hafa erft stólinn og látið bólstra hann upp á nýtt og yfirdekkja. „Stóllinn var inni í svefnherbergi hjá mömmu og hún var svo elskuleg að leyfa mér að fá hann til mín enda nýtur hann sín mun betur hér og kemur að meiri notum,“ segir Margrét brosandi. „Ég sest oft í hann og virði fyrir mér útsýnið úr glugganum. Ég sest í hann með kaffibollann minn og þegar ég tala í símann. Hann er penn, frekar lágur og passar mér voða vel. Þetta er bara uppáhaldshægindið mitt á heimilinu.“

Margrét á ekki bara stólinn eftir afa sinn heldur líka góðar minningar. „Ég var alltaf léleg í saumaskap og hannyrðum í skóla en tókst betur til í smíðinni og þá var afi alltaf fyrstur til að hrósa mínum verkum. Hann var fagurkeri og kunni að meta það sem vel var gert.“

*gun@frettabladid.is*



**LJÓSMYNDABÆKUR** eru nýjung hjá Hans Petersen. Hægt er að búa til persónulega ljósmyndabók á einfaldan hátt með því að skrá sig inn á www.ljosmyndabok.is og bæta inn myndum. Einnig er hægt að fá dagatöl og tækifæriskort.





Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið


# Sumarfrí í óperu

**Belgískur arkitekt hefur hannað fellihýsi í formi óperuhússins í Sydney.**

Opera heitir fellihýsið sem belgíski arkitektinn Axel Enthoven hannaði og hafði að fyrirmynd óperuhúsið fræga í Sydney í Ástralíu.

Húsið opnast líkt og tjaldvagn og í því eru tvö rúm, klósett, heitt og kalt vatn og LED-lýsing. Lúxusinn er ekki fjarri þar sem vínkælir, espresso-kaffivél og innbyggð verönd mynda fallega umgjörð utan um sumarfríið.

Opera verður frumsýnd í fyrsta sinn á hönnunarsýningu í Kortrijk í Belgíu í desember.

Verið er að leggja lokahönd á fyrsta óperufellihýsið, sem búið er til í höndunum í Geldrop í Hollandi. Húsið er handgert og búið til úr harðviði, ryðfríu stáli og leðri.

Mjög takmarkað magn af óperufellihýsunum mun koma á markað árið 2010.



Arkitektinn belgíski hafði óperuhúsið í Sydney sem fyrirmynd þegar hann hannaði fellihýsið.



Hendrikka bregður fyrir sig alls konar stíl í sinni smíði. Nú leikur hún sér með fornsögurnar í nýlegri hönnun.

# Sótti form í sagnaarfinn

**Íslenskar fornbókmenntir veittu Hendrikku Waage skartgripahönnuði innblástur er hún hannaði nútímalegar gjafavörur úr silfri, leir og tré. Fyrstir til að nema land eru kokkteilpinnar með víkingum á skafti.**

„Þetta eru sex til átta hlutir, ætlaðir bæði til skrauts og nota og kokkteilhristarar eru þeir fyrstu á markað. Aðrir koma úr framleiðslu á næstu vikum, en verða þó bara gerðir í takmörkuðu upplagi," segir Hendrikka Waage um nýja gjafavöru úr hennar smiðju, þá fyrstu sinnar tegundar. Hún segir frumkvæðið hafa komið frá Einari Bárðarsyni hjá Víkingaheimum á Suðurnesjum. Hann hafi óskað eftir að hún smíðaði eitthvað fyrir þá sem bæði væri þjóðlegt og nútímalegt.

Hendrikka kveðst frá unga aldri hafa haft áhuga á víkingum og því hafi henni þótt heiður að því að hanna gjafavöru sem endurspegli þá einstöku menningu sem tengist þeim og sagnaarfinum. „Línan heitir „Designing my culture" og ég var búin að skoða margar bækur áður en ég byrjaði að forma gripina," segir hún.

Hendrikka býr og starfar í London en ferðast mikið og þegar haft var samband við hana vegna þessa viðtals var hún stödd í New York. Nýlega voru hanastélshringar hennar útnefndir meðal sex bestu hringja heims af tímaritinu Times og hönnun hennar hefur birst á síðum Vogue, Elle, Hello og fleiri þekktra tímarita. Hún hefur einnig tekið að sér að hanna dýra muni fyrir einstaklinga og samtök.



Kokkteilpinnarnir eru það fyrsta sem kemur á markað.

Flestir hlutirnir úr hinni nýju gjafavörulínu eru úr silfri og keramiki en kokkteilpinnarnir eru úr silfri og tré. Þeir eru 20 cm langir og henta vel í djúp glös. Þeir fást í Víkingaheimum en Hendrikka kveðst vonast til að þeir verði til á fleiri stöðum.

*gun@frettabladid.is*


Rauðakrosshúsið
Allir velkomnir!

## Ókeypis námskeið og ráðgjöf

**Mánudagur 2. nóvember**

Tekist á við breytingar. 24 stundir - Kenndar verða aðferðir við að takast á við breytingar á jákvæðan hátt. Fyrri hluti. Lokað! Tími: 12.30-14.30.
Prjónahópur - Vertu með! Tími: 13.00-15.00.
Hraðskákmót - Tefldar verða nokkar umferðir með sjö mínútna umhugsunartíma eftir Monradkerfi. Verðlaun veitt og Róbert Lagerman Fide meistari verður skákstjóri. Tími: 13.30-15.30.
Af kynslóðabilunum og öðrum bilunum í samskiptum fólks - Þórhildur frá Þekkingarmiðlun fjallar um eldgamla liðið, ábyrgðalausu kynslóðina, skyndikynslóðina og þá ofdekruðu. Einnig um hve ótrúlegt sé að samskipti þeirra gangi upp! Tími: 15.00 -16.00.

**Þriðjudagur 3. nóvember**

Qi – Gong - Æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.
Gönguhópur - Við klæðum okkur eftir veðri og göngum rösklega út frá Rauðakrosshúsinu. Tími: 13.00 -14.00.
Skiptifatamarkaður - Útiföt barna - Komdu og skiptu útifötum barnanna í aðrar stærðir og gerðir. Tími: 13.30 -17.00.
Táknmál fornaldar, kristin og gyðingleg talnaspeki og Týnda táknið– Sr. Þórhallur Heimisson fjallar um talnaspeki, forn tákn, frímúrara og nýjustu bók Dans Brown. Tími: 13.30-14.30.
Baujan sjálfstyrking - Byggð á slökunaröndun og tilfinningavinnu til sjálfshjálpar. Fullt! Tími: 15.00 -16.30.
Samsöngur - Hefur þú gaman af því að syngja? Við léttum lundina með söng og gítarspili. Tími: 15.00 -16.00.

**Miðvikudagur 4. nóvember**

Tekist á við breytingar. 24 stundir - Seinni hluti. Lokað! Tími: 12.30-14.30.
Áhugasviðsgreining - Taktu áhugasviðskönnun og fáðu einkaráðgjöf í framhaldinu. Tími: 13.00-15.00.
Tölvuaðstoð - Fáðu persónulega aðstoð og komdu með eigin tölvu ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.
Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Nornin í Portobello eftir Paulo Coelho. Tími: 14.00-15.00.
Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 15.00-16.30.
Var týndi sonurinn týndur? - Hefur þig alltaf langað að lesa Biblíuna en aldrei byrjað? Tími: 15.30-16.30.

**Fimmtudagur 5. nóvember**

Uppeldi sem virkar - Fyrsti hluti af fjórum sjálfstæðum fyrirlestrum. Uppeldi og foreldrafærni. Tmi: 12.30-13.30.
Opnar umræður - Tilgangur lífsins. Tími: 12.30-13.30.
Föndur, skrapp-myndaalbúm og jólakort - Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 13.00-15.00.
Saumasmiðjan - Gerðu nýjar flíkur á barnið úr gömlu fötunum þínum. Komdu með saumavél ef þú getur. Tími: 13.00-15.00.
Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

**Föstudagur 6. nóvember**

Spænska og menning hins spænskumælandi heims - Fjórði hluti af fjórum. Framhald frá því í ágúst. Tími: 12.30-14.30.
Íslenskuspilið – Glænýtt spil sem nýta má í íslenskunámi útlendinga. Komdu og spilaðu með! Tími: 13.00-15.00.
Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

ROPE YOGA WORKOUT
Rope Yoga
Námskeið hefjast 2. og 3. nóvember

www.elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419

# híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 2. NÓVEMBER 2009







**● MÍNIMALÍSKT Á VEGGINN** Breski hönnuðurinn Simon Lumb á heiðurinn af þessari skondnu klukku, sem kallast Target Clock. Lumb var tvö ár að hanna klukkuna þar sem hann reyndi eftir fremsta megni að einfalda í útliti dæmigerða veggklukku. Svarta línan, sem sést á klukkunni á myndinni, kemur í stað vísis og fer heilan hring á mínútu, eða þar til skífan er öll svört. Þá tekur hvítur við og svo aftur svartur og þannig skiptir klukkan „litum“ á mínútufresti.





**● SÉRSTÖK SJÁLFSMYND** Hollenski hönnuðurinn Ka-Lai Chan hefur verið að velta lífinu og tilverunni fyrir sér að undanförnu eins og sést meðal annars af nýjasta útspilinu, stólnum Sjálfsmynd eða Selfportrait. Chan er að eigin sögn lokaður persónuleiki sem hefur oft bælt niður tilfinningar sínar, með þeim afleiðingum að henni finnst hún vera að því komin að springa. Hnúðurinn á stólnum endurspeglar þá upplifun og gerir stólinn hvort tveggja í senn heillandi og óhugnanlegan.

**● LISTAVERK ÚR GÓÐGÆTI** Þessir skemmtilegu vasar vöktu athygli á hönnunarviku í Hollandi á dögunum. Tvíeykið Andrea Trimarchi og Simone Farresin, eða Formafantasma eins og þeir kalla sig, standa á bakvið vasana sem nefnast einu nafni The Baked project. Þar fóru þeir Trimarchi og Farresin þá óhefðbundnu leið að nota hráefni eins og hveiti, salt, sykur og kaffi út í leirinn, mótuðu svo vasana og skreyttu útkomuna svo með kringlum, brauði og fleira góðgæti.




**Nýtt og traust umboð fyrir JCB á Íslandi**




Frum

VÉLFANG – VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200
www.velfang.is • velfang@velfang.is



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki







Margir hafa það fyrir venju að setja upp dökk gluggatjöld á veturna en í raun er skynsamlegra að hafa þau ljós til að hleypa inn sem mestri dagsbirtu og draga hin dekkri fram á vorin. NORDICPHOTOS/GETTY

# Í takt við árstíðirnar

**Lengi voru sett upp dökk gluggatjöld fyrir veturinn og ljós á vorin. Svo virðist sem sú tilhneiging hafi breyst og jafnvel snúist við auk þess sem margir velja ljós gluggatjöld allan ársins hring.**

Gluggar spila stórt hlutverk á heimilinu. Með því að þrífa rúðurnar og skipta um gluggatjöld stöku sinnum fá gluggarnir nýtt líf, og ekki bara þeir, heldur líka veröldin beggja vegna við þá.

Heppilegt er að vera í takt við árstíðirnar og skipta um gluggatjöld haust og vor. Lengi var tilhneigingin sú að setja upp þykkar, dökkar og hlýlegar gardínur á haustin sem virkuðu eins og hýði bjarnarins og lífga svo upp á heimilið á vorin með léttum og ljósum tjöldum og leyfa birtunni flæða inn.

Þetta er auðvitað ósköp fallegt en ekki að sama skapi skynsamlegt. Á haustin þurfum við nefnilega á þeirri litlu dagsbirtu að halda sem í boði er og ættum því heldur að setja upp ljósar gardínur, þótt ekki sé mælt með gegnsæjum þar sem ljósanotkun innanhúss eykst á dimmum vetrarkvöldum. Á vorin er hins vegar meiri ástæða til að draga fram dekkri tjöld til að vera ekki með sólina í augum alla nóttina yfir sumarið. Ásdís Sigurðardóttir hjá Z-brautum og gluggatjöldum segir viðskiptavini í auknum mæli velja ljósar gardínur jafnt á haustin sem á vorin. „Á vorin er hins vegar mikið keypt af myrkvunartjöldum en þau geta líka verið ljós. Mér finnst obbinn af fólki velja ljósar gardínur allan ársins hring þótt auðvitað sé það einstaklingsbundið.“



Gardínusamsetning sem þessi hentar vel yfir vetrartímann. Hún hleypir inn birtu en kemur líka í veg fyrir að mikið sjáist inn.

Hvað sem öðru líður þá skiptir líka máli hvernig gluggarnir sjálfir eru, hvort húsið er nýtt eða gamalt, hvaða stíll fer þar best og hvernig innbúið er á heimilinu. Líka í hvaða átt svefnherbergisgluggarnir snúa en það eru ekki síst þeir sem þarf að draga vel fyrir. Einnig þarf að taka tillit til útsýnisins úr stofuglugguum. Þeir sem búa við vítt útsýni vilja ógjarnan hylja það með þykkum tjöldum. *-gun, ve*

# Kemur ekki vörunni áfram

Áhugi er fyrir því að koma vöru Guðrúnar Sigríðar Guðrúnardóttur hugvitskonu í um 1.500 byggingarvöruverslanir í Frakklandi einu. Hún getur þó ekki sent vörur sínar þangað þar sem hún fær ekki vöruna leysta úr tolli. Gámar eru fastir í Frakklandi og Íslandi og má áætla að yfir tíu milljónir eða 50 þúsund evrur þurfi til að greiða flutningskostnað á þeim en á því strandar málið.

Fyrirtæki Guðrúnar heitir Gips-plug ehf. og hefur það einkaleyfi fyrir gifstöppum sem notaðir eru til að gera við veggi á einfaldan hátt. Varan er til sölu í flestum byggingarvöruverslunum hér á landi. Framleiðslan fer fram í Kína en Guðrún segir að ekki hafi verið áhugi fyrir því að hefja framleiðslu hér á landi þótt það hefði hún gjarnan viljað. Í september flutti hún svo til Frakklands og segir ástæðuna vera þá að of erfitt sé að vera í fyrirtækjarekstri hérlendis.

Guðrún hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir vöru sína, meðal annars fékk hún silfurverðlaun frá Samtökum evrópskra hugvitskvenna (European women inventors and innovators network, EUWIIN). Markaðurinn fyrir vöruna þykir ógnarstór enda húseigendur æði margir í veröldinni. Hún segist þó eiga í miklum erfiðleikum með að útvega fyrirgreiðslu frá fjárfestum og opinberum aðilum þar sem rekstur hennar þyki of áhættusamur. „Samt er ég að framleiða áþreifanleg verðmæti sem markaður er fyrir út um allan heim og hentar öllum hópum.“



Guðrún Guðrúnardóttir hugvitskona segir sárt að geta ekki skapað verðmæti úr vöru sinni vegna skorts á fyrirgreiðslu og stuðningi.

Hún bætir við að sama hafi verið upp á teningnum fyrir bankahrun. Hennar fyrirtæki hafi þó lifað hrunið ólíkt mörgum þeim sem ekki þótti áhættusamt að fjárfesta í.

Guðrún segir að uppgjöf sé ekki til umræðu. Of mikil vinna hafi verið lögð í kynningu, einkaleyfi og til að fá réttu aðilana til samstarfs við sig. „Ég er allt of þrjósk til þess að gefast upp enda veit ég að vara mín er góð.“ *- kdk*

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúli 27 • Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali
Reynslumikið starfsfólk með yfir 130 ára reynslu við fasteignasölu.
Þarftu að selja/skipta? Þú hringir! Við komum! Það ber árangur.
Hvað kostar eignin mín í dag ? Við metum þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband í síma: 588-4477

Ingólfur Gissurarson s: 896-5222 Lögg.fast.Sali.
Bárður Tryggvason s: 896-5221 sölustjóri
Heiðar Friðjónsson s: 693-3356 Lögg.fast.Sali.
Ellert Róbertsson s: 893-4477 sölumaður
Halla Unnur Helgadóttir s: 824-5045 Lögg.fast.Sali.
Páll Höskuldsson s: 864-0500 sölumaður
Sigþór Bragason s: 899-9787 Lögg.fast.Sali.
Jón Rafn Valdimarsson s: 695-5520 Lögg.fast.Sali.
Margrét Sigurgeirsdóttir s: 866-1515 skrifstofustjóri.

# fasteignir

2. NÓVEMBER 2009

# Íbúð á fallegum útsýnisstað í Sjálandinu

**Fasteignamarkaðurinn er með á skrá fjögurra herbergja íbúð á einni hæð við Strandveg 12 í Garðabæ.**

Íbúðin er fjögurra herbergja, samtals 116 fermetrar, með verönd, sér garði og stæði í bílageymslu á þessum fallega útsýnisstað í Sjálandinu.

Komið er inn í parkettlagða forstofu með fataskápum. Þvottaherbergi er flísalagt, með skápum og vaski. Eldhúsið er parkettlagt, með eikarinnréttingum með graníti á borðum og flísum á milli skápa. Stór eyja úr eik er í eldhúsi og er hún með graníti á borðum og borðaðstöðu. Stofur eru parkettlagðar með útgangi á um sextíu fermetra skjólgóða viðarverönd. Útsýni er af verönd og úr stofum út á sjóinn að Bessastöðum, Snæfellsjökli og víðar.

Svefngangur er parkettlagður. Barnaherbergi eru tvö og bæði parkettlögð. Baðherbergi er rúmgott, flísalagt í gólf og veggi og með baðkari með sturtuaðstöðu. Hjónaherbergið er rúmgott, parkettlagt og með fataherbergi inni af.

Húsið er í góðu ástandi að utan og lóð er fullfrágengin og ræktuð.



Húsið er í góðu ástandi að utan og lóð er fullfrágengin og ræktuð. MYND/ÚR EINKASAFNI

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

## Hæðargarður – falleg íb. F. aldraða.



Falleg 105 fm endaíb. 4.hæð f. aldraða. Ásamt stæði bílageymslu. Góðar innréttingar, parket, suður svalir, útsýni yfir Bláfjöll, Kópavog og fl. 2-3 svefnherbergi. Innangengt í alla þjónustu í Réttarholti – mötuneyti, dans, föndur, setustofur og fl. Húsvörður. Laus svo til strax. Verð: tilboð.

**Upplýsingar veitir Ingólfur Gissurarson lg.fs. 896-5222.**

## Kaplaskjólsvegur – hagstætt verð.



Mjög góð 90 fm íbúð á 3 hæð í vönduðu fjölbýlishúsi, vel um gengin og vel skipulögð íbúð rétt við KR völlinn, skuldlaus, hagstætt verð 18 millj.

**Uppl. Veitir Bárður Tryggvason í 896-5221.**

## Búðavað – frábær kaup á parhúsi.

Glæsilegt 215 fm parhús á frábærum útsýnisstað. Til afhendingar strax fokhelt og frágengið utan nema eftir er að pússa húsið að utan. 20 fm suðursvalir. Áhvílandi lán við Íbúðalánasjóð kr.23,5 millj. til 40 ára. Hafðu samband og fáðu að skoða, frábært verð í boði.

**Upplýsingar veitir Bárður Tryggvason sölustjóri 896-5221**

Fasteignasala Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Laxatunga 90-100. 90% lán




Falleg 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið með innréttingu. Falleg hús á mjög góðu verði. Áhv. eru ca. 20,5 millj. kr. ÍLS lán. **Möguleiki á allt að 90% fjármögnun.** **Verð kr. 34,9 m. Fullbúin sýningaríbúð verð kr.38,7 m.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

## Laxatunga 116-124




Falleg 117-119 m2 raðhús á einni hæð. Húsin skiptast samkvæmt teikningu í forstofu, 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, geymslu, stofu og borðstofu. Húsin verða afhent fullbúin að utan, einangruð og tilbúin undir innveggi. Falleg hús á mjög góðu verði.
**Verð frá 23,8 m.** 4695

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

| Íbúð | Söluverð |
|---|---|
| Laxatunga 90 | 38.700.000 kr |
| Laxatunga 92 | SELT |
| Laxatunga 94 | 34.900.000 kr |
| Laxatunga 96 | 34.900.000 kr |
| Laxatunga 98 | 34.900.000 kr |
| Laxatunga 100 | SELT |

| Íbúð | Söluverð |
|---|---|
| Laxatunga 116 | 24.600.000 kr |
| Laxatunga 118 | 23.800.000 kr |
| Laxatunga 120 | SELT |
| Laxatunga 122 | 23.800.000 kr |
| Laxatunga 124 | SELT |



**Tröllateigur - 3ja herbergja**
Falleg 121,9 fm, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara í glæsilegu lyftuhúsi við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og fallega innréttuð íbúð með fallegu útsýni til suðvesturs. **Lækkað verð! V. 24,5 m.** 4517



**Þrastarhöfði - 3ja herbergja**
Glæsileg 88,4 fm, þriggja herbergja íbúð á annari hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Þrastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ, ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er mjög glæsileg með fallegum og vönduðum innréttingum. Parket og náttúruflísar eru á gólfum. **V. 23,9 m.** 4515



**Brekkutangi - Endaraðhús m/aukaíbúð.**
287,7 m2 endaraðhús á tveimur hæðum, auk kjallara með aukaíbúð við Brekkutanga í Mosfellsbæ. **Mögulegt er að fá allt að 85% fjármögnun seljanda með 5,7% veðtr. vöxtum. V.44,5 m.** 3423

## Reykjavík



**Sóltún - 3ja herbergja**
Sérlega glæsileg 109,4 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Sóltún 11-13 í Reykjavík. Um er að ræða mjög vandaða og vel skipulagða íbúð á besta stað í glæsilegu 6. hæða fjölbýlishúsi, hönnuðu af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. **V. 34,5 m.** 4721



**Vallengi - 3ja herbergja**
88.7 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og sérgarði við Vallengi 15 í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi m/fataskáp, barnaherbergi, baðherbergi m/kari, stórri geymslu/þvottahúsi, stofu og eldhúsi. Eignin er laus til afhendingar strax! **V. 18,7 m.** 4709



**Ljárskógar - Einbýlishús**
Fallegt 210,9 m2 tveggja hæða einbýlishús með bílskúr innst í botnlanga við Ljárskóga í Reykjavík. Húsið sem er á byggt á þremur pöllum stendur efst í botnlanga og er falleg aðkoma að húsinu. Stórt hellulagt bílaplan og fallegur gróinn garður. Fallegt útsýni. **V. 53,9 m**. 4720



**Smárarimi - Einbýlishús**
Fallegt og vel skipulagt 183,6 m2 einbýlishús með bílskúr við Smárarima í Grafarvogi. Húsið er klætt með dökkum flísum. Fallegar innréttingar og vönduð gólfefni. Stórt hellulagt bílaplan með hitalögn og fallegur garður með heitum potti. **V. 56,8 m.** 4719



**Miklabraut - 4-5 herbergja**
116, m2, 4-5 herbergja endaíbúð á fyrstu hæð við Miklubraut 62 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, eldhús, hol, 3 svefnherbergi og stofu. Íbúðinni fylgir 13,1 m2 herbergi í kjallara sem og sérgeymsla í kjallara. **V. 23,3 m.** 4674



**Þórðarsveigur - 4ra herbergja**
Sérlega glæsileg 107 m2, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð við Þórðarsveig í Grafarholtinu, ásamt bílastæði í bílageymslu. Falleg gólfefni og innréttingar. Vönduð tæki. Glæsileg íbúð með fallegu útsýni! **V. 26,4 m**. 4715

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

• EINBÝLISHÚS ÓSKAST Í ÞINGHOLTUNUM

„PENTHOUESÍBÚÐ“ ÓSKAST
Á STÓR- REYKJAVÍKURSVÆÐINU

• EINBÝLISHÚS ÓSKAST Á SUNNANVERÐU ARNARNESI Á SJÁVARLÓÐ

• EINBÝLISHÚS ÓSKAST Á SUNNANVERÐU SELTJARNARNESI

### STRANDVEGUR-SJÁLANDI GARÐABÆ.
GLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ.



Glæsileg og vel innréttuð 116,0 fm. 4ra herb. íbúð með sér garði á fallegum útsýnisstað í Sjálandinu. Samliggjandi stofur og 3 svefnherb.. Stór eyja í eldhúsi, miklar innréttingar á baðherbergi og fataherb. innaf hjónaherb. **Sér um 60 fm verönd fylgir íbúðinni. Sér stæði í bílageymslu.**

### BORGARTÚN - TIL LEIGU



Til leigu glæsilegt 171,1 fm skrifstofuhúsnæði í nýendurnýuðu skrifstofuhúsi. Húsnæðið skiptist í móttöku, stór opið vinnurými fyrir allt að 10 manns, eldhús, fundarherbergi, eina afstúkaða skristofu og tæknirými. **Steinteppi á gólfum og innfelld lýsing í loftum. Laus til afhendingar strax.**

### ELDRI BORGARAR



**Efstaleiti. Útsýnisíbúð**
Til sölu eða leigu glæsileg 145 fm útsýnisíbúð á 4. hæð í þessu eftirsótta húsi. Stórar og glæsilegar stofur með sólskála útaf, 2 góð herbergi, rúmgott eldhús og marmaralagt baðherfbergi. Mikils útsýnis nýtur af svölum. Sér geymsla og sér stæði í bílageymslu. Mikil sameign m.a. sundlaug, gufubað o.fl. **Laus fljótlega. Verð 49,9 millj.**



**Vesturgata. 2ja herb.**
68,9 fm íbúð á 3. hæð auk 8,1 fm sér geymslu í húsi eldri borgara við Vesturgötu. Þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar auk sameiginl. matsalar og mötuneytis. **Laus til afh. strax. Verðtilboð.**



**Goðaland.**
Fallegt 200,7 fm raðhús að meðtöldum 22,2 fm sérstæðum bílskúr á þessum skjólsæla stað í Fossvogi. Eignin skiptist í forstofu, rúmgott eldhús með ljósri viðarinnréttingu, stofu með fallegum arni, þrjú rúmgóð herbergi ( 5 á teikn.), fataherbergi innaf hjónaherbergi og flísalagt baðherbergi auk gesta snyrtingar og þvottaherbergis. Geymsluloft yfir hluta hússins. **Ræktuð lóð með um 60 fm timburverönd til suðurs. Verðtilboð.**



**Hofgarðar-Seltjarnarnesi**
Vel staðsett og vel skipulagt 193,7 fm einbýlishús á þessum eftirsótta stað. Stór og björt stofa með aukinni lofthæð, borðstofa, rúmgott eldhús, 3 herbergi og rúmgott baðherbergi. Mikil lofthæð í bílskúr. Hús nýlega málað að utan. **Skipti möguleg á minni eign á Seltjarnarnesi. Verð 54,9 millj.**



**Hlaðhamrar.**
Mjög vel skipulagt 138,6 fm raðhús með innb. 35,4 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, stofu, sólskála, sjjónvarpsstofu, eldhús, þvottaherbergi, geymslu 3 svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð. Ræktuð lóð og hiti í stéttum fyrir framan hús. **Laust til afhendingar strax. Verð 37,9 millj.**



**Strikið - Sjálandi Garðabæ**
2ja og 3ja herb. íbúðir í 6 hæða glæsilegu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri. Íbúðirnar eru frá 82 fm. upp í 120 fm. Vandaðar innréttingar frá Brúnás og vönduð tæki. Húsið er klætt að utan að mestu með litaðri álklæðningu. **Byggingaraðili er Byggingafélag Gylfa og Gunnars. Íbúðirnar eru til afhendingar við kaupsamning.**



**Aratún-Garðabæ.**
Glæsilegt 179,4 fm einlyft einbýlishús að meðt. 30,1 fm bílskúr á þessum gróna stað í Garðabænum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, eldhús, baðherbergi og gler að hluta. Björt stofa með útgangi í sólstofu, fallegt eldhús með vönduðum tækjum og 4 herbergi. Stór viðarverönd, yfirbyggð að hluta. **Hús nýlega málað að utan. Verð 59,9 millj.**



**Stórholt. 5 herb.**
Mikið endurnýjuð 107,6 fm 5 herb. íbúð á 2. hæð í Hlíðunum sem skiptist í forstofu, hol, rúmgóða stofu, borðstofu, eldhús, 3 svefnherbergi og baðherbergi. Búið er m.a. að endurnýja gólfefni, innréttingu og tæki í eldhúsi og baðherbergi. **Stórar svalir til suðausturs. Sér útigeymsla. Verð 32,5 millj.**



**Drápuhlíð**
Vel skipulögð 106,3 fm efri sérhæð auk geymsluriss í góðu þríbýlishúsi í Hlíðunum. Hæðin skiptist í hol, stórt eldhús, samliggjandi bjartar stofur, 2 herbergi og baðherbergi á svefngangi. Svalir til suðvesturs.



**Sóleyjargata.**
Efri hæð og ris í tvíbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í miðborginni. Á hæðinni eru m.a. þrjár samliggjandi stofur, eldhús og gesta snyrting. Í risi eru 3-4 herbergi og baðherbergi auk geymsluriss. Svalir út af borðstofu í suður. Gott útsýni er úr risinu m.a. yfir háskólasvæðið. **Falleg ræktuð lóð með háum trjám. Laus til afhendingar strax.**



**Miðbraut-Seltjarnarnesi. Efri sérhæð**
Glæsileg 139,7 fm efri sérhæð ásamt tvöf. jeppaskúr. Hæðin skiptist í hol með miklum skápum, rúmgott eldhús með nýrri innréttingu, bjartar samliggjandi stofur, 3 góð herbergi og baðherbergi. Flísalagðar svalir til suðurs og vesturs. **Glæsilegt útsýni að Snæfellsjökli, Reykjanesi og til sjávar. Ræktuð lóð með skjólgóðri verönd. Verð 45,9 millj.**



**Hlíðasmári-Kópavogi. Skrifstofuhúsn. til leigu**
Glæsileg skrifstofuhæð á 3. hæð. Hæðin sem er 294,4 fm brúttó skiptist í móttöku, salerni, ræstikompu, 8 lokaðar skrifstofur, eldhús og fundarherbergi. Sameign til fyrirmyndar. Lyfta í húsinu. <B>Eignina er hægt að fá leigða til lengri eða skemmri tíma. Laus strax. Verðtilboð<BL>



**Langalína-Sjálandi Garðabæ.**
Glæsilegar 2ja - 6 herb. íbúðir sem eru frá 82 fm upp í 182 fm. Vandaðar sérsmíðaðar innréttingar frá Brúnás. Sólbekkir og borðplötur úr granít. Hitakerfi í gólfum. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.<B>Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. Teikn. og nánari uppl. á skrifstofu.<BL>



**Langagerði.**
Vel skipulagt 164,1 fm einbýlishús, hæð og ris, auk bílskúrs á þessum eftirsótta stað. Húsið er mikið upprunalegt, en í afar góðu ástandi og skiptist þannig: Á aðalhæð eru forstofa, hol, samliggjandi rúmgóðar stofur, 1 herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi og í risi eru 4 herbergi, eldhús, geymsla og baðherbergi. **Falleg ræktuð lóð. Verð 39,9 millj.**



**Brekkusmári-Kópavogi.**
206,9 fm raðhús að meðt. 32 fm bílskúr. stofur með aukinni lofthæð og útg. á stórar flísalagðar svalir, bókastofa, eldhús með eldunareyju og stórum borðkrók, sjónvarpshol og 3 svefnherbergi. Glæsileg lóð með timburverönd til suðurs. Hiti í stéttum fyrir framan hús. **Vel staðsett eign á útsýnisstað. Skipti á einni eða tveimur íbúðum koma til greina.**



**Laugavegur. 2ja herb.**
64,8 fm íbúð á 2. hæð að meðt. 7,9 fm sér geymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/gang, opið eldhús með nýlegum innréttingum og útgangi á suðursvalir, bjarta stofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi með sturtuklefa. **Mikil lofthæð um 2,85 metrar og gifslistar í loftum. Verð 22,8 millj.**



**Hringbraut.**
Fallegt og mikið endurnýjað 118,7 fm parhús sem er kjallari og tvær hæðir. Á aðalhæð eru forstofa, hol, endurnýjað eldhús. Á efri hæð eru stofa með fallegum arni, 1 herbergi og baðherbergi og í kjallara eru forstofa, 2 herbergi, snyrting og þvottaherbergi. Bílskúr nýttur í dag sem skrifstofa/vinnustofa. Tvö bílastæði fyrir framan bílskúr. **Stór gróinn suður bakgarður. Verð 35,0 millj.**



**Lómasalir-Kópavogi. 3ja herb.**
103,9 fm útsýnisíbúð á 3. hæð auk sér stæðis í bílageymslu. Rúmgóðar svalir til suðvesturs. Glæsilegt útsýni yfir að Reykjanesi og víðar. Sér inngangur af svölum. Þvottaherbergi innan íbúðar. Góð staðsetning. **Stutt í skóla, sund og golfvöll. Verð 23,9 millj.**



**Frostafold. 3ja herb.**
Góð 80,5 fm íbúð á efstu hæð, 3. hæð, í litlu fjölbýli í Grafarvogi. Björt stofa með útgengi á suðursvalir. Þvottaaðstaða og geymsla innan íbúðar. **Einnig risloft yfir hluta íbúðar. Verð 19,5 millj.**



**Engihjalli-Kópavogi.**
107,9 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Vestursvalir. Sameignl. þvottaherb. á hæðinni og sér geymsla í kj. **Laus við kaupsamning. Öll þjónusta og skólar í göngufæri. Verð 19,5 millj.**



**Framnesvegur.**
Falleg 84,5 fm íbúð á 3. hæð, efstu, í 5 íbúða steinhúsi. Góðar svalir í suðaustur út af stofu. Fallegt útsýni úr herbergjum. **Sameign nýlega tekin í gegn. Sér bílastæði og stór garður fylgir eigninni. SKIPTI Á STÆRRI EIGN KOMA TIL GREINA.**



**Vesturgata. 3ja herb.**
Rúmgóð og björt 62,5 fm útsýnisíbúð á efstu hæð auk 12,1 fm geymslu á jarðhæð. Stórt alrými með eldhúsi og stofu. Stórar suðursvalir. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi. Arinn. **Áhv. hagst. lán. Verð 22,5 millj.**



**Mávahlíð. 2ja herb.**
Vel staðsett 37,5 fm íbúð m. sérinng. í Hlíðunum. Íbúðin er afar vel skipulögð og skiptist í forstofu, stofu, eldhúskrók, svefnkrók og baðherbergi. **Sameign til fyrirmyndar. Verð 12,9 millj.**



**Víðimelur.2ja herb.**
32,3 fm einstaklingsíbúð í kjallara í góðu steinhúsi í vesturbænum. **Laus til afhendingar strax. Verð 9,8 millj.**



**Karlagata. 2ja herb.**
37,6 fm íbúð í kjallara auk 4,8 fm sér geymslu í góðu þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í eldhús, bjarta stofu, herbergi og baðherbergi auk lítillar geymslu innan íbúðar. **Laus strax. Verð 11,9.**

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík

S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Magnús Geir Pálsson, sölumaður · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Félag Fasteignasala

www.eignamidlun.is

## Aflagrandi




Fallegt og vel skipulagt 190 fm endaraðhús á þremur hæðum innst í botnlangagötu í Vesturbæ Reykjavíkur. Stutt í alla verslun og þjónustu. Húsið skiptist þannig: Fyrsta hæð: Forstofa, gestasnyrting, eldhús, stofa, borðstofa og innbyggður bílskúr. Geymsla/herbergi er innaf bílskúr. Önnur hæð: fjögur svefnherbergi og baðherbergi. Risloft: sjónvarpsherbergi/vinnuaðstaða. V. 59,0 m. 5134

## Foldasmári - vandað raðhús




Vandað tvílyft 195,7 fm raðhús með innbyggðum 25,4 fm bilskúr. Á neðri hæðinni er forstofa, forstofuherbergi, innra hol, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús, og snyrting. Á efri hæðinni eru 4 herbergi, hol og baðherbergi. v. 45,9 m. 5132

## Borgartún - rúmgóð íbúð




3ja-4ra herbergja 137,6 fm íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í stofu, borðstofu og eldhús sem mynda eitt stórt samfellt rými, forstofu, svefngang, tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, þar af er annað þeirra innaf hjónaherbergi, fataherbergi og þvottahús. Í kjallara fylgir sérgeymsla. Út af stofunni er gengið beint út á hellulagða verönd sem afgirt er með góðum skjólveggjum. V. 42,9 m. 5106

## Langalína - glæsileg útsýnisíbúð




Glæsileg fullbúin 129,5 fm 3ja herbergja íbúð við sjávarsíðuna ásamt stæði í bílageymslu. Mikið af innfeldri halogenlýsingu er í loftum. Allar innréttingar eru úr eikarspón. Gólfefni eru eikarparket og flísar á baðherbergi og þvottahúsi. Fallegt sjávarútsýni. V. 38,9 m. 5114

## Hringbraut 110 - vesturbær





Fallegt 221,3 einbýlishús sem er kjallari, 2 hæðir og ris. Sérstæður 28,8 fm bílskúr fylgir eigninni. Samtals er húsið og bílskúrinn 250,1 fm að stærð. Lóðin er gróin með gróðri og hellulögn. Húsið er hvítmálað og virðist í góðu ástandi. V. 43,0 m. 5054

## Árakur 4 - Garðabær





Einstaklega glæsileg fullbúið 5 herbergja 232 fm raðhús í þessu nýja hverfi. Húsin skiptast í anddyri, bílskúr, 2 baðh., 2 stofur, eldhús, 3 svefnh., þvottah. og geymslu. Mögulegt að hafa allt að 5 svefnherbergi. Einnig er möguleiki á að fá húsin styttra á veg komin, þ.e. tilb. til innréttinga. V. 51,6 m. 7824 **OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17:30 - 18:30**

## Maltakur 9 - Aðeins 2 íbúðir eftir !





Stórglæsilegar og vel hannaðar 3ja herb. íbúðir á frábærum stað á Arnarneshæðinni. Í íbúðunum eru stór og björt rými. Svefnherbergi eru með innbyggðum fataherbergjum og mörg með sér baðherbergjum. Sannkallaðar hjónasvítur. Góð herbergi og rúmgóðar stofur með sambyggðu eldhúsi á móti suðri. **OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17:30 - 18:30** 4672

## Einbýli



**Viðarrimi - einbýli á rólegum stað.**
Mjög gott 152 fm einbýlishús á skjólsælum stað í Grafarvoginum. Húsið skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofur, þvottaherbergi, baðherbergi, hjónaherbergi, klæðaherbergi ( hægt að breyta í þriðja svefnherbergið ), barnaherbergi og innbyggður bílskúr. Stór verönd til suðurs með nuddpotti. Eign sem vert er að skoða. EIGNASKIPTI Á MINNI EIGN KOMA STERKLEGA TIL GREINA V. 49,8 m. 4932

## Raðhús



**Suðurmýri - Seltjarnarnes**
Fallegt og vel skipulagt 276,6 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er hornhús og annað stærsta raðhúsið í þessu hverfi. Aðkoma er góð og garður gróin og fallegur. Stutt er í verslun og þjónustu, sundlaug, skóla og fl. V. 71,5 m. 5065



**Línakur - glæsileg útsýnishús**
Stór og rúmgóð 3ja hæða ca 300 fm raðhús á frábærum útsýnistað á Arnarneshæðinni. Húsin eru klædd með viðhaldslitlu efni, áli og harðviði. Hönnun og útlit er stílhreint og funkis. Innrétta má auka, ca 70 fm, íbúð á neðstu hæð. Alls er gert ráð fyrir fjórum baðherbergjum og fimm svefnherbergjum. V. 49,7 - 51,5 m. 8028

## Hæðir



**Bankastræti - vönduð íbúð**
Um er að ræða 120 fm íbúð sem sem er búið að skipta upp í tvær einingar. Íbúðin er ca. 80 fm og við hlið hennar er vinnustofa sem mætti breyta í íbúð. Íbúðin skiptist í stóra stofu (auðveld væri að stúka herbergi af stofu) samliggjandi eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. V. 28,5 m. 5109



**Grenimelur - sérhæð**
Falleg virðuleg sérhæð á góðum stað í vesturborginni. Íbúðin er 160 fm ásamt 10 fm geymslu. Húsið er nýlega endursteinað að utan. Á hæðinni eru 3 svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús, hol og baðherbergi. Aukaherb. í kj. og sérþvottahús ásamt talsverðu geymslurými. V. 37,5 m. 5098



**Ögurás - efri sérhæð**
Nýleg 91,5 fm sérhæð í nýju tengihúsi efst á Ásahæðinni í Garðabæ. Íbúðin er á efri hæð með sér inngangi og glæsilegu útsýni. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, stofu, þvottahús/geymslu, baðherbergi og tvö svefnherbergi. V. 27,9 m. 4798

## 4ra - 6 herbergja



**Bræðraborgarstígur**
Falleg og velskipulögð 3-4ra herbergja íbúð á 1. hæð sem skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, eldhús, tvær samliggjandi stofur, hjónaherbergi og barnaherbergi. Í kjallara er sérgeymsla, þvottahús, þurrkherbergi og hjóla- og vagnageymsla í sameign. Húsið lítur vel út og hefur verið viðgert að utan. V. 20,9 m. 5120



**Unufell - glæsileg íbúð með útsýni**
Einstaklega falleg og mikið endurnýjuð 4ra herbergja 97 fm íbúð á 4. hæð við Unufell. Sameign mjög falleg og endurnýjuð. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð, m.a. gluggar, gler og innréttingar, fallegur linolium dúkur á gólfum. Mjög góð staðsetning, skólar í næsta nágrenni og stutt í helstu þjónustu. V. 18,9 m. 5052



**Lautarsmári - laus strax**
Vel skipulögð 5 herbergja eldaíbúð á annari hæð. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús og fjögur svefnherbergi, í sameign er sér geymsla og hjólageymsla. V. 22,5 m. 4859



**Furugrund**
Góð 87,5 fm 3ja til 4ra herbergja endaíbúð. Gott íbúðarherbergi er í kjallara sem var nýlega endurnýjað, einnig geymsla sem er ekki skráð í heildarfermetrum íbúðarinnar. Íbúðin er í góðu standi og hefur verið endurnýjuð að hluta. Sameignin er mjög snyrtileg. V. 21,8 m. 5100

## 3ja herbergja



**Engihjalli - 4. hæð B.**
Falleg vel skipulögð 3ja herbergja, 78,4 fm íbúð á 4. hæð í góðu lyftuhúsi við Engihjalla í Kópavogi. 2 svefnherbergi. Nýlegt eldhús. Fallegt útsýni. Suðvestur svalir. Góð sameign. 5136



**Frostafold 62 - falleg íbúð**
Falleg, björt og vel skipulögð 100,4 fm 3ja - 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á efri hæð með glugga á þrjá vegu í fjórbýlishúsi innst í botnlanga. Sérinngangur. Íbúðinni fylgir steypt bílskúrsplata. V. 22,8 m. 5047



**Bergstaðastræti - upprunaleg**
Þriggja herbergja íbúð sem bíður upp á mikla möguleika. Íbúðin þarfnast endurnýjunar (þ.e. er upprunaleg). Íbúðin skiptist þannig: stofa, tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, baðherbergi, snyrting og forstofa. Í kjallara fylgir sameignar þvottahús og geymsla. V. 14,9 m. 5110



**Valshólar- Glæsilegt útsýni**
Góð 82 fm 3ja herbergja enda íbúð með fallegu útsýni við Valshóla í Breiðholti. Íbúðin skiptist í hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottaherbergi og stofu. Sér geymsla er í kjallara. V. 18,9 m. 5103



**Reykjavíkurvegur 29 - uppgerð íbúð**
Góð 66,6 fm 3ja herbergja íbúð í Reykjavík. Íbúðin er öll hin glæsilegasta með mikilli lofthæð. Mikið endurnýjuð íbúð á góðum stað í hjarta Reykjavíkur. V. 19,9 m. 4965

## 2ja herbergja



**Seljabraut- nýleg með sér inngang.**
Góð 46,2 fm 2ja herbergja íbúð með sérinngangi. Um er að ræða atvinuhúsnæði sem var breytt í íbúðir árið 2006 og eru innréttingar síðan þá. V. 13,5 m. 5112



**Aðalstræti í hjarta borgarinnar.**
Mjög góð velskipulögð 62 fm 2ja herbergja íbúð á 5.hæð í nýlegu (byggt 1990) lyftuhúsi við Ingólfstorg í hjarta borgarinnar. Rúmgóð stofa. Parket og flísar. Mjög gott útsýni. Svalir. Frábær staðsetning. V. 18,9 m. 5063



**Vesturhús - neðri hæð**
Mjög vel skipulögð vel staðsett 2ja herbergja íbúð á 1.hæð í tvíbýli í lokuðum botnlanga efst í Grafarvoginum. Íbúðin er 59,9 fm . Sérinngangur, parket, endurnýjað baðherbergi. Sérgarður. Laus mjög fljótlega. 16,9 millj. 5129



**Kambasel - jarðhæð**
Um er að ræða 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér garði til suðvesturs. Eignin skiptist í anddyri, hol, stofu, eldhús, baðherbergi og svefnherbergi. Auk sameignar er sérgeymsla. Íbúðin er laus strax. V. 15,9 m. 4788

## Nýbyggingar



**Sandakur - gott verð**
Sérlega vel skipulagt og fallegt raðhús á skjólsælum stað á miðri Arnarneshæðinni. Tvílyft húsið er glæsilegt ásýndum þar sem það er ýmist klætt áli eða harðviði. Húsið snýr á móti suð- suðvestri þannig að það nýtur sólar allan daginn. Húsið er selt og afhent tilbúið til innréttingar. V. 41,0 - 43,0 m. 8071

## Til leigu

EIGNAMIÐLUN Leigumiðlun

**Fiskislóð - til leigu**
Flott nýtt atvinnuhúsnæði neðst á Fiskislóð við sjávarsíðuna. Húsið er tilbúið til afhendingar fljótlega. Eignarhlutar eru 24. Húsið er á tveimur hæðum með sex stigagöngum. Á efstu hæð eru glæsilegar útsýnissvalir. Hægt er að leigja einn eða fleiri eignarhluta. Hagstætt leiguverð 5070

**Stigahlíð- Glæsilegt uppgert einbýlishús.**
Til leigu 434,7 fm einbýlishús. Húsið er á þremur hæðum og er nánast allt endurnýjað. Lóðin er frágengin með timburverönd út frá eldhúsi. Gólfefni eru parket, flísar og marmari. Mikið hefur verið lagt í innréttingar og tæki og er húsið einkar glæsilegt að innan. Laust frá áramótum. Leiguverð kr. 400.000,- 5111

**Vatnsholt 10 - Efri sérhæð**
Hæðin skiptist þannig: 2 rúmg. stofur með fallegum arin, sjónvarpsherbergi, stór skrifstofa með setustofu. Fjögur svefnherbergi (skv teikningu), ný innréttað eldhús, baðherbergi, snyrting, þvottahús og geymsla inn af því. Rúm forstofa og sérhannað fatahengi í forstofu. Íbúðin er öll lögð með gegnheilu parketi. Stórar svalir. Eign í algerum sérflokki. 4053

**Laugarnesvegur til leigu með aukaherbergi.**
Góð 3ja herb. íbúð á 1. hæð. Íbúðinni tilheyrir auk þess herbergi í kjallara með möguleika á útleigu, herberginu fylgir aðgengi að snyrtingu með sturtu. Rúmgóð stofa með suðursvölum. Parket og flísar á gólfum. Nýlega standsett baðherbergi. Uppgert eldhús. V. 22,9 m. 7590


Hvort sem starfsemin vex eða dregst saman
hjálpum við þér að finna
hentugra atvinnuhúsnæði
Ef þú þarft að stækka, minnka eða einfaldlega að færa þig um set, skaltu setja þig í samband við Eik fasteignafélag.
Eik fasteignafélag sérhæfir sig í rekstrarleigu atvinnuhúsnæðis. Á leiguskrá félagsins eru skrifstofu-, verslunar-, iðnaðar- og lagerhúsnæði sem og veitinga- og skemmtistaðir af ýmsum stærðum og gerðum. Með því að leita til Eikar fasteignafélags getur fyrirtækið þitt eflt eigin rekstur. Ef þú ert að leita þér að heppilegu atvinnuhúsnæði er Eik með lausnina fyrir þig.
Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200.
EIK
FASTEIGNAFÉLAG
EIK FASTEIGNAFÉLAG HF | Sóltún 26 | 105 Reykjavík | 590 2200 | utleiga@eik.is | www.eik.is

# HAUSTTILBOÐ

## Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is



45 mm bjálki / Tvöföld nótun

*TILBOÐ - GESTAHÚS 15 m²*

kr. 990.000,- m/fylgihlutum
kr. 749.000,- án/fylgihluta

*kr. 1.290.000,- Samsett með þakjárni, einangrað loft og gólf, tilbúið til flutnings.*

Frí heimsending á **GARÐHÚSUM** á allar þjónustu-stöðvar Flytjanda

40 % afsláttur af heimsendingu á **GESTAHÚSUM** á allar þjónustu-stöðvar Flytjanda



45 mm bjálki / Tvöföld nótun

*TILBOÐ - GESTAHÚS 10 m²*

kr. 690.000,- m/fylgihlutum
kr. 449.000,- án/fylgihluta



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

*TILBOÐ - GARÐHÚS 7,2 m²*

kr. 359.900,- m/fylgihlutum
kr. 305.100,- án/fylgihluta



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

*TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs*

kr. 329.000,- m/þakskífum

Staðgreiðslu lán

VISA Lán

VH/09-12

völundarhús.is

*Vel valið fyrir húsið þitt*

VH ehf · Njarðarbraut 11 · 260 Reykjanesbæ · **Sími 864-2400 · Sími í verslun 527-2400**

---

# BÚSETI™

Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti hsf. • Skeifan 19, 108 Reykjavík • Sími: 520 5788 • Fax: 533 5749 • www.buseti.is

**Lausar íbúðir til úthlutunar 11.nóvember. Umsóknarfrestur til og með 10. nóvember**



*Laugaveg 135-137*



*Bæjarholt 9*



*Kristnibraut 61-63*



*Bolltangi 20*



*Kristnibraut*

| Staður | Íbúð nr. | Fm | Fj.herb | Búseturéttur hámark | Búseturéttur lágmark | Búsetugjald | Tegund láns | Afhending/losnar af ósk eiganda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | | | | | | | | |
| Laugavegur 137 | 201 | 51,0 | 2 | 1.777.443 | 1.127.680 | 80.129 | Almennt lán | Sem fyrst |
| Frostafold 20 | 405 | 78,1 | 3 | 2.810.643 | 1.844.283 | 76.629 | Lán með tekjumarki | Sem fyrst |
| Berjarimi 3 | 301 | 78,0 | 3 | 2.575.255 | 1.722.975 | 76.586 | Lán með tekjumarki | Samkomulag |
| **Hafnarfjörður** | | | | | | | | |
| Bæjarholt 9 | 302 | 96,8 | 3 | 2.082.537 | 2.082.537 | 74.805 | Lán með tekjumarki | 1. febrúar |
| **Mosfellsbær** | | | | | | | | |
| Þverholt 13 | 502 | 80,6 | 2 | 2.457.969 | 1.602.320 | 115.607 | Almennt lán | Byrjun janúar |
| Bollatangi 20 | 101 | 123,0 | 5 | 2.347.050 | 2.347.050 | 121.160 | Almennt lán | 15. desember |

**Áður auglýst - tilboð óskast - fyrstur kemur fyrstur fær.**

| Staður | Íbúð nr. | Fm | Fj.herb | Búseturéttur hámark | Búseturéttur lágmark | Búsetugjald | Tegund láns | Afhending/losnar af ósk eiganda |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík** | | | | | | | | |
| Laugavegur 137 | 101 | 51,0 | 2 | 1.777.443 | 1.127.680 | 80.129 | Almennt lán | Samkomulag |
| Laugavegur 135 | 102 | 51,0 | 2 | 1.777.443 | 1.133.272 | 80.129 | Almennt lán | Strax |
| Laugavegur 137 | 202 | 52,2 | 2 | 1.819.264 | 1.159.937 | 81.326 | Almennt lán | Strax |
| Kristnibraut 65 | 401 | 93,7 | 3 | 3.006.072 | 1.908.031 | 121.449 | Almennt lán | Samkomulag |
| Kristnibraut 63 | 206 | 89,1 | 3 | 2.751.760 | 1.786.755 | 114.880 | Almennt lán | Samkomulag |
| Kristnibraut 65 | 301 | 90,6 | 3 | 2.906.618 | 1.844.905 | 117.456 | Almennt lán | Strax |
| Bjallavað 9 | 301 | 118,1 | 4 | 3.643.417 | 2.774.249 | 160.453 | Almennt lán | Samkomulag |
| Bjallavað 7 | 201 | 119,8 | 4 | 3.643.417 | 2.767.996 | 162.284 | Almennt lán | Strax/samkl. |
| Kirkjustétt 9 | 304 | 105,8 | 4 | 3.194.564 | 1.886.949 | 142.243 | Almennt lán | Fljótlega |
| Kristnibraut 67 | 304 | 110,2 | 4 | 3.535.424 | 2.244.024 | 142.778 | Almennt lán | Samkomulag |
| Kristnibraut 67 | 404 | 110,7 | 4 | 3.551.465 | 2.254.205 | 143.526 | Almennt lán | Samkomulag |
| Bjallavað 7 | 202 | 121,7 | 5 | 3.737.969 | 2.839.830 | 147.569 | Lán með tekjumarki | Sem fyrst |
| Bjallavað 7 | 302 | 122,4 | 5 | 3.737.969 | 2.839.830 | 166.389 | Almennt lán | Samkomulag |
| **Hafnarfjörður** | | | | | | | | |
| Engjahlíð 3a | 101 | 55,8 | 2 | 1.394.971 | 889.813 | 51.110 | Lán með tekjumarki | Fljótlega |
| Blikaás 19 | 103 | 110,1 | 4 | 2.392.005 | 1.791.951 | 132.598 | Almennt lán | Sem fyrst |
| Blikaás 19 | 202 | 114,0 | 4 | 2.482.949 | 1.618.604 | 137.462 | Almennt lán | Strax |
| Blikaás 19 | 203 | 119,8 | 5 | 2.605.616 | 1.486.900 | 144.169 | Almennt lán | Strax |
| **Akranes** | | | | | | | | |
| Lerkigrund 7 | 102 | 80,0 | 3 | 3.897.415 | 3.897.415 | 81.288 | Almennt lán | Strax |

- Möguleiki á láni fyrir allt að helmingi lágmarks búseturéttar
- Veitir ýmist rétt til vaxtabóta eða húsaleigubóta
- Mánaðarlegt búsetugjald innifelur heildarhúsnæðiskostnað fyrir utan eigin rafmagnsnotkun

**Bjóðum einnig uppá almennar leiguíbúðir**

*Fyrirvari um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.*

www.buseti.is

# Til leigu/sölu
# Vesturgata 6-10a





**Vesturgata 6-8 1000m2**

Vesturgata 6-8 er fullbúið 1000m2 veitingahús með öllum tilskyldum leyfum. Húsið hentar undir ýmsa starfsemi, s.s. verslun, þjónustu, skrifstofur o.s.frv.

**Vesturgata 10-10a 500m2**

Vesturgata 10 og 10a eru samtals 500m2 og eru innréttuð á smekklegan hátt.

**Möguleiki á að leigja/kaupa í heild eða að hluta.**

**Upplýsingar í S: 861 3889**



**Eignatorg** Sími 510 3500

**Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.**
**Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali**

**Eignatorg kynnir:** Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Árbænum, 110 Reykjavík. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með náttúrúru flísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með nýleguplastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með nýlegu plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús.

**Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**









Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

Allar stærðir og gerðir af íbúðum og atvinnurýmum óskast á söluskrá

Skoðið söluskrána á heimasíðunni

www.*AlmennaEignaSalan.is*

**ALMENNA EIGNASALAN**
*Eigna- og leigumiðlun*

Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík *(Bláu húsunum).* Sími 588 1020

**Þorsteinn Ó. Þorsteinsson rekstrarverkfræðingur B.Sc., M.Sc., viðskiptafræðingur M.Acc., lögg. fasteigna-, leigu- og verðbréfamiðlari**

# Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is




FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



ALLAR FASTEIGNIR SEM ERU TIL SÖLU Á ÍSLANDI!
DRAUMAEIGNINA ÞÍNA FINNUR ÞÚ Á VÍSIR.IS

YFIR 16.000 EIGNIR Á SKRÁ

FÉLAG FASTEIGNASALA

vísir.is

# Skólabrú innréttuð í anda feng shui-fræða

Eitt af virðulegri húsum í Reykjavík tók gagngerum breytingum á dögunum, þegar eigendur veitingahúsakeðjunnar Potturinn og pannan opnuðu matsölustað við Pósthússtræti 17. Sem kunnugt er var veitingahúsið Skólabrú rekið þar um árabil, en nýi staðurinn á fátt sameiginlegt með honum og tekur mið af hugmyndafræði feng shui.

„Mjög mikilvægt er að umhverfið virki rétt á viðskiptavinina. Það má ekki vera truflandi heldur umfram allt vinalegt svo fólki líði sem best,“ segir Þórir Ríkharðsson, annar eigenda staðarins, beðinn um að lýsa því hvers vegna farin var sú leið að endurbæta og innrétta veitingastaðinn í anda austurlenskra fræða.

Þórir og eiginkona hans og sameigandi, Anna Salka Knútsdóttir, fengu Jónu Björg Sætran, feng shui-fræðing, til að aðstoða sig við breytingarnar. „Hún benti á alls konar sniðugar lausnir sem eru fullkomlega rökréttar en manni hefði kannski ekki endilega sjálfum dottið í hug að framkvæma,“ segir Þórir, sem er ánægður með útkomuna.

Spurður segir hann þó matseðilinn ekki vera undir áhrifum feng shui. „Hins vegar er hann um sumt ólíkur matseðli hinna veitingastaðanna sem við rekum,“ segir hann,



**Eftir framkvæmdir. Hugmyndafræði feng shui var höfð að leiðarljósi þegar staðurinn var innréttaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

án þess þó að vilja útlista það nánar. „Markmiðið er að reka fjölskyldustað í miðbænum, þar sem fjölskyldan getur komið og borðað góðan mat á viðráðanlegu verði. Við vonumst bara til að þessu framtaki verði vel tekið.“ *- rve*



**Feng shui-fræðingurinn Jóna Björg Sætran, til vinstri, ásamt Önnu Sölku Knútsdóttur og dóttur hennar, Snæfríði Þórisdóttur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bæði er unnið með rýmis-feng shui og tíma-feng shui. Ýmsir hlutir eru valdir til að auka góð áhrif sem eru til staðar í húsinu svo fólki líði þar sem best, sumir þessara hluta eru eða verða sjáanlegir og áberandi svo sem lítill innigosbrunnur, veggskreytingar og lýsingar innanhúss og utanhúss, annað verður ekki eins sýnilegt gestum.

Þá er búið að gera svokallað Dowsing en þar eru notaðir koparteinar til að finna og draga úr áhrifum ákveðinna óþægilegra áhrifa sem fólk getur fundið fyrir og stafa mögulega af vatnsrennsli á allt að 100–150 m dýpi undir húsinu eða til dæmis af jarðskorpuhreyfingum.

# Erfitt en ekki óyfirstíganlegt

Nú fer að líða að helsta stórhreingerningartíma ársins en margir hafa það fyrir sið að taka ærlega til hendinni á heimilinu svo allt verði skínandi hreint fyrir jól. Húsmæður og -feður um allan bæ demba sér á kaf inn í skápa og skúmaskot, henda, þurrka af og bóna.

Oftar en ekki er farið með tuskuna upp um alla veggi og þá kemur í ljós að ekki er þörf á því að mála fyrr en að ári enda veggirnir eins og nýir. Hins vegar vilja loftin alloft gleymast enda veigrar fólk sér við því að vinna mikið upp fyrir sig. Sé hins vegar horft fram hjá loftunum ár eftir ár er hætt við því að sitja uppi með ofvaxið vandamál. Þetta á sérstaklega við í eldhúsinu þar sem matargufur og fita leika um loftið dag eftir dag. Útkoman er oftar en ekki gul slikja sem er erfitt að ráða við. Hið sama á við ef tóbaksreykur fær að leika frjáls um loftið. Verkefnið er þó ekki óyfirstíganlegt og fara hér á eftir nokkur ráð:

Ávallt skal byrja á því að þrífa loftið enda leita óhreinindin niður þegar hafist er handa. Næst skal þrífa veggi, síðan þurrka af og síðast skúra. Gott er að breiða plast yfir viðkvæm húsgögn. Þá getur verið ráð að setja upp einhvers konar gleraugu til að vernda augun fyrir því sem fellur niður.

Best er að byrja á því að taka sér sóp með löngu skafti í hönd. Mikilvægt er að fjarlægja allt ryk af



**Huga þarf vel að líkamsstöðunni á meðan á verkinu stendur. Ekki er gott að reigja höfuðið jafn langt aftur og hér er sýnt og betra að færa stigann úr stað.** NORDICPHOTOS/GETTY

honum til að fara nú ekki að dreifa því um loftið. Sé hátt til lofts skal notast við lítinn frístandandi stiga og er ekki verra að fá hjálparhellu til að styðja við. Gott er að byrja í horni og velja sér ákveðna leið til að vinna sig eftir til að koma í veg fyrir að einhverjir fletir gleymist.

Sópað er yfir loft og ljós með léttum strokum en þannig losnar ryk og köngulóavefir. Síðan er skipt yfir í skúringarmoppu og skúringarklúturinn vættur í sápuvatni. Skúrað er yfir loftið og klúturinn skolaður með reglulegu millibili. Í lokin er gott að renna yfir með þurrum skúringarklút til að koma í veg fyrir rákir. *- ve*


VIÐHALD
fasteignaviðgerðir



Við önnumst m.a.:
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir



**Sími 567 6699**
Sendu okkur email og við gerum þér tilboð - kristjan@vidhald.is



**Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!**
Fréttablaðið er með **106%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.







Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublaði á höfuðborgarsvæðnu, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.



Með nýrri íþróttamiðstöð við Giljaskóla stórbatnar aðstaða fimleikafólks.

# Frábær aðstaða fyrir fimleikafólk

„Þetta er mikil bylting, sérstaklega fyrir þá sem stunda fimleika sem eru stór íþrótt fyrir norðan," segir Böðvar Kristjánsson, verkefnastjóri hjá SS Byggi, sem hefur fengið það verkefni að ljúka við byggingu nýrrar íþróttamiðstöðvar við Giljaskóla á Akureyri.

SS Byggir og stjórn fasteigna Akureyrarbæjar undirrituðu samning og eru byggingaframkvæmdir þegar hafnar. Fram undan er vinna við uppsetningu á þaki, glugga og hurðir ásamt ýmsum frágangi innan sem utan húss.

„Íþróttamiðstöðin skiptist niður í tvo sali, venjulegan leikfimisal sem er 607 fermetrar að stærð og svo 1.090 fermetra fimleikasal. Með búningsaðstöðu og öllu er gólfflöturinn samtals 2.723 fermetrar," segir Böðvar um nýju íþróttamiðstöðina og bætir við að stefnt sé að því að ljúka verkinu sem fyrst, en áætluð verklok eru 15. júlí 2010.

Verkefnastað SS Byggis er góð þessa dagana. Vinnubúðir verða væntanlega settar upp í vikunni við Undirhlíð. Það er líka góður gangur á framkvæmdum fyrirtækisins við VMA, áfanga 7b, og nú bætist Giljaskólinn við. *- rve*



Fundað verður um nýtt hjúkrunarheimili á næstu dögum.

# Vilja byggja

Leigufélag Vestfjarða hefur hug á að koma að byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði. Þar með gæti þeirri framkvæmd verið hrint úr vör á næstu mánuðum. Að því er fram kemur í bréfi leigufélagsins til bæjaryfirvalda liggur fyrir lánsloforð frá Íbúðalánasjóði fyrir hluta af byggingarkostnaði. Fyrri ríkisstjórn gerði ráð fyrir byggingu þrjátíu hjúkrunarrýma á Vestfjörðum árið 2010.

Leigufélagið er í eigu Vestfirskra verktaka á Ísafirði og bygging hjúkrunarheimilisins gæti ýtt vá atvinnuleysis að einhverju leyti frá þeirra dyrum. Bæjarráð mun funda um málið með félagsmálaráðherra á morgun og með fulltrúum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á næstu dögum.

*Heimild: www.bb.is*

# Byggja yfir börn í Nuuk á Grænlandi

Nýr skóli er að rísa í Nuuk á Grænlandi og er bygging hans eitt af viðfangsefnum Ístaks um þessar mundir. Páll Eggertsson verkfræðingur stjórnar verkinu nú og segir það ganga alveg þokkalega. „Við byrjuðum að sprengja fyrir grunninum í apríl og steypa í júní og reiknum með að ljúka uppsteypu á húsinu í næsta mánuði," lýsir hann.

Um þrjátíu manns vinna við bygginguna en Páll segir alltaf nokkra í fríi enda skiptist þeir á. En hvernig er veðrið í Nuuk? „Það er fínt, bara svolítið kalt. Það er komið frost og við þurfum að beita upphitun þegar við steypum."

Páll býst við að vinnuflokkurinn verði í Grænlandi í allan vetur og spurður hvort hann kunni vel við sig er svarið hlutlaust. „Þetta er eins og hver önnur vinna." Vinnubúðir og mötuneyti er á staðnum og Ístak leigir einnig nokkrar íbúðir að sögn Páls. Hann segir yfirleitt engin vandamál með aðdrætti. „Það er flest fyrir hendi hér en efnisinnkaup fyrir framkvæmdina fara að mestu gegnum Danmörku eða Ísland."

Skólinn verður samtals 6.100 fermetrar að stærð, á tveimur hæðum, og áætlað er að byggingu hans ljúki í maí 2011. Annað verkefni bættist svo við sem á að verða tilbúið á sama tíma. „Við fengum 650 fermetra leikskóla hér við hliðina sem aukaverkefni og erum aðeins byrjaðir á því líka," lýsir Páll og var ekki tafinn með lengra skrafi á föstudagseftirmiðdegi. *- gun*



Í Nuuk. Ístaksmenn ætla að ljúka uppsteypu í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Þar stendur hnífurinn í kúnni

**Gaffall er ekki aðeins tól til að færa mat af diski og í munn.**

Fæstir velta fyrir sér hönnuninni að baki hagnýtu fyrirbæri á borð við hnífapör en þó er stór iðnaður sem snýst einmitt um að búa þau í sem bestan búning til að laða að fagurkera. Enda skiptir það marga máli að geta boðið upp á fallegan borðbúnað í veislum og fjölskylduboðum.

Royal VKB fékk nýlega fjóra alþjóðlega hönnuði til að hanna hnífapör fyrir fyrirtækið. Þetta voru Bow-Wow, Gijs Bakker, Ineke Hans og Richard Hutten.

Bow-Wow hönnunarteymið vísaði í hönnun sinni til frumstæðari tíma þegar maðurinn uppgötvaði að hægt væri að nota greinar sem verkfæri. Richard Hutten hugsaði um gleðina við það að borða mat og vildi að hnífapör sín væru skemmtileg og auðveld í notkun. Gijs Bakker hafði vatnsdropa í huga auk þess sem hann hafði tindana á göfflunum sérstaklega langa. Hnífapör Ineke Hans eru gróf og líta út fyrir að vera ósköp einföld í fyrstu. Þegar nánar er að gáð er önnur hlið þeirra fallega útflúruð.

Nánar má skoða þessa hönnun á www.royalvkb.com. *- sg*



# Vinnufriður við skrifborðið

SKRIFBORÐIÐ REWRITE GERIR FÓLKI AUÐVELT AÐ EINBEITA SÉR VIÐ VINNU SÍNA.

Danska hönnunarfyrirtækið GamFratesi hefur hannað frumgerð að skemmtilegu skrifborði með þili sem helst minnir á helli. Þannig vildu hönnuðirnir mynda gott vinnuumhverfi þar sem auðvelt væri að einbeita sér. Skrifborðið kallast Rewrite, eða Endurskrift, og var kynnt á dögunum í lista- og hönnunarsafni Danmerkur.



Skrifborðið er hugsað sem nokkurs konar vinnukúla sem getur staðið ein og sér hvar sem er og veitt vinnufrið þeim sem á þarf að halda.



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Furðulegur ferðatöskusófi

GOTT ER AÐ HVÍLA SIG Á FERÐALAGI EF MAÐUR Á FERÐATÖSKUR SEM BREYTAST Í SÓFA.

Hollenski hönnunarneminn Erik De Nijs kynnti stórfurðulega hönnun á hönnunarviku í Eindhoven á dögunum.

Hann hafði hannað fjórar ferðatöskur sem raða mátti saman þannig að úr yrði sófi. Verkið kallaði hann „Suited Case" og markmiðið var að hanna eitthvað sem myndi minna ferðamenn á heimili sitt þegar þeir væru á ferðalagi. Ferðatöskurnar eru fóðraðar og bólstraðar með efni sem margir upplifa sem sófaáklæði. Hvort þægilegt er að ferðast með slíka hlunka er önnur saga, en vissulega myndi það gera ferðamönnum auðveldara fyrir að finna töskur sínar í ferðatöskuhafi flugvalla.




FISKISLÓÐ 75, 101 REYKJAVÍK
OUTLET
SKÓR

Dömu
Verð
7.500 kr.
St. 36-41


Stelpu
Verð
6.900 kr.
St. 28-36


Herra
Verð
7.900 kr.
St. 41-49


Herra
Verð
7.900 kr.
St. 41-48


Gúmístigvél
Verð
3.900 kr.
St. 25-34


OPIÐ: MÁN-FÖS 13-18 & LAU 12-16

Kjarni málsins
Ekkert viðhald
REHAU
Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is


AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN
Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** **smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




Mercedes Benza E-240 árg 2000. Verð 1.490.000kr. Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi. s. 567-1800 www.bbv.is Raðnúmer # 211876



Ertu að leita að bíl, þarftu að selja bíl? Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi sími 567-1800 www.bbv.is opið 10:00-18:30 laugardaga 11:00-16:00

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**




M.BENZ ML 270 DISEL. Árgerð 2005, ekinn 78 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.242295.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar. WWW.BÍLALÍF.IS

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**




MAZDA 3. Árgerð 2005, ekinn 74 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.182140.

**Bílasalan Planið**
**Breiðhöfða, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**www.planid.is**

### Bílar til sölu



Til sölu VW Polo árg. '03. 5g. Ekinn 75þ. Eins og nýr að innan og utan. Smurbók, ný nagladekk, nýskoðaður. Verð 790þ. Tilboð 690þ. Uppl. í S 664 8363



M. Benz Vaneo árg. '03 ek. 78þ. í toppstandi. Verð 1200þ. Skipti hugsanleg á ód. bíl. S. 892 6113.



Toyota yaris 2002 tilsölu,ekinn 108 þkm,5dyra, beinskiftur,nýskoðaður,ný nagladekk,fallegur og góður bíll, verð 780 þúsund staðgreitt. upplýsingar í síma 8204640.

Toyota Avensis árg. '01 1.8l. Ek. 139þ. TIlboð 650þ. S. 820 5882.

Óska eftir Yaris, Gof, Polo eða Corollu á verðb. 200-400þ. Uppl. í s. 659 2565. Í góðu standi.

Corolla H/B ssk. ek. 68þ. árg. '04, steingrár, mjög vel með farinn bíll. V. 1.590þ. Engin skipti. S. 856 6482 & 660 9880.

### 0-250 þús.

**GOLF á tilboði**
VW Golf, árg. '96, 3 dyra, 1400, krókur, skoðaður '10. Hagstætt verð. S. 891 9847

### 250-499 þús.



Kia Shuma 1.8 bensin 2001 ek.86þ. km sjálfskiptur ABS sk.'10 V. 320þ. S.8572545

### Bílar óskast

Staðgreiðsla í boði. 190-300þ. f/ Toyota Corolla, Yaris aðrar teg. koma einnig til greina. Uppl. í s. 861 0011 & netf. signannagmail.com

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónýtir kaupi bíla sem þarfnast lagfæringa til uppgerðar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. ps. úrvislusjóður borgar bara 15 þús. ég borga að lámarki 20 þús. 770 6400.

Óska e. að kaupa gamla bíla til niðurrifs. Nán.uppl. í síma 661-2222.

**Diesel Jeppi óskast**
Er að leita af diesel jeppa Musso, Isuzu Trooper, Pajero, Toyota 4runner, Terrano eða sambærilegt má þarfnast lagfæringa eða skoðunnar. Borga allt að 300.000- fyrir bíl skoða allt uppl síma 861 7600 .

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

### Jeppar



Nissan Patrol SE 2,8 diesel árg. '98. 5g., 33" ek. 195þ. v. 1180 mögul á yfirtöku TM lán 600þ. S. 864 8338.




Terrano,árg 03,ssk,3,0L dísel,ek 194þ verð 2,5m,tilboð 950þ + áhvíl 550þ, S:6903466

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

### Sendibílar

Ford transit 300L Háþekja árg.07 ek.33þús verð 3.300þ bein sala eða skipti á amerískun pallbíl með camper uppl. 869-4113

### Vörubílar



Isuzu '07 7br. bíll ek.72þ.1t lyfta, hlutabr. og leyfi á stöð geta fylgt. verð 3,4+vsk. Uppl. S. 895 9446.



**Vagnasmiðjan auglýsir**
Gamall Zetterberg pallur til sölu. Lengd 515 cm. Breidd 250 cm. Mjög góð og slétt botnplata. Álskjólborð, loftvör, sturtugrind með sturtuventli og góðum þrepatjakk. Þarfnast aðhlynningar. Allt þetta fyrir aðeins kr. 350 þús. + vsk. Fleiri myndir á www.vagnasmidjan.is Eldshöfða 21 R.vík, s. 587-2200, 898-4500.

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

### Mótorhjól

Óska eftir DR350,XR400 eða KLX300. Uppl. í síma 822 8808.

### Kerrur

Til sölu tvegga sleða kerra. Ný og ónotuð. Skráð með sturtubúnaði. S. 899 2794.

### Fellihýsi

**Felli- og hjólhýsageymsla**
Upphitað og nýstandsett geymsluhúsnæði. Hálftíma akstur frá Rvk. Uppl. í s. 897 3060.

### Hjólbarðar




SPARAÐU!! Einn dekkjagangur allt árið, næstu ár, engar umfelganir. Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í bleytu og hálku. Söluaðili; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122.

### Varahlutir

VAKA

Eigum notaða varahluti og dekk í tugi bíltegunda. Sími: 567 6700 (varahlutaverslun), Vakabílar.is

Er að rífa Musso 96-04. Musso Sport 04. Isuzu Trooper 99. Landrover Discovery 98. Lanos 00-02. Nubira 02. Galloper 00. Cherokee 94. Ford 250 04.Toy Double Cap 94. Korando 98. Kia Sportage 97.Opel Astar 97. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Hyundai Elantra Wagon '97. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Partabílar 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, Peugot 306 '98. Kaupum bíla í niðurrif.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Er að rífa Subaro Legacy '98 og Daihatsu Applause '99. Uppl. s. 896 6744.

**www.netpartar.is**
**Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Þú finnur allar helstu bílapartasölur landsins á www.partasolur.is**

## ÞJÓNUSTA

### Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 896 1250.

### Jólaskemmtanir

Jólasveinaþjónusta Skyrgáms

Förum að koma til byggða, viltu að við komum við hjá þér? 20% til Hjálparst. Kirkjunnar. Bókaðu heimsókn á skyrgamurskyrgamur.is

### Hreingerningar

Atlö
Hreingerningar
Flutningsþrif
Gólfbónun
Teppahreinsun
Húsgagnahreinsun
Sími: 662 0 662

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

### Garðyrkja




Jólaskreytingar, trjáklippingar og fellingar, laufa og lóðahreinsanir, stéttahreinsun, þökulagnir, jarðvegsvinna, smíðar og margt fleira. Garðar Best ehf s. 698 9334 www.garðarbest.is




**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**

**Er bílaplanið orðið gamalt og mosagróið?**
**Tökum að okkur að sýruþvo og hreinsa hellulögð og steypt plön. Ótrúlegur árangur.**
**S. 691 8907**

**Trjáfellingar!**
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

### Bókhald

Bókhald, uppgjör, ársreikningar, launavinnslur. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörsaðili getur bætt við sig verkefnum. S. 772 55 33 Infobetrabokhald.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

### Húsaviðhald




**smidaland.is**
Nýsmíði, viðhald, gluggar, sólpallar, skálar, þakviðgerðir. Allt milli himins og jarðar. S. 772 0040.

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð.**
**Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**










**Lekur þakið ?**
Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598. .

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

### Stífluþjónusta

Stífluþjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflutjonustan.is

### Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, flest tölvuvandræði leyst. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

**Tölvuviðgerðir - vírushreinsanir - Gagnabjörgun**
Geri við allar tegundir. 15 ára reynsla og microsoft vottun.Ríkharður - Miðnet ehf - S. 6152000

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

10 fm herbergi á rólegum stað í Breiðholti til leigu. Verð 19.000. Uppl. í 824 3770.

Til leigu 80fm 3 herb. íbúð í Breiðholti með eða án húsg. Verðh. 110þ. með hita og húsg. S. 586 2019 & 698 1126.

ROOM FOR RENTw/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND 111 AND 109 BREIÐHOLT 8973611

## Húsnæði óskast

Árbær, Ártúnsholt, 43 ára kk, reyklaus og reglusamur fjölskyldumaður óskar eftir 2-4 herbergja íbúð sem fyrst. Skilvísar greiðslur og góð umgengni. Sími 694-3344.

## Atvinnuhúsnæði

Lager/geymslu- og skrifst.húsnæði laust í Ármúla. 694 3113, leiga.armu-ligmail.com

## Geymsluhúsnæði

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**Húsbílar, Hjólhýsi, Fellihýsi & Tjaldvagnar**
Eigum nokkur pláss laus í vetur. Uppl. í s. 897 3060.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Sparaðu þér sporin**
Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í póstnúmeri 105 Reykjavík. Uppl í síma 824-8425

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annaliljastracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Okkur vantar gott fólk til kynninga á matvöru. Vinnutími áætlaður 13:30-18:30 virka daga og 11-15 um helgar. Umsóknir sendist á: gottstarfvisir.is

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

FERÐAKLÚBBURINN 4x4

Munið félagsfundinn í kvöld í Mörkinni 6. Dagskrána má sjá á vef félagsins www.f4x4.is Stjórn F4x4.

## Tilkynningar

**Nytjamarkaður til styrktar ABC barnahjálp og kærleikans, Skútuvogi 11a**
**Til sölu bæði nýtt og notað, t.d föt, húsgögn og fleira. Föt 50 kr - 1200.- Einnig gefins föt. Húsgögn frá 200-15þ. Tökum á móti öllum hluti. Opið virka daga frá 12-18. S. 520 5500.**

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)



**Konur í ævintýraleit ath!**
Rauða Torgið Stefnumót kemur þér fljótt og örugglega í sambandi við karlmennina sem þú vilt kynnast. Þú auglýsir og spjallar frítt í s. 555-4321. Karlar heyra auglýsingar kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.



Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem njóta þess að daðra við karlmenn í síma. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).



**Samkynhn. KK ath:**
Nú er mikið af auglýsingum samkynhneigðra karlmanna á Rauða Torginu Stefnumót, sem leita bæði skemmri og lengri kynna. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 og 535-9920.









## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

**Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar**
### Mat á umhverfisáhrifum

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar í Ísafjarðarbæ. Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **2. nóvember til 15. desember 2009** á skrifstofum Ísafjarðarbæjar og Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði. Einnig í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun.

Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Náttúrurstofu Vestfjarða: **www. nave.is.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **15. desember 2009** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 með síðari breytingum.

**Skipulagsstofnun**


BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI




BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægustu markhópanna.*

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 40, 2009.
Í viku 40 var hlustun á Bylgjuna, Létt Bylgjuna og Gull Bylgjuna 52%.
Auglýsing á Bylgjunni birtist samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!


## Til sölu


TILTEKTAR DAGAR
komdu og gerðu frábær kaup
Notuð og útlitsgölluð tæki ásamt skjala- og öryggisskápum
Takmakað magn
STOFNAÐ 1953 OPTIMA
www.optima.is Vinlandsleið 6-8, S. 588 9000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



FLUGFELAG.IS
VESTMANNAEYJAR 1995
(ÞJÓÐHÁTÍÐ)
EGILSSTAÐIR 1998
ÍSAFJÖRÐUR 2000
EGILSSTAÐIR 2003
AKUREYRI 2006
SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS
Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt.
FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.700 KR.*
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 47188 09/09
*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.



# SKÓLALÍFIÐ ER Á VISIR.IS

» Fréttavefur framhaldsskólanna

Skólalíf er fyrsti fréttavefur sinnar tegundar á Íslandi þar sem framhaldsskólanemar birta fréttir og myndir frá félagslífi skólanna, auglýsa viðburði og þú getur nálgast vefútgáfur skólablaðanna.
Við viljum bjóða þinn skóla velkominn á fréttavef framhaldskólanna á visir.is.

visir.is
...ég sá það á visir.is


# Má bjóða þér að éta plastpoka?

BAKÞANKAR Þórhildar Elínar Elínardóttur



Sú frétt sem mestu uppnámi olli í síðustu viku var óumdeilanlega brotthvarf hins ameríska McDonald´s frá Íslandi. Þúsundir landsmanna lögðu upp í pílagrímsferð til að éta síðasta hamborgarann, skrifuðu tárvot blogg í stórum bunkum og stofnuðu stuðningssíður á fésbókinni. Margir lögðu djúpan skilning í þessa breytingu og litu á hana sem mikinn missi eða jafnvel byltingu eða þjóðarhreinsun. Verstu afleiðingar kreppunnar eða þær bestu. Mikið frelsi eða einmitt þvert á móti. Jafnvel virtust skoðanir fólks á þessum skyndibita haldast í hendur við stjórnmálaviðhorf og sívinsæl persóna ritstjóra Moggans flaut með á furðulegan hátt.

**FYRIR** stuttu sýndu fjölmiðlar þeim fréttum áhuga að umræddir hamborgarar virðast hafa sömu eiginleika og plastpokar, þ.e. þeir rotna ekki. Þótt einhverjum kunni að finnast dálítið ókræsilegt að borða plastpoka láta aðdáendurnir svona slúður ekki spilla fyrir sér ánægjunni eitt augnablik. Því ef til er örugg leið að hjarta mannsins þá liggur hún svo sannarlega í gegnum magann. Við hér í velsældinni sem þurfum fæst að hafa nokkrar áhyggjur af hungursneyð höfum þess í stað komið okkur upp alls kyns fræðingum sem fjalla um það sama: Hvað skal éta og ekki éta.

**NÚ** er til dæmis enginn maður með mönnum án þess að hafa farið í sérlega afeitrun. Að baki því liggur sú fullyrðing að við innbyrðum svo mikið eitur sem líkaminn ráði ekki við, að í alls kyns venjulegum mat séu svo rosalega mörg aukaefni að hinum vesæla velsældarlíkama fallist hendur. Nauðsynleg endurhæfing felist í rándýrri innlögn á sérlegt heilsuhæli og meðferð með föstu og stólpípum. Slíkt vinni á offitu, hjartasjúkdómum, þunglyndi, ofnotkun lyfja, húðsjúkdómum og gigt svo fátt eitt sé nefnt.

**ÞÓTT** líkaminn hafi marga undursamlega hæfileika er ekkert kerfi fullkomið sé farið út fyrir ystu þolmörk. Sé fyllstu sanngirni gætt er hægt að gera kröfu um dálitla ábyrgð hvers og eins á eigin heilsu. Ég fullyrði að slíkt er alveg hægt að gera jafnt og þétt án þess að taka hlé frá raunverulega lífinu og leggjast í sjálfhverfa ristilskolun. Góð byrjun er til dæmis að hætta að éta plastpoka. Andvirði meðferðarinnar væri svo tilvalið að leggja inn á reikning ABC hjálparstarfs sem bjargar litlum börnum sem eiga í alvörunni bágt.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Bókmenntir ★★★

**Svörtuloft**

Skáldsaga eftir Arnald Indriðason

**Vaka Helgafell. 326 bls.**

# Þrettánda sagan





Í Svörtuloftum, þrettándu skáldsögu Arnalds Indriðasonar, rætist sú spá sem sett var fram í dómi mínum um Vetrarborgina fyrir fjórum árum að þar væri kimi í sögunni sem Arnaldur ætti eftir að leiða okkur lesendur sína inn í. Sagan gerist nær samtímis Myrká og þar eins og nú er Erlendur á fjöllum og tekið að óttast um hann. Þar fór Elínborg fram í rannsókn máls, hér leiðir Sigurður Óli okkur um kimana, því þeir eru nokkrir samliggjandi. Við fylgjumst með örlagasögu stráks sem lendir í höndum misindismanns samhliða upprifjun Sigurðar á fortíð sinni, ástlitlu hjónabandi foreldra, skólaárum og hvernig hann rekur frá vinum og eiginkonu, á sama tíma og hann flækist inn í tvö mál vandamanna. Annað er skoplítið, hitt stærra og víkkar fljótt út. En það eru þessir tveir drengir sem eru fókusinn í frásögninni. Arnaldur heldur að vanda vel um skipan frásagnarinnar, stíllinn svipaður í verkum sem Erlendur og Elínborg hafa verið sporar í og lesandi spyr sig: hafa skipti á aðalpersónu engin áhrif á frásagnartökin? Það er ekki að sjá. Arnaldur greinir ekki milli stílþreifinga eftir því hvert þeirra leiðir frásögnina; Erlendur, Elínborg eða Sigurður Óli. Sá hversdagsmaður sem hann leiðir fram sem geranda í rannsókn sögunnar verður fyrir bragðið nokkuð keimlíkur.

Metnaðarmál skáldsins að þessu sinni er að setja pólitíska lífsskoðun í stærra samhengi. Lengi vel er sagan samin eins og hrunið hafi ekki orðið en svo áttar lesandi sig á að hann er leiddur inn í forsöguskýringu á efnahagslegum hamförum þótt niðurstaða verksins verði önnur en blasir við í raunveruleikanum: hér eru óreiðumenn dæmdir, makleg málagjöld falla á brotamenn. Arnaldur er siðboðandi, hann er móralskur höfundur, meðlíðan hans er ekki áköf, en stillileg, sett fram af alvöruþunga, stundum full dulin finnst mér svo mikið sem honum býr í brjósti.

Sagan er lengi að síga fram og á köflum reynir á þolinmæði lesanda sem hefur þann starfa þessar vikur að lesa þúsundir blaðsíðna, en svo fer hann að dvelja í sögunni. Arnaldur er í mörgum verka sinna að lýsa tilfinningakulda, fáskiptni, hvernig sakleysi er barið inn í þumbaralega framkomu og harðýðgi. Það er lítil birta í skáldskap hans og það má velta fyrir sér þeirri dimmu heimsmynd sem hann skapar: líður okkur raunverulega svona?

Þúsundir lesenda munu leita í þessa sögu: Arnaldur stendur vel fyrir sínu, þaulhugsaður innan þess ramma sem hann kýs sér, en þar kemur að óþolinmóður lesandi spyr: hvenær lýkur ferli Arnalds Indriðasonar innan spennu- og sakamálasögunnar og hann tekur til við hina breiðu þjóðlífsskáldsögu sem kallar á krafta hans, stílgáfu, aðgát og innsýn í fólk, aðstæður og átök?

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Meitluð og þaulhugsuð saga með nýjan og forvitnilegan sjónarhól Sigurðar Óla.

Leiklist ★★★

**Fjölskyldan – ágúst í Osage-sýslu**

eftir Tracy Letts.

**Þýðing:** Sigurður Hróarsson. **Leikstjóri:** Hilmir Snær Guðnason. **Leikmynd:** Börkur Jónsson. **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson. **Búningar:** Margrét Einarsdóttir. **Leikgervi:** Sigríður Rósa Bjarnadóttir.

# Sigur sjónvarpsmyndarinnar



Rétt tveggja ára gamalt fjölskyldudrama af sléttum Oklahoma hefur verið markaðssett af mikilli hind af þeim hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Það á að vera til marks um þá stefnu leikhússtjórans að byggja öflugan leikhóp öfugt við þjóðleikhússtjóra og menntamálaráðuneytið sem ætla að reka flaggskip íslenskrar leiklistar með lausamönnum. Ágúst í Osage-sýslu er verk samið fyrir leikhóp. Það er gamaldags, stendur raunar langt að baki mörgum stærri fjölskylduverkum bandarískra leikskálda frá liðinni öld frá O'Neill til Shepards. Fjölskyldan, sundurtætt, hefur verið afar áberandi í bandarískri leikritun.

Hjónin í húsinu, komin á eftirlaunaaldur, minna um margt á Mörtu og Georg í Hver er hræddur… Hann menntamaður, útbrunnið vígi húmanisma og hinnar klassísku hefðar, Eliot er hans maður; hún lyfjasjúklingur, pillukerling. Saman hafa þau átt ár í myrkri í húsi sínu, útlagar í eigin lífi. Og þegar hann lætur sig hverfa kemur fjölskyldan saman: móðirin reynist þá vera harðstjóri, Lér konungur í kjól, en Cordelíulaus. Og þá hefst uppgjörið.

Nú skal það viðurkennt að ætlunarverk leikhússtjórans er hárrétt hugsað. Líka að verk af þessu tagi, natúralísk, með snoturlega samin samtöl, kvikar hópsenur, eru um margt vel til þess fallin að sýna styrk leikhópsins, falli leikstjóri – og leikhússtjóri ekki í þá gildru að skipa í hlutverk eftir fyrri frammistöðu. Það er markmið með ensemble-skipan að þroska með leikurum fjölhæfni, ekki einhæfni.

Byrjum á þeim sem brjóta mótið sitt: Jóhönnu Vigdísi og Theódór Júlíussyni. Bæði í meðalhlutverkum skulum við segja. Fara bæði fram úr sér: hún með óvæntum dempuðum litlitlum stíl, hann með elskulegum blæ sem er unninn í þaula og skilar fyllilega persónunni. Þau standa undir væntingum og betur. Margir eru svo á sínu róli: halda sig við leistann sinn af öryggi vanans, Ellert Ingimundarson, Þröstur Leó í hófstilltum leik, Hanna María, Hallgrímur. Svo enn aðrir sem fara verr af týpukastinu: Rúnari Frey er misboðið með gamalkunnugu viðfangsefni. Nínu Dögg verður að frelsa frá leikstjórum sínum sem skella henni alltaf í sama magabeltið. Hún getur meira en þessa einu rullu sem hún er alltaf látin leika! Nýliðinn Guðrún stendur sig bærilega þótt ekki heyrist orðaskil þegar hún brýnir röddina og æpir.

Stóru kanónurnar eru þær Margrét Helga og Sigrún Edda: hvenær sáum við þær leika þessi hlutverk síðast? Fegurðardrottningin frá Línakri? Og bættu þær sig núna? Það kemur einkennilegur munur í ljós á þeim stöllum í þessari sýningu: báðar reynast þær afar styrkar innan þeirrar tækni sem þær ráða yfir: Margrét bætir sig, fyrsti þátturinn sýnir að hún er enn skapandi listamaður, annar þátturinn færir hana í kunnuglegu formi og sá þriðji líður fyrir það að miðjun höfundarins, brennidepillinn hefur færst til, en það er engum blöðum um það að fletta að hún vinnur afrek í þessari rullu. Magga er enda stjarna fyrir þúsundum gesta LR í hartnær aldarfjórðung þótt erfitt hafi mönnum reynst að finna henni nægilega stór hlutverk til að sanna það oft.

Meira hefur verið látið með Sigrúnu Eddu. Hún er afburðatæknimaður í leik, nákvæm, samviskusöm með styrka stjórn á geislun sinni en hörfar oft í örugg vígi – að því að hún heldur. Og í því falska öryggi fatast henni alltaf. Þá grípur hún gamla hami, notuð tól, og hvergi mátti það greina betur en í lokaþætti þessa verks. Og þá verður hún skelfing yfirborðskennd.

Raunar gerist það í lokaþætti verks að hið fyrirsjáanlega blasir við í úrvinnslu fléttunnar. Melódramað styrkist, grunnfærnar lausnir opnast og ekki bætir hin skelfilega og ofsagða tónlistarábót sýningarinnar. Hvað er að gerast, hugsar maður þegar á skilnaðarstund hjóna byrjar kliðmjúkur gítarleikur að hljóma: fullnaðarsigur ameríska sjónvarpsdramans er staðfestur.

Örfá orð um leikmynd: hálfri öld eftir síðustu slitur hins lýriska natúralisma er hann mættur aftur. Húsgrindin er þarna á sviðinu af því það var tæknileg lausn í Ameríku: það er ekkert í verkinu sem kallar á margskipta sviðsmynd. Þvert á móti er verkið alveg hólfað í atburðarás og byggir meira á innilokun persóna og rýma en opnun á milli þeirra.

Að lokum: mórallinn er þessi. Ameríka er skítahola. Græðgin er enn sterkasta aflið og líf víkur fyrir auði. Þar eru allir siðlausir og skemmdir – nema sá sem verður að berjast fyrir lífinu: indjánastúlkan – húshjálp Unnar Aspar – eina góða manneskjan, hrein og með manngildi í hjarta. Hinn göfugi frumbyggi. Er eitthvað nýtt í þessu – er þessi einföldun rétt? Hvaða fréttir um mannlegt eðli er söluskrifstofan hjá LR að selja okkur?

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Gamaldags og ofmetið verk með leikhóp sem fær ekki nema takmörkuð tækifæri til að bæta sig.

© 2009 KPMG hf., íslenski aðilinn að KPMG International, svissnesku samvinnufélagi. Öll réttindi áskilin.



**Skattabæklingur KPMG hefur verið uppfærður vegna lagabreytinga. Sjá á kpmg.is**

Skattar og atvinnulífið

Röð námskeiða um skattamál

**6. nóvember** CFC reglur. Ný ákvæði um afdráttarskatta.
**9. nóvember** Samrunar, skiptingar og slit félaga. Kostir og gallar mismunandi rekstrarforma.
**12. nóvember** Skattskuldbindingar, samsköttun og skattaleg meðhöndlun gengismunar.
**17. nóvember** Virðisaukaskattur og fjármálafyrirtæki.
**19. nóvember** Virðisaukaskattur og bókhald.
**20. nóvember** Skattleg áhrif af niðurfellingu krafna og kaup á kröfum með afföllum.
**23. nóvember** Reikningsskil og skattskil í erlendum gjaldmiðlum.
**26. nóvember** Virðisaukaskattur og fasteignir.
**30. nóvember** Nýjar og fyrirhugaðar breytingar á skattalögum.

Skráning og allar upplýsingar um námskeiðin ásamt námskeiðsgjöldum er að finna á **kpmg.is**

AUDIT ▪ TAX ▪ ADVISORY

KPMG










# Erlend síða ánægð með Riots

„Þetta er garg og læti, bara þungarokk,“ segir Kári Árnason, bassaleikari Gordon Riots. Fyrsta plata hljómsveitarinnar í fullri lengd, Dirt´n Worms, er nýkomin út. Fylgir hún í kjölfar EP-plötunnar Witness The Weak Ones sem kom út fyrir tveimur árum.

Upptökur á Dirt´n Worms hófust í febrúar og gengu þær vel. „Hún var tilbúin í júní en fjárskortur dró þetta á langinn í seinni hlutanum. En þetta tókst að lokum,“ segir Kári.

Gordon Riots var stofnuð í Reykjavík árið 2005 og tveimur árum síðar lenti hún í þriðja sæti í hljómsveitakeppninni Battle of the Bands. Sveitin spilaði tvívegis á Airwaves-hátíðinni á dögunum og fékk góðar viðtökur. Meðal annars var fjallað um tónleikana á erlendri þungarokkssíðu og því ljóst að fleiri en íslenskir þungarokkarar kunna að meta hljómsveitina.

Kári segir að mikil gróska sé í þungarokkssenunni á Íslandi og kvíðir ekki framtíðinni. „Ef maður myndi bera hana saman við venjulega rokksenu þá fer miklu meira, að mínu mati, fyrir þungarokksböndum.“ Gordon Riots ætlar að fylgja nýju plötunni eftir með tónleikahaldi á stöðum á borð við 11, Dillon og Grand Rokk á næstunni. - fb



**GORDON RIOTS** Þungarokkararnir í Gordon Riots hafa gefið út sína fyrstu plötu í fullri lengd.



**SKÁL Í BOÐINU** Fjöldi þekktra einstaklinga heiðruðu Óskar Guðmundsson með nærveru sinni í Þjóðmenningarhúsi. Þar á meðal þeir Sigurður A. Magnússon rithöfundur, Vésteinn Ólason, fyrrum forstöðumaður Árnastofnunar, og Árni Bergmann rithöfundur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ævisögu Snorra fagnað

**Útgáfuhóf vegna ævisögu Snorra Sturlusonar eftir Óskar Guðmundsson var haldið í Þjóðmenningarhúsinu á dögunum. Fjöldi manns fagnaði með höfundinum sem varið hefur löngum tíma í skrif bókarinnar.**

Snorri er fyrsta heildstæða ævisagan sem gefin er út um Snorra Sturluson. Rithöfundurinn og sagnfræðingurinn Óskar Guðmundsson hóf undirbúning að ritun bókarinnar fyrir áratug og hefur varið síðustu þremur árum alfarið í skrifin. Bókin er vegleg og á eflaust eftir að vera vinsæl í jólapökkum landsmanna.



Mörður Árnason íslenskufræðingur og Silja Aðalsteinsdóttir, útgáfustjóri Máls og menningar.



Rithöfundarnir Einar Kárason og Óskar Guðmundsson.




Óskar Guðmundsson, höfundur bókarinnar, og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

# Fá nemendur í lið með sér

Bræðurnir og listamennirnir Snorri og Ásmundur Ásmundssynir eru í hópi þeirra myndlistarmanna sem munu taka þátt í sjónlistarhátíðinni Sequences. Hátíðin hófst nú á föstudaginn og stendur til 7. nóvember.

Snorri og Ásmundur munu stýra svokölluðum masterclass fyrir nemendur Menntaskólans í Reykjavík, en langafi þeirra bræðra, Ólafur Dan Daníelsson, stofnaði stærðfræðideild skólans á sínum tíma. „Við ætlum að fara með nemendur út fyrir hið hefðbundna og venjulega og út á andlegar brautir. Við erum báðir krónískir óþekktarangar og viljum fá nemendur með okkur í lið,“ segir Snorri um námskeiðið. Þetta er í annað sinn sem bræðurnir stýra námskeiði sem þessu en þeir héldu eitt slíkt á LUNGA fyrir tveimur árum og segir Snorri að mikil pressa hafi verið á þeim að endurtaka leikinn. Snorri segir þá bræður ekki hafa unnið mikið saman hingað til þrátt fyrir að vera í sömu starfsstétt. „Við vinnum ekki oft saman en þegar það gerist þá tekst það alltaf mjög vel, enda ólumst við upp saman og þekkjum hvor annan alltof vel,“ segir Snorri að lokum.

Hægt verður að skoða afrakstur námskeiðsins í húsi Menntaskólans í Reykjavík laugardaginn 7. nóvember. - sm



**VINNA VEL SAMAN** Snorri og Ásmundur stýra svokölluðum masterclass fyrir nemendur Menntaskólans í Reykjavík.
MYND/ÁSMUNDUR

# Theron í Mad Max

Bæði Charlize Theron og Tom Hardy hafa samþykkt að leika aðalhlutverkin í fjórðu Mad Max-myndinni sem er í undirbúningi. Ljóst er að Mel Gibson, sem lék í fyrstu þremur myndunum, verður ekki með í þetta sinn. Tökur á myndinni hefjast í ágúst á næsta ári. 24 ár eru liðin síðan síðasta Mad Max-mynd kom út og er eftirvæntingin því mikil eftir nýju myndinni.

Theron er annars í miklum hasargír um þessar mundir því nýjasta mynd hennar er ævintýramyndin The Road sem verður frumsýnd á næstunni. Hún er byggð á skáldsögu Cormac McCarthy og á sér stað eftir miklar hamfarir í heiminum, rétt eins og Mad Max. Viggo Mortensen leikur aðalhlutverkið á móti henni.



**CHARLIZE THERON** Charlize Theron leikur í fjórðu Mad Max-myndinni sem er í undirbúningi.

# Pönkari hrekktur með Eurovision

„Mér hefði aldrei dottið í hug að senda lag í Eurovision. Allavega ekki þetta lag. Einhvern veginn slapp það í gegn," segir Rögnvaldur „gáfaði" Rögnvaldsson, sem hætti að spila með Hvanndalsbræðrum í vor. Sumarliði, félagi hans úr bandinu, sendi lag Rögnvalds, „Gleði og glens", í keppnina og það var eitt af þeim fimmtán sem voru valin til að keppa á næsta ári. „Hann hefur ákveðið að hrekkja gamla pönkarann með því að senda þetta inn," segir Rögnvaldur. „Ég ákvað svo bara að klára brandarann. Hvanndalsbræður flytja lagið og ætli ég syngi ekki bakraddir eða eitthvað. Það er svo sem allt í lagi að prófa þetta."

Rögnvaldur segir lagið alls ekki hans besta lag. „Nei, fjarri lagi! Þetta er síðasta lagið sem ég samdi fyrir Hvanndalsbræður og ég varð að hætta í hljómsveitinni eftir það."

Svo furðulega vill til að Hvanndalsbræður hafa slegið í gegn eftir að Rögnvaldur hætti. Hafa átt tvö topplög og eru spilaðir á öllum útvarpsstöðvum.

**EIGA ÞESSIR SÉNS Í EUROVISION?** Hvanndalsbræður. Rögnvaldur lengst til hægri.



Rögnvaldur er þó viðloðandi bandið og kemur stundum með til að selja inn á böll.

En er ekki gamla pönkaranum léttir í því að annar gamall pönkari, sjálfur Bubbi Morthens, semur lag í keppninni í ár? „Jú, vissulega. Það er eins og nú sé tíminn í Eurovision þegar þeir sem komu í bransann upp úr 1980 koma sterkir inn. Bubbi var náttúrlega algjört goð á sínum tíma, þó ekki væri fyrir annað en að bjarga manni frá Brunaliðinu." - drg



**NORAH JONES** Nýjasta plata söngkonunnar, The Fall, kemur út um miðjan nóvember.

# Frægir starfa með Noruh

**Tónlistarmaðurinn Beck, rappararnir í Beastie Boys og Santigold hafa endurhljóðblandað lög söngkonunnar Noruh Jones. Útgáfur þeirra fylgja með nýjustu plötu hennar, The Fall, sem kemur út 17. nóvember. „Eins og hlutirnir eru í dag í plötubransanum þarf alltaf eitthvert aukaefni með hverri útgáfu. Þess vegna ákváðum við að fá fólk sem er í uppáhaldi hjá mér til að endurhljóðblanda fyrir mig," sagði Norah. Hún segist hafa íhugað að biðja Beck einnig um að stjórna upptökum á plötunni en ekkert hafi orðið af því. Lögin á plötunni samdi hún með Will Sheff úr Okkervil River og Ryan Adams.**



**BRÁÐUM Í BÍÓ** Tinni og Tobbi koma 2011.

# Tinni á hvíta tjaldið 2011

Fyrsta myndin í Tinnasyrpu Stevens Spielberg verður ekki frumsýnd fyrr en í október árið 2011. Hún byggir að mestu á bókinni Leyndardómi einhyrningsins en að auki á atburðum úr Krabbanum með gylltu klærnar. Útlit myndarinnar verður byltingarkennt, einhvers konar sambland af leiknu efni og teiknimyndum. Leikaravalið hefur spurst út. Jamie Bell, strákurinn úr Billy Elliot, leikur Tinna, Andy „Gollum" Serkis leikur Kolbein og Simon Pegg og Nick Frost úr Shaun of the Dead leika Skaftana. Næsta Tinnamynd á svo að koma 2013 og byggir hún á bókinni Fjársjóði Rögnvaldar rauða. Henni verður leikstýrt af Peter Jackson.



## > Leikið í Iceland Express-deild karla

Þrír leikir fara fram í Iceland Express-deild karla í kvöld. Grindvíkingar fá Hamarsmenn í heimsókn í Röstina en Grindvíkingar eru búnir að tapa tveimur leikjum í röð og leggja eflaust allt í sölurnar í kvöld. Snæfell tekur á móti Fjölni en Snæfellingar hafa líkt og Grindvíkingar tapað tveimur leikjum í röð. Fjölnismenn hafa hins vegar tapað öllum fjórum leikjum sínum til þessa en veittu bæði Grindavík og Njarðvík harða mótspyrnu. Þá leitar FSu einnig að sínum fyrsta sigri þegar Keflavík kemur í heimsókn en Keflvíkingar hafa unnið þrjá af fyrstu fjórum leikjum sínum í deildinni.



**sport**
sport@frettabladid.is

**EINAR JÓNSSON:** ÁNÆGÐUR EFTIR AÐ FRAM KOMST ÖRUGGLEGA ÁFRAM Í 16 LIÐA ÚRSLIT CHALLENGE CUP

# *Einvígið var í raun og veru búið í hálfleik*

Fram vann sannfærandi 30-20 sigur gegn tyrkneska liðinu Anadolu University í seinni leik liðanna í 32 liða úrslitum Challenge Cup í handbolta. Framkonur unnu einnig fyrri leik liðanna, 27-30, og einvígið því samanlagt 57-50 og bókaði því farseðilinn í 16 liða úrslitin með stæl en báðir leikirnir fóru fram í Tyrklandi.
Sigur Fram í gær var í raun aldei í hættu en staðan í hálfleik var 18-11 Framkonum í vil. Fram hélt uppteknum hætti í síðari hálfleik og bætti heldur í ef eitthvað var. Stella Sigurðardóttir var markahæst hjá Fram í gær með 8 mörk en Ásta Birna Gunnarsdóttir kom næst með 5 mörk. Einar var fremur ósáttur með spilamennsku liðsins í fyrri leik liðanna á laugardag en mjög ánægður með viðbrögðin sem leikmenn hans sýndu í seinni leiknum í gær. „Þetta var miklu skárra í seinni leiknum. Við tókum bara á því og vorum mjög sannfærandi í leik okkar og einvígið var í raun og veru búið í hálfleik. Við fengum líka betri dómgæslu í seinni leiknum og tempóið var því mun betra í staðinn fyrir gönguboltann sem dómararnir í fyrri leiknum leyfðu að viðgangast.



Það var óttalegt hnoð og ég lét eftirlitsmanninn heyra það duglega eftir þann leik og kannski hefur það skilað einhverju," segir Einar ánægður.
Það kemur í ljós um næstu helgi hverjir verða mótherjar Fram í 16 liða úrslitunum en Einar er þegar byrjaður að gíra sig upp. „Við vorum að fara yfir þetta og mér sýndist í fljótu bragði að það væru þarna gríðarlega spennandi möguleikar í stöðunni eins og Úkraína og Serbía þannig að við verðum að vera klár fyrir löng og ströng ferðalög. Það er reyndar líka möguleiki fyrir hendi að við mætum liðum frá Hollandi eða Þýskalandi þannig að við skulum sjá hvað setur," segir Einar.
Línumaðurinn Pavla Nevarilova spilaði báða leikina með Fram en hún er að koma aftur eftir meiðsli og er vitanlega gríðarlegur liðstyrkur.
„Hún er laus við þessi brjóskloseinkenni sem hafa verið að hrjá hana og hún var frábær í leikjunum tveimur og það er ómetanlegt fyrir okkur að fá hana aftur í liðið," sagði Einar að lokum.

## ÚRSLIT

### *Challenge Cup, 32 liða úrslit*

Anadolu University-Fram 27-30 (13-16)
**Mörk Fram:** Ásta Birna Gunnarsdóttir 10, Stella Sigurðardóttir 6, Karen Knútsdóttir 4, Marthe Sördal 4, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Hafdís Inga Hinriksdóttir 1, Pavla Nevarilova 1, Anna María Guðmundsdóttir 1.
**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 20, Helga Vala Jónsdóttir 3.

Fram-Anadolu University 30-20 (18-11)
**Mörk Fram:** Stella Sigurðardóttir 8, Ásta Birna Gunnarsdóttir 5, Karen Knútsdóttir 4, Hildur Þorgeirsdóttir 4, Marthe Sördal 3, Anna María Guðmundsdóttir 2, Pavla Nevarilova 2, Arna Eir Einarsdóttir 1, Sigrún Björnsdóttir 1.
**Varin skot:** Helga Vala Jónsdóttir 15, Íris Björk Símonardóttir 5.

### *N1-deild kvenna*

KA/Þór-Haukar 24-34 (11-17)
Víkingur-Fylkir 13-31 (7-16)
HK-FH 21-31 (12-15)

### *Iceland Express-deild karla*

Njarðvík-KR 76-68 (41-41)
**Stigahæstir hjá Njarðvík:** Guðmundur Jónsson 21, Jóhann Árni Ólafsson 17.
**Stigahæstir hjá KR:** Semaj Inge 20, Brynjar Þór Björnsson 17.

ÍR-Stjarnan 83-92 (32-26)
**Stigahæstir hjá ÍR:** Nemanja Sovic 19, Steinar Arason 17.
**Stigahæstir hjá Stjörnunni:** Justin Shouse 37 (10 fráköst, 5 stoðsendingar), Jovan Zdravevski 22, Kjartan Kjartansson 16.

Tindastóll-Breiðablik 66-52 (35-27)
**Stigahæstir hjá Tindastóli:** Amani Bin Daanish 20, Svavar Atli Birgisson 16 (8 fráköst).
**Stigahæstir hjá Breiðabliki:** John Davis 16 (13 fráköst), Hjalti Friðriksson 12.

### *Iceland Express-deild kvk*

KR-Snæfell 69-37 (37-14)

# Meistararnir felldir í Ljónagryfjunni

**Njarðvíkingar eru enn með fullt hús stiga í Iceland Express-deildinni en liðið vann 76-68 sigur gegn Íslandsmeisturum KR í Ljónagryfjunni í Njarðvík í gær. Þetta var jafnframt fyrsta tap KR í deildinni í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík vann góðan 76-68 sigur gegn Íslandsmeisturum KR í Njarðvík í gær.

Fyrir leikinn voru Íslandsmeistararnir taplausir en grimmir Njarðvíkingar sáu til þess að sigurgöngu þeirra lauk í gær.

Njarðvíkingar mættu ákveðnir til leiks, staðráðnir í að halda sigurgöngunni sinni áfram. Þeir hafa nú unnið alla sína leiki og virðast óstöðvandi.

Mikið jafnræði var annars með liðunum framan af leik og skiptust þau á að leiða leikinn.

Guðmundur Jónsson átti tólf af fyrstu fimmtán stigum heimamanna á meðan Tommy Johnson lét vita af sér hinum megin og setti þrjár þriggja stiga körfur í röð á einu bretti. Það var jafnt eftir fyrsta leikhluta, 25-25, en bæði lið spiluðu góðan varnarleik.

Ungu strákarnir í Njarðvík, Hjörtur Einarsson og Rúnar Erlingsson, tóku af skarið á meðan að Friðrik Stefánsson lét lítið fyrir sér fara. Semaj Inge bar upp boltann fyrir gestina og á meðan Fannar Ólafsson stjórnaði varnarleiknum. Staðan var enn jöfn í hálfleik, 41-41.

Heimamenn komu kaldir frá búningsherbergjum eftir leikhlé og misstu boltann klaufalega í fyrstu þremur sóknunum.

Semaj Inge hélt áfram að minna á sig og var frábær í sókninni fyrir KR-inga á meðan Fannar Ólafsson gjörsamlega þurrkaði Friðrik Stefánsson út.

Það voru ungu strákarnir ásamt Guðmundi Jónssyni sem héldu heimamönnum inni í leiknum á meðan að reynsluboltarnir Friðrik Stefánsson og Páll Kristinsson virtust heillum horfnir. Munurinn var tvö stig, 54-56, þegar einn leikhluti var eftir.

Á síðustu fimm mínútum leiksins var spennustigið hátt í báðum liðum og virtist sem KR-ingar gætu ekki staðist pressuna.

Heimamenn tóku leikinn í sínar hendur og kláruðu leikinn á meðan ekkert gekk upp hjá meisturunum. Jóhann Ólafsson tók af skarið fyrir heimamenn þegar á mest á reyndi og skoraði mikilvægar körfur.

Niðurstaðan var sem segir mikilvægur sigur heimamanna í miklum baráttuleik.

„Hörkuleikur og tvö góð lið mættust hér í dag. Spiluðu góðan varnarleik og tóku aðalvopnin frá hvort öðru, það gekk vel sérlega í seinni hálfleik hjá okkur. Ég er sáttur með sigurinn því að KR-liðið er mjög gott," sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvík, í leikslok.
**-rog**



**ÁFRAM Á TOPPNUM** Njarðvíkingar eru enn taplausir í Iceland Express-deildinni eftir 76-68 sigur gegn KR-ingum í Ljónagryfjunni í Njarðvík í gærkvöldi. Jóhann Árni Ólafsson átti góðan leik fyrir Njarðvík og skoraði 17 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
VIÐ EIGUM
15 ÁRA AFMÆLI
20% afsláttur af öllum fiski í dag
humar
Lúða
Lax
Skötuselur
Ýsuflök
Fiskréttir
og margt fleira
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Lokaumferðin í norsku úrvalsdeildinni fór fram í gær:

# Garðar og Birkir á skotskónum í gær

**FÓTBOLTI** Íslendingar voru áberandi í lokaumferð norsku úrvalsdeildarinnar í gærkvöldi. Rosenborg var búið að tryggja sér norska meistaratitilinn fyrir löngu síðan.

Framherjinn Garðar Jóhannsson skoraði þriðja mark Fredrikstad í 0-5 bursti liðsins gegn Lyn en Garðbæingurinn lagði einnig upp annað mark gestanna í leiknum.

Garðar var líklega að leika sinn síðasta leik með Fredrikstad en dregist hefur hjá honum að skrifa undir nýjan samning við félagið.

Arnar Darri Pétursson var í markinu hjá Lyn í leiknum en hann fékk að líta rauða spjaldið á 57. mínútu í stöðunni 0-3.

Birkir Bjarnason var líkt og Garðar á skotskónum í gær en hann skoraði eina mark leiksins í sigri Viking gegn Tromsö.

Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason og Birkir Már Sævarsson voru allir í byrjunarliði Brann sem gerði 1-1 jafntefli gegn Noregsmeisturum Rosenborg en Gylfi Einarsson kom inn á sem varamaður í leiknum.

Þá kom Pálmi Rafn Pálmason inn á sem varamaður á 86. mínútu í 1-3 sigri Stabæk gegn Sandefjord.



**GARÐAR JÓHANNSSON** Skoraði eitt og lagði upp annað í stórsigri Fredrikstad í gær.

Markverðirnir Árni Gautur Arason og Stefán Logi Magnússon voru á sínum stað í byrjunarliðum liða sinna, Árni hjá Odd og Stefán Logi hjá Lilleström. Odd gerði 1-1 jafntefli gegn Bodö/Glimt en Lilleström tapaði 3-0 gegn Molde.

Björn Bergmann Sigurðarson kom inn á sem varamaður hjá Lilleström.
**- óþ**

Arsenal, Chelsea og Manchester United með sigra en Liverpool missteig sig illa:

# Við getum unnið deildina


**MARKASKORAR** Cesc Fabregas hafði ærna ástæðu til þess að fagna glæsilegu marki sínu gegn Tottenham. Með honum á myndinni er Robin van Persie sem skoraði hin tvö mörk Arsenal í leiknum. NORDIC PHOTOS/AFP

**FÓTBOLTI** Arsenal, Chelsea og Manchester United unnu góða sigra í ensku úrvalsdeildinni um helgina en Liverpool tapaði illa.

Arsenal og Tottenham mættust í stórleik helgarinnar á Emirates-leikvanginum en tvö mörk Arsenal með skömmu millibili í lok fyrri hálfleik komu liðinu í kjörstöðu. Robin van Persie opnaði markareikninginn fyrir Arsenal á 42. mínútu og Cesc Fabregas bætti við öðru marki skömmu síðar þegar hann stal boltanum af leikmönnum Tottenham og óð upp völlinn og skoraði glæsilegt mark. Van Persie innsiglaði svo sigur heimamanna með þriðja markinu.

Knattspyrnustjórinn Arsene Wenger var ánægður í leikslok. „Hef ég trú á því að við getum unnið deildina? Já, ég hef trú á því. Ég sagði það fyrir tímabilið og ég segi það enn nú að við erum með nógu góðan hóp til þess að vinna.“

Chelsea og United áttu einnig náðuga helgi þar sem Chelsea vann 0-4 sigur gegn Bolton á Reebok-leikvanginum og Manchester United vann 2-0 sigur á Blackburn en staðan var 0-0 í hálfleik á Old Trafford. Knattspyrnustjórinn Sir Alex Ferguson hrósaði sínum mönnum fyrir þolinmæðina.

„Við vissum að við þyrftum að vera þolinmóðir og við höfum sem betur fer reynsluna til þess að verða ekki stressaðir þó svo að fyrsta markið láti bíða eftir sér.“

Knattspyrnustjórinn Rafa Benitez var vitanlega ekki eins glaður eftir að hafa horft upp á sína menn í Liverpool tapa 3-1 gegn Fulham á Craven Cottage-leikvanginum þar sem tveir leikmenn Liverpool, Philipp Degen og Jamie Carragher, fengu rautt spjald. „Þetta var óneitanlega mjög svekkjandi því það var bara eitt lið á vellinum áður en þeir skoruðu sitt fyrsta mark. Það sama gerðist í raun og veru aftur í síðari hálfleik. Þeir komust yfir á nýjan leik eftir að við höfðum yfirspilað þá.“ **- óþ**

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

Arsenal-Tottenham 3-0
1-0 Robin van Persie (42.), 2-0 Cesc Fabregas (43.), 3-0 van Persie (60.).
Bolton-Chelsea 0-4
0-1 Frank Lampard (45.), 0-2 Deco (61.), 0-3 sjálfsmark (83.), 0-4 Didier Drogba (90.). Grétar Rafn Steinsson var á varamannabekk Bolton.
Burnley-Hull 2-0
1-0 Graham Alexander (20.), 2-0 Alexander (77.). Jóhannes Karl Guðjónsson var á bekk Burnley.
Everton-Aston Villa 1-1
1-0 Diniyar Bilyaletdinov(45.),1-1 John Carew(47.)
Fulham-Liverpool 3-1
1-0 Bobby Zamora (24.), 1-1 Fernando Torres (42.),2-1 Erik Nevland(73.),3-1 Clint Demsey(87.)
Portsmouth-Wigan 4-0
1-0 Aruna Dindane (35.), 2-0 Frederic Piquionne (45.), 3-0 Dindane (64.), 4-0 Dindane (90.)
Stoke-Wolves 2-2
1-0 sjálfsmark (17.), 2-0 Matthew Etherington (44.), 2-1 Jody Craddock (47.), 2-2 Craddock (64.)
Sunderland-West Ham 2-2
0-1 Guillermo Franco (30.), 0-2 Carlton Cole (36.), 1-2 Andy Reid (39.), 2-2 K. Richardson(76.)
Manchester United-Blackburn 2-0
1-0 Dimitar Berbatov(55.), 2-0 W. Rooney (87.)
Birmingham-Manchester City 0-0

### Enska b-deildin

Coventry-Reading 1-3
Aron Gunnarsson var í byrjunarliði Coventry og Gylfi Þór Sigurðsson í byrjunarliði Reading en Brynjar Björn Gunnarsson sat á bekknum.
Middlesbrough-Plymouth 0-1
Kári Árnason lék allan leikinn með Plymouth.
Peterborough-Barnsley 1-2
Emil Hallfreðsson lék ekki með Barnsley.
WBA-Watford 5-0
Heiðar Helguson kom inn á sem varamaður hjá Watford.

### Skoska úrvalsdeildin

Motherwell-Hearts 1-0
Eggert Gunnþór Jónsson hjá Hearts fékk rautt spjald á 71. mínútu í stöðunni 1-0.
St. Johnstone-Falkirk 3-1
Kjartan Finnbogason lék allan leikinn f. Falkirk.

### Spænska úrvalsdeildin

Real Madrid-Getafe 2-0
1-0 Gonzalo Higuain (53.), 2-0 Higuain (56.).
Osasuna-Barcelona 1-1
0-1 Seydou Keita (73.), 1-1 sjálfsmark (90.+3)
Xerez-Sevilla 0-2
0-1 Alvaro Negredo (42.), 0-2 Luis Fabiano (90.).

### Ítalska úrvalsdeildin

Juventus-Napoli 2-3
1-0 David Trezeguet (35.), 2-0 Sebastian Giovinco (55.), 2-1 Marek Hamsik (58.), 2-2 Jesus Datolo (64.), 2-3 Hamsik (81.).
AC Milan-Parma 2-0
1-0 Marco Borriello (12.), 2-0 Borriello (90.).
Roma-Bologna 2-1
0-1 Adailton (32.), 1-1 Mirko Vucinic (35.), 2-1 Simone Perrotta(52.)
Livorno-Inter 0-2
0-1 Diego Milito (49.), 0-2 Maicon (80.).

### Sænska úrvalsdeildin

Halmstad-GAIS 1-3
Hallgrímur Jónasson skoraði þriðja mark GAIS og Eyjólfur Héðinsson lagði upp annað mark liðsins. Jónas Guðni Sævarsson lék með Halmstad.
Elfsborg-Helsingborg 1-0
Helgi Valur Daníelsson lék með Elfsborg og Ólafur Ingi Skúlason lék með Helsingborg.
Gautaborg-AIK 1-2
Hjálmar Jónsson, Ragnar Sigurðsson og Theodór Elmar Bjarnason léku með Gautaborg.

### Norska úrvalsdeildin

Brann-Rosenborg 1-1
Kristján Örn Sigurðsson, Ólafur Örn Bjarnason og Birkir Már Sævarsson voru í byrjunarliði Brann en Gylfi Einarsson kom inn á sem varamaður.
Sandefjord-Stabæk 1-3
Pálmi Rafn Pálmason kom inn á sem varamaður hjá Stabæk.
Molde-Lilleström 3-0
Stefán Logi Magnússon var í liði Lilleström.
Bodö/Glimt-Odd 1-1
Árni Gautur Arason var í liði Odd.
Lyn-Fredrikstad 0-5
Garðar Jóhannsson skoraði þriðja mark Fredrikstad og lagði upp annað markið.




20%
Afsláttur
til 7. nóv
adidas
körfuboltaskór



Adidas Speed Cut
Verð Kr. 19.990.-
Nú kr. 15.990.-



Adidas Pro Model
Verð Kr. 18.990.-
Nú kr. 15.190.-



Adidas Commander LT
Verð Kr. 24.990.-
Nú kr. 19.990.-



Adidas Attack Feather
Verð Kr. 16.990.-
Nú kr. 13.590.-



Adidas 3 series barna
Verð Kr. 10.990.-
Nú kr. 8.790.-

Jói útherji
síðan 1999
Ármúli 36, s. 588 1560
www.joiutherji.is

Lokaumferð sænsku úrvalsdeildarinnar fór fram í gær þar sem Íslendingaliðið Gautaborg missti af titlinum:

# Gautaborg varð að sætta sig við silfrið

**FÓTBOLTI** Íslendingaliðið Gautaborg varð að bíta í það súra epli að tapa sannkölluðum úrslitaleik gegn AIK í sænsku úrvalsdeildinni í gær.

Leikurinn fór fram á heimavelli Gautaborgar og endaði 1-2 fyrir AIK en gestunum dugði jafntefli til þess að vinna deildina. Gautaborg hefði aftur á móti með sigri getað hirt titilinn af AIK.

Gautaborg byrjaði betur og komst yfir í leiknum með marki frá Thomas Olsson á 32. mínútu og staðan var 1-0 heimamönnum í vil í hálfleik. Antonio Flávio jafnaði hins vegar leikinn fyrir AIK snemma í síðari hálfleik og Daniel Tjernström innsiglaði sigur AIK og gulltryggði meistaratitilinn með sigurmarki á 86. mínútu leiksins. Íslendingarnir þrír, Hjálmar Jónsson, Ragnar Sigurðsson og Theodór Elmar Bjarnason voru allir í byrjunarliði Gautaborgar í leiknum en Theodóri Elmari var skipt af velli á 76. mínútu.

Gautaborg fær hins vegar kjörið tækifæri til þess að hefna fyrir tapið um næstu helgi þegar liðin mætast í úrslitaleik sænska bikarsins en Gautaborg hefur þar titil að verja.

GAIS endaði tímabilið hins vegar með góðum 1-3 sigri gegn Halmstad í sænsku úrvalsdeildinni í dag. Hallgrímur Jónasson og Eyjólfur Héðinsson léku allan leikinn með GAIS og áttu góðan leik en Hallgrímur skoraði þriðja mark GAIS og Eyjólfur lagði upp annað mark liðsins.

Jónas Guðni Sævarsson var á sínum stað í liði Halmstad en Guðjón Baldvinsson og Guðmundur Reynir Gunnarsson voru ekki í leikmannahópi GAIs að þessu sinni.

Helgi Valur Daníelsson lék allan leikinn í 1-0 sigri Elfsborgar í öðrum Íslendingaslag gegn Helsingborg en Ólafur Ingi Stígsson var á sínum stað í liði Helsingborgar. **- óþ**



**RAGNAR SIGURÐSSON** Átti enn eitt frábæra tímabilið með Gautaborg í sænsku úrvalsdeildinni. MYND/TOMMY HOLL

# Farinn að sleppa fram af mér beislinu

**Arnór Atlason er nú kominn á fullt skrið eftir að hafa glímt við erfið hnémeiðsli í um eitt og hálft ár. Hann stefnir á að koma sér aftur í toppform fyrir Evrópumeistaramótið sem fer fram í Austurríki eftir áramót.**

**HANDBOLTI** Arnór Atlason er nú loksins laus við meiðsli eftir að hafa glímt við hnémeiðsli alveg frá því að Evrópumeistaramótinu í Noregi lauk fyrir næstum tveimur árum. Á þessum tíma hefur hann þurft að fara í þrjár aðgerðir en það var ekki fyrr en í mars síðastliðnum að hann fór loksins að sjá fyrir endann á þessari þrautagöngu. Þá gekkst hann undir stóra aðgerð hér á landi sem virðist hafa borið góðan árangur.

„Ég er meiðslafrír og er búinn að spila hvern einasta leik á tímabilinu til þessa," segir Arnór, sem er á mála hjá FC Kaupmannahöfn.

Hann spilaði í raun meiddur á Ólympíuleikunum í Peking í fyrrasumar og þurfti að fara í aðgerð í nóvember á síðasta ári. Hann náði sér þó aldrei að fullu og ákvað því að koma heim til að gangast undir aðgerð vegna meiðsla á liðþófa og brjóskskemmdum í hné.

„Hingað til hef ég verið ánægður með minn bata og ég er sífellt að komast í betra og betra form. En ég þarf þó alltaf að passa mig og vera klókur. Þetta situr alltaf í hausnum á manni," segir Arnór.

Hann segir þó að það hái ekki sínum leik. „Ég er algjörlega farinn að sleppa fram af mér beislinu. Ég gat ekki spilað mikið í byrjun tímabilsins en hef spilað sífellt meira upp á síðkastið og er því óðum að nálgast fyrra form."

FCK er sem stendur í fjórða sæti dönsku úrvalsdeildarinnar með tólf stig eftir átta leiki. Arnór segir að liðið sé á réttri leið.

„Við höfum tapað tveimur leikjum í haust en báðir voru á mjög erfiðum útivöllum – gegn Kolding og Bjerringbro. Við erum þó búnir að vinna góða sigra í Meistaradeildinni og stefnum óhikað á sextán liða úrslitin í henni. Þar að auki erum við komnir í undanúrslit í bikarnum."

Úrslitin í dönsku úrvalsdeildinni ráðast í úrslitakeppni í vor og því hefur Arnór ekki áhyggjur af því þótt liðið misstígi sig örlítið í deildinni nú. „Aðalmálið er að vera í hópi efstu átta liða. Við misstum einnig leikstjórnandann okkar, Klavs Bruun Jörgensen, í sumar og það tekur tíma að byggja upp nýjan sóknarleik," sagði hann.

Arnór hefur tekið að sér að leysa stöðu leikstjórnanda eftir að Jörgensen fór og kann vel við það hlutverk. „Mér líkar það vel. Það virðist henta mér betur því í þeirri stöðu get ég hlíft hnénu betur en þegar ég spila í skyttustöðunni. Hins vegar finnst mér mjög gott að koma aftur í landsliðið og komast aftur í skyttuna."

Þrátt fyrir baráttu sína við meiðslin gegndi Arnór gríðarlega mikilvægu hlutverki í íslenska landsliðinu þegar það vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum. Ljóst er að Arnór verður liðinu einnig mikilvægur á EM í Austurríki.

„Það miðast allt við að komast til Austurríkis og ætla ég mér að vera í toppformi þegar mótið fer fram. Ég hlakka mikið til." **eirikur@frettabladid.is**



**SILFURHAFINN ARNÓR** Fagnar hér sigri á Spánverjum í undanúrslitum Ólympíuleikanna í Peking í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Real Madrid náði að minnka forskot Barcelona á toppi spænsku deildarinnar:

# Higuain hetja Real Madrid

**FÓTBOLTI** Real Madrid fékk uppreisn æru með 2-0 sigri gegn Getafe í spænsku úrvalsdeildinni um helgina á meðan Barcelona missteig sig óvænt gegn Osasuna.

Útlitið var ekki gott lengi framan af fyrir Real Madrid á Santiago Bernabeu-leikvanginum í kvöld því eftir tæplega hálftíma leik fékk Raul Albiol að líta beint rautt spjald fyrir gróft brot en staðan í hálfleik var markalaus.

Í upphafi síðari hálfleiks fóru hlutirnir hins vegar að gerast og á 53. mínútu opnaði Higuain markareikninginn fyrir heimamenn eftir góðan undirbúning Marcelo. Higuain var svo aftur á ferðinni skömmu síðar þegar hann skoraði eftir hraða sókn Madridinga en hann fékk þá sendingu frá Karim Benzema.

Ljóst er að úrslitin verða til þess að taka hitann að einhverju leyti af knattspyrnustjóranum Manuel Pellegrini eftir slakt gengi undanfarið. Higuian var sigurreifur í leikslok og vandaði gagnrýnendum liðsins ekki kveðjurnar.

„Þetta var gríðarlega þýðingarmikill sigur eftir erfiða viku þar sem við þurftum að hlusta á og lesa algjört þvaður um liðið í fjölmiðlum. Við sýndum það og sönnuðum með þessum sigri að við getum unnið deildina. Við létum það ekki á okkur fá þótt við spiluðum manni færri í klukkutíma og við sýndum að við erum með mannskapinn til þess að ná góðum árangri," sagði Higuain í viðtali við Marca í leikslok.

Flest benti til þess að mark Seydou Keita á 73. mínútu myndi duga Barcelona til sigurs gegn Osasuna. Það reyndist hins vegar ekki raunin því varnarmaðurinn Gerrard Pique varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark í uppbótartíma og niðurstaðan því eins og segir jafntefli.

Barcelona er því aðeins með eins stigs forskot á Real Madrid á toppi deildarinnar en bæði lið eru búin að spila níu leiki.

Þá hélt Sevilla pressunni á toppliðin tvö með 0-2 sigri gegn Xerez þar sem framherjarnir Alvaro Negredo og Luis Fabiano voru á skotskónum. **- óþ**



**GONZALO HIGUAIN** Stal senunni á Santiago Bernabeu-leikvanginum í fyrrakvöld. NORDIC PHOTOS/AFP



**SEBASTIAN VETTEL** Fagnaði vel eftir sigur sinn í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Lokakappakstur tímabilsins:

# Vettel fór með sigur af hólmi

**KAPPAKSTUR** Það var Sebastian Vettel hjá Red Bull sem vann á lokamóti tímabilsins í F1 en keppnin fór fram á glænýrri braut í Abu Dhabi í gær.

Vettel tók forystu eftir að McLaren-bíllinn hjá Lewis Hamilton bilaði og leit aldrei til baka eftir það. Með sigrinum tryggði Vettel sér annað sæti í stigakeppni ökuþóra en Jenson Button hjá Brawn var sem kunnugt er þegar búinn að tryggja sér heimsmeistaratitilinn.

Liðsfélagi Vettel hjá Red Bull, Mark Webber, varð annar í gær og Button varð þriðji. **- óþ**



skemmtilegri
MÁNUDAGAR
GLEE
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
BIG LOVE
ÞRIÐJUDAGAR
TWO & A HALF MEN
THE BIG BANG THEORY
CHUCK
BURN NOTICE
MIÐVIKUDAGAR
GOSSIP GIRL
GREY'S ANATOMY
MEDIUM
TRUE BLOOD
FIMMTUDAGAR
ELDSNÖGGT MEÐ JÓA FEL
NCIS
FRINGE
FÖSTUDAGAR
AUDDI OG SVEPPI
LOGI Í BEINNI
LOVE GURU
MYSTERY MAN
LAUGADAGAR
FJÖLSKYLDUBÍÓ
MADE OF HONOR
WORLD TRADE CENTER
NEXT
SUNNUDAGAR
SJÁLFSTÆTT FÓLK
FANGAVAKTIN
MENTALIST
NUMBERS
MAD MEN
SJÁÐU RESTINA AF FANGAVAKTINNI,
JÓLADAGSKRÁ STÖÐVAR 2
OG WIPEOUT
Á AÐEINS
6.490 KR.
Á MÁNUÐI Í 3 MÁNUÐI
FYRIR KREDITKORTHAFA VISA
VISA
ÓGLEYMANLEG NÓVEMBERKVÖLD
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Anne Heche**

„Ég þoli ekki þegar aðrir reyna að segja mér hvað ég á að gera eða hvernig ég á að vera. Ég þröngva heldur ekki mínum ráðleggingum upp á aðra.“

***Heche fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Volcano sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SVAVAR HÁVARÐSSON OG NÝJASTA TÆKNI OG VÍSINDI

## *Brennum sundbolina og gefum öllum að borða*



Í Kaliforníu er verið að vinna að tilraun sem gæti bylt heiminum eins og við þekkjum hann. Í risabyggingu nokkurri verður leysigeislum skotið á ógnarhraða á örlítinn dropa af vetni. Hitinn og þrýstingurinn sem mun myndast skilja bara hámenntaðir eðlisfræðingar en ég veit að þeir eru að myndast við að búa til stjórnanlegan kjarnasamruna sem gefur endalausa orku. Í raun er verið að reyna að endurskapa kjarnasamrunann sem verður á sólinni. Það er sem sagt verið að búa til litla sól þarna vestur í Bandaríkjunum, og megi Guð lofa að sólarframleiðslan þeirra komist aldrei á stóriðjustigið. Það er hægt að sjá það fyrir sér að mannkynið missi tökin á þessari nýju tækni með fyrirsjáanlegri niðurstöðu. Frétta er að vænta eftir tvö til þrjú ár, segja heimildamyndasmiðir á vegum Discovery-sjónvarpsstöðvarinnar, og þá vitum við hvort mannkynið er komið með hinn endanlega orkugjafa í hendurnar. Niðurlag þeirra í myndinni var spurning sem var látið ósvarað: Ættum við að bíða með að virkja fleiri fossa, bora niður í jarðskorpuna og ekki síst byggja fleiri orkuver sem brenna kolum?

Það er heillandi að mannkynið skuli alltaf finna sköpunargleði sinni farveg og láta einskis ófreistað við að leysa aðsteðjandi vandamál. Þegar hópur manna fær tíma og fjármagn virðist ekkert ómögulegt. En hvernig ætli þetta hafi farið af stað, sagði vísindamaður við vísindamann: „Sólin framleiðir endalausa orku, vantar okkur ekki svoleiðis?“ Svaraði hinn vísindamaðurinn þá: „Bíddu, ég skal hringja nokkur símtöl og athuga hvað það kostar“?

Þessi litla saga af framleiðslu sólar hefur þann móral að við eigum ekki að safna saman fallegum konum til að horfa á þær heldur eigum við að hlusta á þær. Söfnum þeim saman og leyfum þeim að tjá sig. Niðurstaða þeirrar hugmyndavinnu yrði væntanlega: „Við viljum gefa heiminum að borða.“ Þá er bara eftir að fjármagna verkefnið því ef við getum búið okkur til sól; þá getum við líka gefið öllum að borða.

## MÁNUDAGUR



▶ **20.00** Volcano STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.55** So You Think You Can Dance STÖÐ 2



▶ **20.55** Melrose Place SKJÁREINN



▶ **21.15** Glæpahneigð SJÓNVARPIÐ



▶ **22.15** Fangavaktin STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Sammi** (46:52)

**17.37 Pálína** (8:28)

**17.42 Stjarnan hennar Láru** (3:22)

**17.55 Útsvar** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Mennskum mönnum ofvaxið** (Beyond Human Limits) (2:3) Franskur heimildamyndaflokkur í þremur þáttum um þolmörk mannslíkamans. Í þessum þætti er fjallað um súrefnisskort.

▶**21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (58:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýnir í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Trúður** (Klovn V) (5:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.

**22.50 Hófsöm rjúpnaveiði** Stuttur þáttur sem Sigmar B. Hauksson hefur gert fyrir Umhverfisráðuneytið. (e)

**23.05 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (1:13) (e)

**23.50 Spaugstofan** (e)

**00.15 Kastljós** (e)

**00.55 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**06.30 Volcano**

**08.10 Addams Family Values**

**10.00 My Date with Drew**

**12.00 The Adventures of Brer Rabbit**

**14.00 Addams Family Values**

**16.00 My Date with Drew**

**18.00 The Adventures of Brer Rabbit**

▶**20.00 Volcano** Hörkuspennandi stórslysamynd með Tommy Lee Jones og Anne Heche í aðalhlutverkum.

**22.00 Backbeat**

**00.00 Idlewild**

**02.00 Tarnation**

**04.00 Backbeat**

**06.00 Something New**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 The Doctors**

**10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (7:10)

**10.55 60 mínútur**

**11.45 Beauty and the Geek** (3:10)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hot Shots!**

**14.25 ET Weekend**

**15.10 The New Adventures of Old Christine** (9:10)

**15.35 The Big Bang Theory** (13:17)

**15.55 Njósnaskólinn**

**16.18 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (8:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (7:25)

**19.45 Two and a Half Men** (12:24)

**20.10 Glee** (1:22)

▶**20.55 So You Think You Can Dance** (7:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku.

**21.40 So You Think You Can Dance**

**22.25 Big Love** (8:10) Bill Henrickson lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.

**23.15 Neil Young. Heart of Gold** Tónlistarmynd frá Óskarsverðlaunaleikstjóranum Jonathan Demme. Myndin var tekin upp á tvennum tónleikum sem Neil Young hélt í Nashville í ágúst 2005.

**01.00 True Blood** (6:12)

**01.50 Rescue Me** (5:13)

**02.35 Dead Meat**

**04.00 Hot Shots!**

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Bordeaux - Mónakó** Útsending frá leik í franska boltanum.

**17.40 Bordeaux - Mónakó** Útsending frá leik í franska boltanum.

**19.20 F1. Við endamarkið** Keppni helgarinnar krufin til mergjar.

**20.00 24/7 Pacquiao - Cotto** Hitað upp og fylgst með undirbúningi fyrir bardagann.

**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

**22.00 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar.

**23.15 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Birmingham - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Everton - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**18.45 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993.

**19.15 Birmingham - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**22.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.30 Man. Utd. - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Spjallið með Sölva** (6:13) (e)

**08.00 Dynasty** (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (6:13) (e)

**12.50 Pepsi MAX tónlist**

**16.35 Game Tíví** (7:14) (e)

**17.05 Dynasty**

**17.55 Skemmtigarðurinn** (7:7) (e)

**18.50 Fréttir** Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.

**19.05 King of Queens** (13:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)

**19.30 America's Funniest Home Videos** (48:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.00 90210** (5:22) Naomi kemst að því að einkunnir hennar eru ekki nógu góðar til að komast í þann háskóla sem hún vill og fer í einkatíma en sætur háskólanemi stelur athygli hennar.

▶**20.55 Melrose Place** (5:13) Ella er tekin til yfirheyrslu eftir að lögreglan fær ábendingu frá Jane varðandi morðið á Sydney.

**21.50 Fréttir** (e)

**22.05 CSI. New York** (8:25) Fimmta þáttaröðin um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.

**22.55 The Jay Leno Show** Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á létta strengi.

**23.45 Harper's Island** (8:13) (e)

**00.35 United States of Tara** (2:12) (e)

**01.10 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Hugspretta** Andri Heiðar Kristinsson fjallar um nýjungar, frumkvöðla og framsýni.

**21.00 Léttari leiðir Gaua litla** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson hafa umsjón með þættinum.

**21.30 Í nærveru sálar** Líðan barna í samfélaginu eftur hrun. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, lektor við HR er gestur þáttarins.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

**Glee**




Frumleg og skemmtileg gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður. Þetta eru drepfyndnir þættir þar sem staðalmyndir menntaskólalífsins fá rækilega á baukinn og allir bresta í söng.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**CSI: New York**

### Skjáreinn kl. 22.05

Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Í kvöld er það hundraðasti þátturinn sem fer í loftið og Mac fæst nú við hættulegasta andstæðing sinn til þessa. Það er raðmorðingi í New York sem er að drepa alla sem heita Mac Taylor. Chris Daughtry, Rumer Willis, Nelly og Julia Ormond fara með gestahlutverk í þættinum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Á eigin vegum
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Frá Tónskáldaþinginu í París
**23.05** Lostafulli listræninginn
**23.45** Úr kvæðum fyrri alda
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (24:26)
**17.00 Doctors** (25:26)
**17.30 E.R.** (14:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.15 Seinfeld** (16:24)
**18.45 Doctors** (24:26)
**19.15 Doctors** (25:26)
**19.45 E.R.** (14:22)
**20.30 Seinfeld** (16:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Jamie At Home** (11:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima og notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum sínum.
▶**22.15 Fangavaktin** (6:8) Eftir hungurverkfallið fær Georg loksins fræðasetrið sitt og virkjar allt fangelsið í uppsetningu þess. Daníel á hinn bóginn fær að fara í bæjarferð á meðan Ólafur hittir pabba sinn aftur.
**22.55 Numbers** (16:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.40 Mad Men** (3:13)
**00.30 The 4400** (12:13)
**01.15 Ástríður** (11:12)
**01.45 Auddi og Sveppi**
**02.15 Sjáðu**
**02.40 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** My Hero **12.55** Blackadder Goes Forth **13.25** My Family **13.55** My Hero **14.25** Never Better **15.00** The Weakest Link **15.45** Blackadder Goes Forth **16.15** My Family **16.45** My Hero **17.15** Never Better **17.50** EastEnders **18.20** The Weakest Link **19.05** My Family **19.35** Coupling **20.05** No Heroics **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** The Innocence Project **21.55** My Family **22.25** Coupling **22.55** The Catherine Tate Show **23.25** Never Better

## DR 1

**12.20** OBS **12.30** Strömsö **13.10** Landsbyhospitalet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Spam **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Byggemand Bob **16.40** Benjamin Bjorn **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Til Tasterne **19.00** Verdens værste naturkatastrofer **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Seinfeld **23.15** Seinfeld **23.40** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Andre avenyen **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Små Einsteins **17.25** Trond med hammer'n **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Tingenes tilstand **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Livet i Fagervik **21.15** Kvitt eller dobbelt - Fem dager igjen! **21.25** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Derrick **23.15** Kommunismen - draumen om eit paradis

## SVT 1

**12.25** Mitt liv som hund **14.05** Fotbollskväll **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Kysst av spriten **20.30** Fashion. Modeveckan i New York **21.00** Kanin à la Berlin **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Fallet **22.55** Dansbandskampen





HEYRUMST.IS

Í tilefni af tuttugu ára starfsafmæli á Íslandi hafa Barnaheill, Save the Children, opnað barna- og unglingavefinn heyrumst.is. Vefurinn er liður í því starfi Barnaheilla að hvetja börn og unglinga til að nýta sér þann rétt til tjáningar sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna tryggir þeim.

Heyrumst.is er opinn vettvangur þar sem allir undir 18 ára aldri geta látið í ljós skoðanir á málefnum sem snerta þá. Á vefnum, sem er á íslensku, ensku og pólsku, geta börn og unglingar einnig leitað stuðnings og ráðgjafar á sínum forsendum og notið nafnleyndar.

Barnaheill
Save the Children Iceland

Styrktaraðilar verkefnisins:
Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið
Félags- og tryggingamálaráðuneytið
HVÍTA HÚSIÐ
ATHYGLI ALMANNATENGSL
IKEA
ICELANDAIR GROUP

Einnig þökkum við Heillavinum, Pascal Pinon, Hallgrími Ólafssyni, hljómsveitinni Sour og öllum þeim fjölmörgu sem komu að verkefninu.

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann Rökkvi er fyrst og fremst að verða pabbi á hverri stundu og ég veit að hann verður góður pabbi því hann hefur alltaf verið góður við lítil börn. Þetta er lítil Laufey og við bíðum bara eftir að hún komi í heiminn.“*

Harpa Karlsdóttir, móðir Rökkva Vésteinssonar skemmtikrafts.

# Býður Arnari og Ívari á pósunámskeið

„Ég er búinn að bjóða þeim – ég myndi vilja fá þá á námskeið. Það þurfa allir á þessu að halda,“ segir vaxtarræktartröllið Magnús Þór Samúelsson og á þar við aðra risa; próteinbarónana Arnar Grant og Ívar Guðmunds.

Magnús og Olga Ósk Ellertsdóttir, kærasta hans, standa fyrir vikulegum pósunámskeiðum fyrir vaxtarræktarfólk í World Class. Arnar og Ívar hafa ekki enn þá mætt á námskeið, en Magnús býst við að þeir mæti á endanum.

Er ekki nóg að vera vöðvastæltur, þarf maður að læra að beita byssunum?

„Já, massaðasti maðurinn getur verið minnsti maðurinn á sviðinu, ef hann kann ekki að sýna vöðvana,“ segir Magnús Þór. „Menn læra að sýna það besta sem þeir hafa og fela gallana.“

Magnús Þór og Olga Ósk taka að sér hvort sitt kynið, hann sér um strákana og hún sér um stelpurnar. „Hún kennir þeim labbið og stöðuna sem stelpurnar þurfa að læra ásamt ráðleggingum um bikiní og annan klæðnað,“ segir hann. „Strákarnir eru aðeins flóknari, það þarf að hnykla vöðvana rétt. Það eru sjö skyldustöður sem þarf að taka og svo er rútína – ég fer yfir hana líka.“

Magnús segir að allir sem ætli að keppa í vaxtarrækt njóti góðs af námskeiðinu, byrjendur og lengra komnir. „Það er alltaf hægt að betrumbæta. Ég sé kannski eitthvað sem keppendurnir sjá ekki sjálfir,“ segir hann.

- afb



**SVONA Á AÐ GERA ÞETTA** Olga og Magnús Þór standa fyrir vikulegum pósunámskeiðum í World Class. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** fangi, **6.** umhverfis, **8.** sjáðu, **9.** útdeildi, **11.** í röð, **12.** étur allt, **14.** einkennis, **16.** vörumerki, **17.** hár, **18.** kvenkyns hundur, **20.** samtök, **21.** laun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** endast, **3.** klaki, **4.** smjaðra, **5.** hlemmur, **7.** land í SA-Asíu, **10.** fálæti, **13.** efni, **15.** áfall, **16.** stykki, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gísl, **6.** um, **8.** sko, **9.** gaf, **11.** jk, **12.** alæta, **14.** aðals, **16.** ss, **17.** ull, **18.** tík, **20.** aa, **21.** kaup.

**LÓÐRÉTT: 1.** duga, **3.** ís, **4.** skjalla, **5.** lok, **7.** malasía, **10.** fæð, **13.** tau, **15.** slag, **16.** stk, **19.** ku.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Um 1.100 manns.
2. 100 milljarða evra.
3. Stjörnuna.






**AÐ SÆÐA BELJU** Sverrir hreinsar endaþarminn á belju í Hrútafirði áður en sæðinu er sprautað inn í leg hennar. Endaþarmurinn verður að vera alveg hreinn áður en þetta er gert. Skúli bóndi fylgist grannt með að allt sé gert á réttan hátt. Til hliðar er Auddi en beljan hreifst mjög af honum að sögn Sveppa.

**SVERRIR ÞÓR:** FÉKK AÐ KYNNAST ÍSLENSKRI SVEITASÆLU OG LÍKAÐI VEL

# Sælusvipur á beljunni þegar Auddi Blö sæddi hana

„Þetta er alveg á pari við kúamykjuna sem við köfuðum ofan í í Húsdýragarðinum hérna um árið,“ segir Sverrir Þór Sverrisson, sjónvarpsmaður og kvikmyndastjarna. Hann fór ásamt félaga sínum, Auðuni Blöndal, á bæinn Tannstaðabakka í Hrútafirðinum og kynnti sér hvernig daglegt líf íslenskra bænda fer fram. Afraksturinn verður sýndur í þætti þeirra en hápunkturinn var eflaust þegar Auðunn og Sverrir fengu að sæða belju. „Þetta er mjög sérstakt ferli, mennirnir sem eru að vinna í þessu dags daglega eru eldsnöggir og fyrir þá er þetta náttúrlega ekkert mál.“ Sama verður ekki sagt um borgarbörnin þótt sjónvarpsmennirnir tveir hafi borið sig nokkuð vel miðað við aðstæður.

Sverrir útskýrir að menn þurfi að ganga í skugga um að endaþarmur beljunnar sé alveg hreinn. „Þú ferð með hendina alveg inn og þarft að kafa nokkuð djúpt,“ segir Sverrir og bætir því við að beljan hafi sýnt Auðuni nokkurn áhuga. „Eina skiptið sem beljan sýndi sælusvip var þegar Auðunn gerði þetta. Hann kom sjálfum sér annars nokkuð á óvart því hann er nú þekktur fyrir að vera ekkert mikið fyrir ógeðslega hluti en kláraði þetta.“

Annars fannst sjónvarpsmanninum magnað að taka á móti þrettán þúsund lifandi kjúklingum sem voru fluttir í bæinn með sendiferðabíl en hreifst mest af rollunum. „Ég er mikill kindamaður, þær eru svolítið eins og mannfólkið, finna sér forystusauð og elta hann alveg út í eitt. Sjálfur myndi ég hins vegar aldrei vilja vera kind en ég skil núna af hverju Bjarni Ármanns er alltaf hangandi uppi í sveit, það er voðalega gott að komast frá amstri dagsins.“

Skúli Einarsson, staðarhaldari á Tannstaðabakka, var nokkuð sáttur við það sem hann sá til strákanna þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Þeir hafi verið reiðubúnir að prófa allt. Hann taldi þá vel geta plummað sig sem bændur. „Þeir eru svo miklir félagar og þekkja hvor annan svo vel að þetta starf ætti ekkert að flækjast fyrir þeim,“ segir Skúli.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Verðlaunahöfundurinn Erling Jepsen var beðinn um að mæla með fjórum bókum sem allir ættu að lesa á vef Gyldendal-forlagsins. Jepsen þessi varð stórstjarna í Danmörku þegar bók hans Listin að gráta í kór kom út en hún varð seinna kveikjan að samnefndri kvikmynd. Jepsen velur meðal annars Fávitann eftir Dostojevski og Rokland eftir **Hallgrím Helgason**.



Leikstjóri kvikmyndarinnar Jóhannes, **Þorsteinn Gunnar Bjarnason**, og aðstandendur Algjörs svepps eru vafalítið farnir að kæla kampavínið. Allt sem Laddi snertir virðist breytast í gull og hið sama á augljóslega við um Sveppa. Jóhannes braut 20 þúsund gesta múrinn á miðvikudagskvöldið og Algjör sveppur og leitin að Villa náði því takmarki að fá þrjátíu þúsund gesti um helgina.



Tökur á Áramótaskaupi Ríkissjónvarpsins hefjast í vikunni. **Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri** hefur haldið mikilli leynd yfir verkefninu en þó er vitað að mikið er lagt í smíðavinnu og hafa hamarshljóð ómað um Efstaleitið öll kvöld. Leikhópurinn er smám saman að skríða saman þótt hann hafi ekki verið gerður opinber en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu einhverjir ungleikarar þreyta frumraun sína að þessu sinni.

- fgg




# Stjarna í áströlskum fótbolta

Páll Tómas Finnsson er ein helsta stjarnan í Evrópu þegar kemur að áströlskum fótbolta. Hann hefur stundað íþróttina í tæp fimmtán ár, fyrst í Danmörku við góðan orðstír og nú í Frakklandi. Páll hefur náð því afreki að leika með þremur landsliðum í íþróttinni, því danska, franska og síðast því íslenska. Páll er nú búsettur í París, er fyrirliði liðsins í borginni og varð nýverið Frakklandsmeistari. Hart er sótt að honum að sækjast eftir kjöri forseta Evrópusambands ástralsks fótbolta á stofnfundi þess sem haldinn verður í Frankfurt í janúar á næsta ári.

Páll er hógvær þegar þetta er hermt upp á hann, að hann sé ein helsta stjarnan í þessari harðskeyttu íþróttagrein. „Ég spilaði í Skandinavavíu lengi og hef því kynnst mjög mörgum enda er þetta tiltölulega ung íþrótt í Evrópu. Maður er því farinn að kannast við ansi marga í kringum þetta,“ segir Páll. Bróðir Páls, Jón Hrói Finnsson, kynnti hann fyrst fyrir íþróttinni í Danmörku og hann kolféll strax fyrir henni. „Hún hefur leikið ansi stórt hlutverk í veigamiklum ákvörðunum sem ég hef tekið. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég flutti frá Danmörku til Parísar var til að mynda að athuga hvort borgin væri ekki örugglega með lið í áströlskum fótbolta,“ útskýrir Páll.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi er í kringum tuttugu manna hópur sem æfir íþróttina hér á landi og Páll segist vera ákaflega sáttur við það sem hann hafi séð til drengjanna. „Ég held að þessi íþrótt geti alveg slegið í gegn hér. Þeir sem hafa æft handbolta hafa náð mjög fljótt góðum tökum á henni og er hún ekki þjóðaríþróttin okkar?“

- fgg



**KOLFÉLL FYRIR ÍÞRÓTTINNI** Páll Tómas hefur afrekað að leika með þremur mismunandi landsliðum í áströlskum fótbolta.


BYLGJAN 989
Nóa Konfekt
Kringlan
Dívurnar, tenorarnir & góðir gestir
FROSTRÓSIR 2009
Jóhann Friðgeir
Garðar Thór Cortes
Friðrik Ómar
Ragga Gísla
Margrét Eir
Hera Björk
Guðrún Gunnars
30 manna stórhljómsveit Frostrósa, Karlakórinn Fóstbræður, Stúlknakór Reykjavíkur, Gospelraddir Domus Vox, Vox Feminae og Íslenski gospelkórinn. - Tónlistarstjóri: Karl O. Olgeirsson - Hljómsveitarstjóri: Árni Harðarson
Mest sóttu tónleikar á Íslandi síðustu ár
Höllinni Akureyri
6. desember
ATH: Einnig númeruð sæti á Akureyri
Laugardalshöll
12. desember
Heildarsafn Frostrósa kemur í verslanir 6. nóvember
5 CD & 2 DVD
Sérstakir gestir:
Högni og Sigríður Thorlacius úr Hjaltalín
ásamt Heiðu Ólafs, Edgari Smára o.fl.
MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10:00 Á midi.is
Einnig verður hægt að nálgast miða í Skífunni RVK og á afgreiðslustöðum Póstsins á tónleikastöðum um landið
FROSTRÓSIR UM LANDIÐ
Þau Margrét Eir, Hera Björk, Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar munu færa landsmönnum jólin með Frostrósum ásamt hrynsveit Frostrósa, strengjakvartett og barnakór auk ýmist tenoranna Jóhanns Friðgeirs eða Garðars Thórs Cortes.
Nánar á frostrosir.is
1/12 Höllin Vestmannaeyjum kl. 20:00
2/12 Íþróttahúsið Höfn kl. 20.00
3/12 Kirkju- & menningarmiðst. Fjarðabyggð kl. 21:00
4/12 Egilsstaðakirkja kl. 21:00
7/12 Miðgarður, Varmahlíð kl. 20:00
9/12 Klif, Ólafsvík kl. 20:00
10/12 Ísafjarðarkirkja kl. 21:00
Flugfélag Íslands
...með Frostrósum um landið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Saga Capital FJÁRFESTINGARBANKI

sagacapital.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Óli Palli í hnappgelduna

Útvarpsmaðurinn og tónlistargrúskarinn **Ólafur Páll Gunnarsson** gekk að eiga **Stellu Maríu Sigurðardóttur** um helgina. Athöfnin fór að sjálfsögðu fram í Akraneskirkju, en fáir eru jafn yfirlýstir Skagamenn og Óli. Óli er líka mikill aðdáandi írsku eilífðarrokkaranna í U2 svo að það má nánast slá því föstu að ofurballaðan With or Without You hafi fengið að hljóma í veislunni – ætli Óli hafi ekki bara tekið upp hljóðnemann sjálfur?



### Engin kaka í ofninum

Vinum og vandamönnum sjónvarpskonunnar og leikstjórans **Þóru Tómasdóttur** brá í brún um helgina þegar glaðleg tilkynning birtist á fésbókarsíðu hennar: „Er með köku í ofninum… 27 vikur to go!“ Hamingjuóskunum rigndi yfir Þóru frá vinum sem töldu hana og sjónvarpsmanninn **Sigmar Guðmundsson** eiga von á barni næsta vor. Síðar kom í ljós að tilkynningin hafði verið gabb sem skrifast á reikning Kristínar, systur Þóru, sem virðist ekki eiga von á góðu í næsta fjölskylduboði.



### RÚV umfaðmar Evrópu

Víða í samfélaginu virðast nú þokast af stað hlutir sem legið hafa í salti meðan mesta óvissan ríkti hér um efnahagsframvindu. Þannig hefur verið á teikniborðinu um langt skeið hjá Ríkisútvarpinu að efla Evrópuumfjöllun með því að hafa fréttaritara í Brussel. Nú er komin hreyfing á þau mál og er fréttakonan **Ragnhildur Thorlacius** í startholunum að flytja út, en tekur þangað til sæti **Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur** sem þingfréttakona Útvarps og Sjónvarps.



- afb/óká

## Mest lesið visir.is

1. Segir Egil Helgason hafa lagt son sinn í einelti
2. Kaupþing eignist 40% í Högum
3. Strokupiltur fannst á Akureyri
4. Kærasti Jordan svaf hjá stelpustrák
5. Get ekki samþykkt frumvarp um Icesave




